


skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Markaðurinn




-50% af öllum sokkum og sokkabuxum
Europris
Nýr tilboðsbæklingur í dag


# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
2. nóvember 2011
256. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011


# Hagar á markað í desember

**Dótturfélag Arion banka mun selja 20 til 30% hlut í Högum. Fyrsta nýskráningin í Kauphöll frá hruni. Fagfjárfestum og almenningi býðst að kaupa hlut. Stefnt er að því að 40 til 50 félög verði skráð í Kauphöll árið 2015.**

**VIÐSKIPTI** Smásölurisinn Hagar verður skráður í Kauphöll Íslands í almennu útboði dagana 5. til 8. desember. Þetta verður fyrsta nýskráningin í Kauphöllinni frá bankahruni. Eignabjarg, dótturfélag Arion banka, ætlar þá að selja 20 til 30% hlut í félaginu. Eignabjarg á nú alls 61,7% hlut.

Halldór Bjarkar Lúðvíksson, framkvæmdastjóri fjárfestingabankasviðs Arion banka, segir bankann halda eftir að minnsta kosti 19% hlut í félaginu. Það hafi verið hluti af samkomulagi sem gert var við Búvelli slhf. þegar það félag keypti 34% kjölfestuhlut í Högum í febrúar. „Við vitum ekki hver eftirspurnin verður og því er ekkert óvanalegt að gera þetta svona, en líka til að stuðla að ákveðinni dreifingu í eigendahópi félagsins og auka þannig líkurnar á því að eftirmarkaður með bréfin verði virkur. Þegar Búvellir keyptu var það sett sem skilyrði að við frumskráningu á félaginu myndum við halda eftir að minnsta kosti 19% hlut í tólf mánuði, einmitt til að tryggja að einstakur fjárfestir næði ekki yfirráðum í félaginu. Það er þó sá fyrirvari á þessu að Samkeppnis- eða Fjármálaeftirlitið setji því eignarhaldi ekki skorður.“

Halldór segist reikna með að strax og tólf mánaða læsingin verði liðin muni Eignabjarg selja það sem eftir er af hlutnum í Högum í gegnum Kauphöllina.

> Þetta hefur ekki síður mikla þýðingu fyrir viðskiptaumhverfið þar sem aðalfarvegir fjármagnseigenda til atvinnulífsins hafa verið stíflaðir.
>
> **PÁLL HARÐARSON**
> FORSTJÓRI KAUPHALLARINNAR

Búist er við því að fimm stór fyrirtæki verði í kjölfarið skráð á markað.

Heimildir Fréttablaðsins herma að þar sé um að ræða Fjárfestingafélagið Horn, Tryggingamiðstöðina, Fasteignafélagið Regin, Fasteignafélagið Reiti og Skýrr í þessari röð. Auk þeirra er talið að á annað tug fyrirtækja hafi áhuga á skráningu á næstu misserum.

Stefnt er að því að á bilinu 40 til 50 félög verði skráð í Kauphöll Íslands árið 2015.

Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, segir þessa fyrstu nýskráningu frá hruni hafa mikla þýðingu.

„Þetta hefur ekki síður mikla þýðingu fyrir viðskiptaumhverfið þar sem aðalfarvegir fjármagnseigenda til atvinnulífsins hafa verið stíflaðir. Þar á ég við bæði bankana og Kauphöllina. Það er því geysilega mikilvægt að koma þeim af stað aftur. Án þeirra verður lítill hagvöxtur.“

**- þsj /** **sjá Markaðinn í miðju blaðsins**



## Mikill áhugi

*Sæunn Ingibjörg Marinósdóttir og Sigrún Jóhannsdóttir eru á bak við vefinn Innihald.is.*

**fólk 32**

## Berjast fyrir rétti sínum

*Tólf heimildarmyndir um fólk sem berst fyrir rétti sínum sýndar á kvikmyndadögunum (Ó)sýnileg.*

**menning 28**



## Messi-deildin

*Lionel Messi skoraði þrennu og Barca er komið áfram í 16 liða úrslitin.*

**sport 36**

## veðrið í dag




**HVASST VÍÐA UM LAND** Í dag má búast við 10-18 m/s, hvassast verður á Vestfjörðum og Snæfellsnesi og SA-til síðdegis. Snjókoma eða él N-til en fer að rigna SA-til er líður á daginn.

**VEÐUR 4**



**HJÓLABRETTAFEÐGAR** Hinn þrettán ára gamli Sigfinnur Böðvarsson nýtur leiðsagnar pabba síns, Böðvars Þórissonar, sem var með þeim fyrstu sem renndu sér á hjólabretti hérlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Feðgarnir Böðvar Þórisson og Sigfinnur Böðvarsson eiga sama áhugamál:

# Tvær kynslóðir á hjólabretti

**FÓLK** Sigfinnur Böðvarsson var valinn besti hjólabrettakappinn í flokki fjórtán ára og yngri á BMX- og hjólabrettakeppni DC Global Trips í Laugardalshöll um nýliðna helgi.

Böðvar Þórisson, faðir hans, stendur að baki honum og skilur ástríðuna fyrir brettaiðkuninni vel, enda smitaðist hann sjálfur af bakteríunni fyrir nærri fjörutíu árum. „Það voru sáralitlar eða engar aðstæður til hjólabrettaiðkunar, maður var helst að elta einhvern stað þar sem var nýbúið að malbika,“ segir Böðvar.

Sigfinnur segist stefna að því að ná lengra en faðir hans í íþróttinni, en Böðvar skipti hjólabrettinu út fyrir snjóbretti fyrir alllöngu. Sigfinnur segist ekki útiloka að stefnan verði tekin á atvinnumennsku „en ég get ekki valið á milli hjólabretta og snjóbretta, helst vil ég bara æfa bæði“.

**- bb /** **sjá síðu 42**

Heimamarkaður hruninn:

# Æðardúnninn allur til útlanda

**VIÐSKIPTI** Markaðshlutdeild íslensks æðardúns er um 80 til 90 prósent á heimsmarkaði og ljóst að um sjaldgæfa og verðmæta íslenska afurð er að ræða. Heimamarkaðurinn hefur hins vegar að mestu horfið.



**GUÐBJÖRG H. JÓHANNESDÓTTIR**

„Áður fyrr áttu flestir Íslendingar æðardúnsængur en síðustu ár og áratugi hefur nær allur íslenskur æðardúnn farið í útflutning enda eftirspurnin mikil og útflutningsverðið gott. Við ættum hins vegar að vera leiðandi og stolt af þessari vöru en æðardúnsængurnar eru vel metnar erlendis og seljast sumar á yfir tvær milljónir stykkið,“ segir Guðbjörg Helga Jóhannsdóttir, atvinnu- og hlunnindaráðgjafi Bændasamtakanna.

**- ve /** **sjá síðu 22**




BRENNIR YFIR 200 KALORÍUR
www.aspire.er.is
Hagkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Kostur

OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í Skeifunni
Office1

Er svefninn vandamál?
Verðlaunuð náttúruafurð úr Bygg- og Hveitigrösum




Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum

## SPURNING DAGSINS



*Árni, synda ferðamenn í peningum?*

„Nei, en spurning hvort sundlaugarnar bjóða upp á á það."

Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu skoða nú tillögu um að hækka verulega gjald fyrir stakar sundferðir þannig að ferðamenn greiði upphæðir sem svari betur til kostnaðarins af rekstri lauganna. Árni Gunnarsson er formaður Samtaka ferðaþjónustunnar.

Djúp dýfa eftir að boðað var til þjóðaratkvæðagreiðslu í Grikklandi:

# Óróleiki á mörkuðum heimsins

**VIÐSKIPTI** Ákvörðun Georgs Papandreús, forsætisráðherra Grikklands, um að vísa björgunarpakka evrusvæðisins til þjóðaratkvæðagreiðslu olli mikilli ókyrrð á mörkuðum heimsins í gær.

Í samkomulaginu felst bæði niðurfelling helmings skulda Grikklands og 100 milljarðar evra í ný lán, en einnig mikill niðurskurður á ríkisútgjöldum og skattahækkanir, sem hafa valdið mikilli úlfúð meðal almennings í Grikklandi.

Dow Jones-vísitalan féll um nær 300 punkta og hlutabréf stórra banka eins og Citigroup og JP Morgan féllu skarpt.

Vísitölur féllu einnig víða um Evrópu. Á Ítalíu féll markaðurinn um 6,8 prósent, 5,4 í Frakklandi og 5 í Þýskalandi.

Bandaríkjadalur styrktist hins vegar sem og ríkisskuldabréf og aðrar tryggari fjárfestingar.

Gríska stjórnin fundaði um ástandið í gærkvöldin en vantrauststillaga verður lögð fram á þingi á föstudag. Papandreú mun einnig hitta aðra leiðtoga ESB-ríkja á næstu dögum í tengslum við fund G20-ríkjanna. - þj / sjá síðu 6



**Á NIÐURLEIÐ** Hlutabréfamarkaðir í Bandaríkjunum og Evrópu tóku dýfu vegna ástandsins í Grikklandi. NORDICPHOTOS/AFP

Ban Ki-moon bjartsýnn:

# Samkomulag á Kýpur í janúar

**SÞ, AP Samningur um sameiningu gríska og tyrkneska hlutans á Kýpur verður að veruleika í janúar, að mati Bans Ki-moon, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Hann segist hafa átt uppbyggilegar viðræður við leiðtoga beggja þjóðarbrotanna.**

**„Báðir leiðtogarnir hafa fullvissað mig um að þeir telji sig geta komist að samkomulagi," sagði Ban í gær. Í sumar sagðist hann reyndar búast við slíku samkomulagi í október, sem leið án þess að samningar tækjust.** - gb



**ÞÚ SKALT EKKI LISTAR NJÓTA** Styttur bæjarins voru huldar plasti í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Listalausi dagurinn:

# Fólk hvatt til að sniðganga list

**FÓLK Landsmenn voru í gær hvattir til að sniðganga listina, hvaða form sem hún tók sér. Listalausi dagurinn, kallaðist átakið, sem var að undirlagi Bandalags íslenskra listamanna.**

**Útbúinn var listi yfir það sem skyldi forðast, meðal annars söfn, öll myndverk, tónlist, tölvuleiki, skáldsögur aðrar fagurbókmenntir, kvikmyndir, byggingar og garða hannaða af arkitektum og tískufatnað. Markmiðið var að fá fólk til að velta fyrir sér þýðingu listar í samfélaginu.** - sh

Barnaverndarmál á Akranesi:

# Ákærður fyrir að níðast á fjórtán ára dreng

**DÓMSMÁL** Ákæra hefur verið gefin út á hendur einum þriggja karlmanna sem kærðir voru fyrir að níðast á fjórtán ára pilti á Akranesi. Þetta kom fram í fréttum RÚV í gær.

Maðurinn er ákærður fyrir að hafa mök við drenginn og greiða honum fyrir. Hinir mennirnir tveir eru grunaðir um hið sama. Mál annars þeirra er enn til rannsóknar hjá lögreglu og hitt bíður afgreiðslu hjá ríkissaksóknara.

Einn mannanna þriggja var kennari við Fjölbrautaskóla Vesturlands. Hann var sendur í ótímabundið leyfi þegar það kom upp. - sh

# Töldu óþarft að vara við eitri í Fossvogsdal

**Rottueitur fór óvart í regnvatnsbrunna og barst í Fossvogslæk. Borgin taldi óþarft að vara fólk við. Það hafi helst verið ástæða til að fylgjast með hundum. Tilkynningum um rottur fækkar. Þær eru þó að nema ný lönd austan Elliðaáa.**

**UMHVERFISMÁL** „Þetta veldur kannski ótta hjá fólki en við töldum ekki þá hættu stafa af þessu að það væri ástæða til að senda út tilkynningu," segir Guðmundur B. Friðriksson, hjá umhverfissviði Reykjavíkurborgar, um rottueitur sem fyrir misgáning barst í Fossvogslæk.

Guðmundur segir að í Fossvogi hátti þannig til að frárennsliskerfið sé tvöfalt þannig að regnvatnið sé aðskilið frá skolpinu. Fyrir mistök hafi í sumar verið settir vaxstaukar með rottueitri í regnvatnsbrunna í hverfinu. Í miklum rigningum síðari hluta september hafi þessir staukar síðan verið að skila sér niður settjörn í dalnum. Ekki var send út viðvörun frá borginni en í síðustu viku var greint frá því á heimasíðu Kópavogsbæjar að starfsmenn bæjarins hefðu þá hreinsað upp 84 eiturstauta úr Fossvogslæk.

Guðmundur segir að starfsmenn borgarinnar hafi hreinsað upp rottueitur úr settjörninni og séu ennþá að hreinsa úr brunnunum. Net hafi verið sett fyrir útrásarop í settjörnina. Síðustu daga hafi ekki fundist fleiri eiturstautar. Vonandi sé búið að ná öllu eitrinu.

Aðspurður segir Guðmundur litla sem enga hættu stafa af rottueitrinu fyrir menn og gæludýr þeirra. Stautarnir séu ætlaðir í skolplagnir. Eftir að þeir komist í snertingu við sólarljós sé helmingunartími rottueitursins í þeim 2,1 klukkustund. Í læknum og settjörninni hafi stautarnir sokkið til botns þar sem erfitt sé að ná til þeirra.

„Það var dýralæknir sem sagði hugsanlegt að tengja þetta við ketti sem hefðu drepist í Fossvogi en sagði þó engar sannanir fyrir því. Ég held að það sé alveg ljóst að kettir sækja ekki í að éta þetta. Það væri ástæða fyrir fólk til að fylgjast með hundum sínum en þeir myndu þurfa að kafa eftir staukunum. Maður hefur heyrt af dæmum úti á landi þar sem hundar hafa étið rottueitur en þá er bara gefið lyf við því," segir Guðmundur og ítrekar að borgarstarfsmenn telji sig hafa hreinsað allt upp úr tjörninni.

Tilkynningum um rottur í íbúðarhverfum hefur fækkað verulega. „Við vorum með um fimm hundruð tilkynningar á ári en þær eru um tvö hundruð núna," segir Guðmundur sem kveður rotturnar hins vegar vera að færa sig austar í borginni. Þetta hafi Orkuveitan merkt við skoðun á lögnum sínum. „Við höfum aldrei eitrað austan Elliðaáa eða í Breiðholti en það gæti komið til þess á næstu árum. Það gæti verið að rotturnar séu farnar að færa sig eitthvað austar." gar@frettabladid.is



**SETTJÖRN Í FOSSVOGSDAL** Bæjarstarfsmenn í Kópavogi og borgarstarfsmenn í Reykjavík hafa fiskað upp mikið af rottueitursstautum sem bárust í Fossvogslæk fyrir handvömm í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Eiríkur Guðnason er látinn

Eiríkur Guðnason, fyrrverandi seðlabankastjóri, er látinn. Hann var 66 ára gamall.



Eiríkur starfaði í Seðlabankanum í fjörutíu ár. Hann hóf störf við hagfræðideild bankans árið 1969, varð forstöðumaður peningamáladeildar 1977 og aðalhagfræðingur 1984. Frá árinu 1987 var hann aðstoðarseðlabankastjóri og seðlabankastjóri frá árinu 1994 til ársins 2009. Hann var viðskiptafræðingur að mennt.

Banamein Eiríks var krabbamein og lést hann á Landspítalanum á mánudag. Hann lætur eftir sig eiginkonu og fjögur börn.

Lagabreyting í Danmörku:

# Gjaldfrjáls meðferð við ófrjósemi

**DANMÖRK** **Meðferð við ófrjósemi verður aftur gjaldfrjáls í Danmörku, að því er danski heilbrigðisráðherrann, Astrid Krag, hefur greint frá.**

**Frá því að ný lög um greiðslur fyrir meðferðina tóku gildi 1. janúar síðastliðinn hefur meðferðum við ófrjósemi fækkað um 23,4 prósent miðað við sama tímabil í fyrra. Ráðherrann segir ekki réttlátt að stærðin á buddu fólks ráði því hvort það geti eignast börn.**

**Greiðslur einstaklinga vegna frjósemislyfja verða einnig lækkaðar verulega og verða eins og þær voru áður. Nýju lögin eiga að taka gildi á næsta ári.** - ibs


50

VIÐ ERUM 50 ÁRA
FAGNAÐU MEÐ OKKUR

50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLU

3.–5. NÓVEMBER FRÁ KLUKKAN 8:50–21:50

GLERAUGNA 65 SALAN

Gleraugnasalan | Laugarvegi 65 | 551 8780 | gleraugnasalan.is


Vegagerðin útilokar ekki að hætta með öllu að lýsa upp Reykjanesbraut:

# Slökkt á öðrum hverjum staur

**SAMGÖNGUR** Vegagerðin hefur dregið úr lýsingu á Reykjanesbraut um helming í sparnaðarskyni. Nú er slökkt á öðrum hverjum ljósastaur á leiðinni. „Mörgum vegfarendum finnst þægilegra að keyra við svona ljós en það er ekki þar með sagt að það auki umferðaröryggi," segir G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar.

„Þetta er bara hagræðing í rekstri. Við verðum að forgangsraða eins og aðrir," segir G. Pétur. Með þessu sparist um tíu milljónir á ári og rannsóknir bendi ekki eindregið til þess að lýsing á þjóðvegum auki umferðaröryggi. En til hvers er hún þá?

„Þú verður að spyrja þá sem settu hana upp á sínum tíma," segir hann. „Það er eiginlega hvergi í heiminum sem menn eru að lýsa þjóðvegi utan þéttbýlis. Víða erlendis hafa menn verið að taka niður svona lýsingu, hafi þeir á annað borð sett hana upp."

G. Pétur segir að í kjölfarið hljóti menn að skoða hvort ástæða sé til að hætta alfarið lýsingu á brautinni, fyrir utan á gatnamótum, sem áfram verði lýst. „Reyndar þyrfti frekar að gera meira af því að lýsa gatnamót úti á landi en ekki svona langar vegalengdir," segir hann. - sh



**DÝR BIRTA** Vegarðin ætlar að spara tíu milljónir á ári með því að draga úr lýsingu. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## ★ GULLTILBOÐ 1
# MANCHESTER

Skelltu þér í innkaupaleiðangur til Manchester. Þar er frábært að versla og hinir rómuðu jólamarkaðir borgarinnar koma þér í rétta jólaskapið. Gist á Jurys Inn sem er mjög vel staðsett hótel. Morgunverður innifalinn.

**3 nætur, 2.–5. des.**

FULLT VERÐ 72.900 KR.

**47.900 KR.***

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

**Innifalið:** Flug með Icelandair, flugvallarskattar og gisting með morgunverði á Jurys Inn Manchester.

Eingöngu fáanlegt á www.n1.is.
*Verð á mann. ATH. Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.

ICELANDAIR

PUNKTAR GILDA x25

FRÁBÆR FERÐ Á AÐVENTUNNI!



## ★ GULLTILBOÐ 2
# MADONNA DI CAMPIGLIO

Níu daga ferð til þessarar vinsælu ítölsku skíðaparadísar. Á þessu frábæra svæði eru 57 skíðalyftur í boði og fjöldinn allur af frábærum veitinga- og kaffihúsum. Gisting á hinu vel staðsetta St. Hubertus hóteli. Morgunverður innifalinn.

**9 nætur, 19.–28. jan.**

FULLT VERÐ 167.840 KR.

**127.840 KR.***

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

PUNKTAR GILDA x40

**Innifalið:** Flug með Icelandair og flugvallarskattar. Gisting með morgunverði á St. Hubertus og fararstjórn.

Eingöngu fáanlegt á www.n1.is.
*Verð á mann. ATH. Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.

vita FERÐASKRIFSTOFA

FRÁBÆR SKÍÐAFERÐ!



# ENN BETRI KAUP FYRIR N1 KORTHAFA

**★★ SALA HEFST Í DAG KL.12:00 Á N1.IS**

Gull- og silfurtilboð fást aðeins á N1.is

Þú getur keypt gull- og silfurtilboðin með N1 appinu

**ATH!**
Vörur keyptar á silfurtilboði fást nú afhentar í völdum verslunum og þjónustustöðvum um allt land



PUNKTAR GILDA x10

## ★ SILFURTILBOÐ 1
# TÖLVUSKJÁR
BenQ

- 24" VA-LED FULL HD 1080P 16:9
- 20.000.000:1 DCR og Senseye3 tækni
- 8ms GtG viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI-D HDCP, DisplayPort 1.2, VGA
- 178° True to Life Ultra Wide sjónarhorn
- Aukin myndgæði með Deep Black
- Upphækkanlegur snúningsfótur

FULLT VERÐ 49.900 KR.

**39.900 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

## ★ SILFURTILBOÐ 2
# BARNASTÓLL
Britax Adventure BILLY / OLIVIA

- Fyrir 4–11 ára, 16–36 kg
- Britax Adventure er bílsessa með baki
- Djúpar, mjúkar hliðar og höfuðpúði veita hámarks hliðarvörn
- Leiðbeinandi festing tryggir að axlabeltið leggst rétt yfir öxl barnsins
- Lögun sessunnar tryggir að mjaðmabeltið er á réttum stað á barninu
- Stillanlegur höfuðstuðningur
- Hentug hólf fyrir snarl og drykki

FULLT VERÐ 25.185 KR.

**13.185 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x12



PUNKTAR GILDA x20

## ★ SILFURTILBOÐ 3
# HRÆRIVÉL
Kenwood 4,6 l

- Vönduð Kenwood Chef Classic hrærivél
- 800w hljóðlátur mótor
- Blandari fylgir
- K járn, brauðhnoðari og þeytari fylgja
- Sjálfvirk styrkstilling, heldur sama styrk þó meira bætist í skálina
- Fjöldi aukahluta fáanlegur
- 4,6 lítra stálskál

FULLT VERÐ 59.995 KR.

**39.995 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

## ★ SILFURTILBOÐ 4
# TOPPASETT

- 200 stk af verkfærum í góðri áltösku á hjólum
- ¼" toppasett 4–14mm
- ½" toppasett 15–32mm
- Fastir lyklar 8–19mm
- Sexkantar
- Tangir
- Bitar

FULLT VERÐ 34.950 KR.

**24.950 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x10



PUNKTAR GILDA x10

## ★ SILFURTILBOÐ 5
# KJARVAL

Bókin um Jóhannes S. Kjarval er veigamesta og glæsilegasta verk sem gefið hefur verið út um íslenskan listamann en Kjarval hefur löngum verið talinn meistari íslenskra myndlista. Bókin fæst bæði í íslenskri og enskri útgáfu.

FULLT VERÐ 18.900 KR.

**8.900 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

## ★ N1TILBOÐ
### ÍSLAND-OPOLY

FULLT VERÐ
7.490 KR.

**4.490 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x3



PUNKTAR GILDA x8

## ★ N1TILBOÐ
### REMINGTON SLÉTTUJÁRN

FULLT VERÐ
13.900 KR.

**5.900 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**

## ★ N1TILBOÐ
### HEYRNARTÓL MEÐ HLJÓÐNEMA OG VEFMYNDAVÉL

FULLT VERÐ
6.990 KR.

**2.990 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x4



PUNKTAR GILDA x2

## ★ N1TILBOÐ
### ELDUM ÍSLENSKT MEÐ KOKKA-LANDSLIÐINU

FULLT VERÐ
4.900 KR. STK.

**2.900 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**

## ★ N1TILBOÐ
### DVD
LÆRUM OG LEIKUM MEÐ HLJÓÐIN

FULLT VERÐ
4.990 KR.

**2.990 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x2

### DVD
RIO

FULLT VERÐ
2.790 KR.

**790 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**



PUNKTAR GILDA x2



PUNKTAR GILDA x2

## ★ N1TILBOÐ
### CD
OF MONSTERS AND MEN EÐA LAY LOW

FULLT VERÐ
2.790 KR. STK.

**790 KR. STK.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**




### SVONA NÝTIR ÞÚ ÞÉR TILBOÐIN

Gull- og silfurtilboð fást aðeins á heimasíðu okkar, www.n1.is. Þar er að finna allar nánari leiðbeiningar. ATH! Takmarkað magn í boði.
N1 tilboðin fást á N1 um allt land.

Tilboðin gilda í nóvember eða meðan birgðir endast.

Þessi tilboð eru dæmi um þann ávinning sem fylgir tryggum viðskiptum við N1 enda eru N1 punktar skilyrði þess að hægt sé að nýta sér tilboðin. Sæktu um kort á N1.is til að komast í hópinn!

WWW.N1.IS

N1

Fíton/SÍA

## GENGIÐ 01.11.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,33 | 115,89 |
| Sterlingspund | 183,78 | 184,68 |
| Evra | 157,85 | 158,73 |
| Dönsk króna | 21,210 | 21,334 |
| Norsk króna | 20,403 | 20,523 |
| Sænsk króna | 17,437 | 17,539 |
| Japanskt jen | 1,4745 | 1,4831 |
| SDR | 181,06 | 182,14 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
213,5906

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Karlmaður sem situr inni vegna stórsmygls á fíkniefnum og sterum margdæmdur:

# Höfuðpaur í fíkniefnamáli með níu dóma

**LÖGREGLUMÁL** Höfuðpaurinn meinti í umfangsmiklu fíkniefnamáli, sem kom upp í síðasta mánuði, á að baki níu refsidóma. Síðast var hann dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrr á þessu ári fyrir fíkniefnasmygl til landsins og fleiri sakir. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er rökstuddur grunur um að smygltilraunin á amfetamíni, kókaíni, e-töflum og sterum í kílóavís í síðasta mánuði, hafi verið að hans undirlagi. Lögreglan og tollgæslan fundu efnin falin í gámi sem kom með hollensku flutningaskipi til Straumsvíkur.

Maðurinn var nú í júní dæmdur fyrir að fjármagna og smygla rúmum 300 grömmum af kókaíni frá Bandaríkjunum árið 2009. Hann var tekinn með efnið, sem hann hafði drýgt og var þá orðið nær 500 grömm, auk rúmlega 300 gramma af amfetamíni.

Þá var hann dæmdur fyrir að fela nær 150 grömm af kókaíni og mikið magn steralyfja, í föstu og fljótandi formi, í ferðatöskum sem hann sendi með fraktflugi frá Amsterdam til Íslands árið 2008.

Enn fremur var maðurinn dæmdur fyrir að hafa árið 2009 smyglað til landsins fjórtán stykkjum af vefaukandi steralyfjum frá Hollandi. Að auki ræktaði hann í íbúð á Seltjarnarnesi 39 kannabisplöntur. Hann reyndist einnig vera með kannabislauf í fórum sínum.

Auk þessa var maðurinn dæmdur fyrir að vera með kannabisefni í vörslu sinni og fyrir umferðarlagabrot, þar sem hann ók sviptur ökuréttindum. Hann var sviptur ökurétti ævilangt. Hæstiréttur hefur staðfest gæsluvarðhaldsúrskurð héraðsdóms yfir manninum sem verður í gæsluvarðhaldi til 11. nóvember. - jss




**STERAR** Maðurinn var dæmdur fyrir smygl á sterum í föstu og fljótandi formi.



**VARÐ VIÐ ÁSKORUN** Yasuhiro Sonoda segir vatnið frá Fukushima nægilega vel hreinsað. NORDICPHOTOS/AFP

Þingmaður sannar mál sitt:

## Drakk vatn frá kjarnorkuveri

**JAPAN** Japanski þingmaðurinn Yasuhiro Sonoda gerði sér lítið fyrir og drakk glas fullt af vatni, sem tekið var úr næsta nágrenni kjarnorkuversins í Fukushima, sem eyðilagðist í náttúruhamförunum fyrr á árinu.

Hann virtist reyndar taugaóstyrkur og hendur hans titruðu svolítið, en þetta gerði hann engu að síður vegna áskorunar frá fréttamönnum. Þeir hvöttu hann til að sanna með þessu fullyrðingar sínar um að vatnið sé hættulaust eftir að það hefur verið hreinsað.

Hann sagði það að vísu ekki sanna eitt eða neitt, að drekka vatnið úr glasinu, heldur eigi menn að kynna sér gögnin sem hann hefur lagt fram. - gb

### LEIÐRÉTT

Í Fréttablaðinu í fyrradag var ranglega sagt að Norvik, sem á meðal annars Kaupás, hefði gert kyrrstöðusamning við lánardrottna sína. Hið rétta er að Straumborg ehf., sem á 22% hlut í Norvik, gerði slíkan samning sem gildir til janúar 2013. Beðist er velvirðingar á þessu.

# Hættan á tapi betri en of mikið eftirlit

**Efnahags- og viðskiptaráðherra segir að auka verði tapsáhættu fjármálafyrirtækja og afskriftir krafna þurfi að vera tíðari. Þannig verði almenningur best varinn áföllum í starfsemi þeirra. Eftirlit hafi ekki stjórn á fjármálamörkuðum.**

**EFNAHAGSMÁL** Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, segir að auka þurfi tapsáhættu fjármálafyrirtækja. Ráðherrann talaði á haustráðstefnu KPMG, þar sem sjónum var beint að eftirliti.

Árni Páll sagði að tapsáhættu fjármálafyrirtækja hefðu hingað til verið settar þröngar skorður. Íslenskt réttarumhverfi hefði takmarkað niðurfærslu krafna án gjaldþrotameðferðar að miklu leyti og einstaklingar hefðu verið settir undir mannfjandsamlega gjaldþrotalöggjöf. „Þar með hefur verið skapaður sá rammi að fjármálafyrirtækjum væri gert mjög auðvelt að sækja kröfur á hendur jafnt einstaklingum og fyrirtækjum."

Ráðherrann sagði að undanfarin misseri hefði þessari umgjörð verið breytt í grundvallaratriðum.

„Við verðum að venja okkur við það sem þjóð að afskriftir krafna eiga að vera algengari í framtíðinni og tapsáhætta fjármálafyrirtækja meiri. Það er besta leiðin til að verja almenning fyrir áföllum af starfsemi fjármálafyrirtækja, að auka tapsáhættu þeirra hvers um sig af eigin starfsemi. Þannig hvetjum við best til varkárni í rekstri þeirra og að þau axli sína samfélagslegu ábyrgð í rekstrinum."

Árni Páll sagði ljóst að ekki væri hægt að hafa stjórn á fjármálamörkuðum í gegnum eftirlit. Takmörk séu fyrir því hverju hægt er að ná fram með reglum og eftirliti.




**TÍÐARI AFSKRIFTIR** Árni Páll Árnason segir að afskriftir krafna eigi að vera algengari í framtíðinni og tapsáhætta fjármálafyrirtækja meiri. Þannig verði almenningur best varinn af áföllum af starfsemi fjármálafyrirtækja.

„Við getum aldrei vænst þess að eyða áhættu úr fjármálakerfinu með því einu að hafa nógu marga í vinnu hjá opinberum eftirlitsstofnunum. Það er alveg sama hvað þeir láta sér detta í hug að byrgja marga brunna, nýsköpunargetan í fjármálakerfinu er eðli málsins samkvæmt svo mikil að það verða búnir til fleiri brunnar en eftirlitsaðilar geta látið sér detta í hug að byrgja."

Árni Páll segir mikilvægt að leggja grunninn að heildstæðri sýn á fjármálamarkaði; hvað hverjum og einum sé ætlað að gera og hvernig hægt sé að tryggja að allir aðilar á markaðnum geti náð eins miklum árangri og mögulegt er, veitt þjónustu með eins litlum tilkostnaði fyrir almenning án óásættanlegrar áhættu.

kolbeinn@frettabladid.is

Góður gangur hjá nýju félagi:

## Segja 600 vilja í störf hjá WOW

**SAMGÖNGUR** **Mikill áhugi er á störfum hjá hinu nýja flugfélagi WOW Air að því er fullyrt er í tilkynningu frá almannatengli Skúla Mogensen, eiganda félagsins.**



**SKÚLI MOGENSEN**

**„Þegar hafa borist tæplega 600 umsóknir um fjórar stjórnunarstöður og ótilgreindan fjölda af sumarstörfum flugliða sem auglýst voru fyrir helgi. Ráðið verður í nokkra tugi starfa, bæði stjórnunarstöður og störf flugliða, en flestar umsóknirnar sem bárust eru um störf flugliða," segir í tilkynningunni.**

**Þar kemur enn fremur fram að búist sé við að hægt verði að byrja að bóka flug með WOW Air á næstu dögum. Áætlunarflug hefjist síðan í vor.** - gar

Stolið úr Hafinu bláa:

## Níu handteknir eftir innbrotið

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan handtók samtals níu manns í tengslum við innbrot í veitingastaðinn Hafið bláa við Óseyrarbrú nýverið.

Fyrst voru fimm ungmenni handtekin og fannst hluti af þýfi af veitingastaðnum í bifreið þeirra. Síðar var gerð húsleit í Þorlákshöfn. Þar fannst nokkuð af áfengi og öðrum munum sem tengdust innbrotinu. Þrír voru handteknir til viðbótar hinum fimm. Sá níundi var síðan boðaður til yfirheyrslu í lögreglustöð. Í tengslum við þetta mál er lögreglan að rannsaka mörg innbrot sem átt hafa sér stað í Þorlákshöfn að undanförnu. - jss



**Láttu ljós þitt skína**

**í ljósaveislu Pfaff í dag milli kl. 11–16**

Pfaff • Grensásvegi 13 • Sími 414 0400 • www.pfaff.is
facebook.com/pfaff.is

PFAFF

### VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**HVASST Í DAG**
Það verður heldur hvasst í dag, einkum á Vestfjörðum og á Snæfellsnesi. Á morgun verður vindur genginn niður, nema NV-til. Þá hlýnar og horfur á að frostlaust verði orðið í byggð annað kvöld. Á föstudaginn eru víða horfur á skúrum.




| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 17° |
| Berlín | 13° |
| Billund | 12° |
| Frankfurt | 15° |
| Friedrichshafen | 15° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 15° |
| Mallorca | 23° |
| New York | 13° |
| Orlando | 25° |
| Ósló | 11° |
| París | 18° |
| San Francisco | 22° |
| Stokkhólmur | 11° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

# SUZUKI

SUZUKI

Way of Life!

# Skynsamlegur kostur

## NÝR SUZUKI SWIFT

**Nú stærri og rúmbetri með einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél.**

Beinskiptur, sjálfskiptur, 4x4. Verð frá 2.580 þús. Meðaleyðsla fra 5.0L/100 km



## SUZUKI GRAND VITARA

**Söluhæsti jeppinn á Íslandi síðastliðin 3 ár.**

**Nú með öflugri 2.4L 169 hö/vél**

Verð frá 4.980 þús., beinskiptur.
Meðaleyðsla 9.0L/100 km

FULL FRAME 4x4





## SX4 SPORTJEPPLINGUR.

**Ný sparneytin vél, ný innrétting, aukinn búnaður og síðast en ekki síst hagstætt verð.**

Með 1,6L vél. Verð kr. 3.690 þús. Meðaleyðsla 7,6L/100 km, sjálfskiptur



**Kizashi er fjórhjóladrifinn fólksbíll í millistærðarflokki**

**Sportlegur, aflmikill, vandaður og með frábæra akstureiginleika. Bíll sem keppir við þá bestu!**

2,4L vél. Verð 5.970 þús. Meðaleyðsla 8,3L/100km



**Sparaðu með visthæfum Suzuki Splash**

Verð kr. 2.250 þús. Meðaleyðsla 5,0L/100km, beinskiptur.

**Alto. Sparneytinn borgarbíl sem fær frítt í stæði í miðbænum!**

Hagstætt verð, ódýr í rekstri.
Verð kr. 1.790 þús. beinskiptur.
Meðaleyðsla 4,4L/100km.



FULL FRAME 4x4



**Upplifðu einstaka akstureiginleika Jimny. Handskiptur, sjálfskiptur**

Verð frá kr. 3.250 þús.
Meðaleyðsla frá 7,3L/100km, beinskiptur.

Hugtök Markaðsráðgjöf, Okt 2011

## Komdu og reynsluaktu Suzuki - upplifunin verður ánægjuleg.

SUZUKI – FYRIR SKYNSAMT FÓLK

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

**KJÖRKASSINN**



*Ert þú farin(n) að huga að jólunum?*

| | |
|---|---|
| Já | 44,5% |
| Nei | 55,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Eru kynþáttafordómar landlægir á Íslandi?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Grískur almenningur og gríska stjórnarandstaðan bregðast ókvæða við ákvörðun um þjóðaratkvæðagreiðslu:

# Segja Papandreú varpa frá sér ábyrgðinni

**GRIKKLAND** Grikkir virðast margir líta svo á að Georg Papandreú forsætisráðherra ætli sér að kúga þjóðina til hlýðni með því að bera samkomulag stjórnarinnar við Evrópusambandið undir þjóðaratkvæðagreiðslu.

„Þetta er fáránlegt. Nú hafa þeir sent boltann til okkar, en er það ekki þeirra ábyrgð að taka ákvörðunina?“ hefur gríska dagblaðið E Kathimerini eftir Haris Velakoutakou, 64 ára gömlum ferðaleiðsögumanni í Aþenu.

Stjórnarandstaðan hefur sömuleiðis brugðist ókvæða við ákvörðun forsætisráðherrans og tveir þingmenn Sósíalistaflokksins hafa sagt sig úr honum, með þeim afleiðingum að stjórnarmeirihlutinn er orðinn mjög tæpur.

Papandreú tilkynnti um ákvörðun sína á þriðjudag, en daginn áður hafði hann boðað atkvæðagreiðslu á þingi um stöðu stjórnarinnar. Reiknað er með að þingið gangi til atkvæða seint á föstudag, og ræðst þá hvort stjórnarmeirihlutinn fellur.

Hann hefur hins vegar ekki gefið upp neina tímasetningu fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna, að öðru leyti en því að hún verði eftir að Evrópusambandið hefur endanlega gengið frá útfærslu björgunaraðgerða sinna, sem meðal annars fela í sér helmings niðurfellingu á skuldum Grikkja og yfir hundrað milljarða evra fjárhagsaðstoð til viðbótar þeirri, sem áður hafði verið ákveðin.

Mikil andstaða er meðal almennings við björgunaraðgerðir ESB og niðurskurðaráform stjórnarinnar, en felli þjóðin björgunaraðgerðirnar aukast mjög líkur á greiðslufalli Grikklands og hruni evrunnar. Papandreú hefur engu að síður ákveðið að taka áhættuna. - gb



**AFTUR TIL DRÖKMUNNAR?** Kona í Aþenu gengur fram hjá minnismerki um drökmuna, myntina sem Grikkir notuðu áður en þeir tóku upp evruna fyrir rúmum áratug. NORDICPHOTOS/AFP

Vilja Hagavatn í fyrra horf:

## Stíflað verði vegna svifryks

**UMHVERFISMÁL** **Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi vilja að vatnsyfirborð Hagavatns verði fært til upprunalegs horfs með stíflu í Farinu. Hagavatn er suður af Hagafellsjökli í austanverðum Langjökli.**

**„Umhverfisáhrif yrðu umtalsverð og jákvæð þar sem svifryk af svæðinu myndi minnka til muna og lífríkið allt njóta góðs af. Um mikið þjóðþrifamál yrði að ræða fyrir allt nærumhverfið. Möguleiki myndi enn fremur skapast til byggingar jafnrennslisvirkjunar er skapa myndi atvinnu á svæðinu á framkvæmdatíma og auka hagkvæmni framkvæmdanna,“ segir í ályktun frá ársþingi SASS.** - gar

**LÖGREGLUMÁL**

### 375 grömm af kókaíni

Mennirnir fjórir, sem teknir voru í sumarbústað fyrir austan fjall fyrir skömmu, reyndust vera með 375 grömm af kókaíni í bústaðnum. Eftir er að rannsaka styrkleika efnisins.

### Sussaði á hund sem beit

Kona var bitin af hundi í Reykjavík síðastliðinn laugardag. Hún var á gangi við verslunarmiðstöð í austurborginni þegar hundurinn beit hana í fótlegginn svo á sá. Hundurinn, sem var bundinn, gelti að konunni sem ætlaði þá að „sussa“ á hann með fyrrgreindum afleiðingum.

### Glasaþras á 800 bar

Maður var sleginn nokkur högg í andlitið inni á skemmtistaðnum 800 bar aðfaranótt sunnudags. Árásarmaðurinn, enskumælandi, bar á hann að hann væri að drekka úr glasi sem væri ekki hans glas. Þegar hinn mótmælti fékk hann hnefann í andlitið. Hann ætlar að kæra.

# Gátu ekki sýnt fram á tilvist samningsins

**Sýslumaður hafnar beiðni Iceland Express um lögbann á störf Matthíasar Imsland fyrir WOW Air. Gátu ekki sýnt fram á að Matthías hefði undirritað samning með samkeppnisákvæði. Lögmaður IE segist nú hafa fundið samninginn.**

**VIÐSKIPTI** Sýslumaðurinn í Reykjavík hafnaði í gær beiðni Iceland Express um lögbann við því að Matthías Imsland, fyrrverandi forstjóri félagsins, nýtti sér upplýsingar sem hann hefði öðlast í starfi sínu við stofnun nýs flugfélags, WOW Air.

Forsvarsmenn Iceland Express fullyrtu að Matthías hefði undirritað ráðningarsamning sem hefði kveðið á um að yrði honum slitið af öðrum samningsaðila væri Matthíasi óheimilt á næstu tveimur árum eftir lok uppsagnarfrests að ráða sig til starfa hjá, sitja í stjórn eða eiga hlut í fyrirtæki sem keppti á sama markaði og Express. Matthías á innan við tíu prósent í félaginu, að því er lögmaður hans sagði hjá sýslumanni.

Lögmaður Matthíasar sagði við fyrirtöku málsins hjá sýslumanni að slíkur samningur hefði aldrei verið í gildi og Matthías ræki raunar ekki minni til þess að hafa nokkurn tíma skrifað undir ráðningarsamning.

Samningurinn var lagður fram sem gagn í málinu, óundirritaður, en sýslumaður taldi að þannig hefði hann ekkert sönnunargildi, að því er fram kemur í úrskurðinum.

Sigurður G. Guðjónsson, lögmaður Iceland Express, kvaðst hins vegar í samtali við Fréttablaðið í gær vera í sjöunda himni, enda samningurinn kominn í leitirnar. „Ég er búinn að eyða klukkutíma í að finna allt sem ég gat kembt hjá Iceland Express og heldurðu að ég hafi ekki fundið samninginn, undirritaðan af Matthíasi Imsland.“

Sigurður segir samninginn verða lagðan fram þegar málið komi til kasta dómstóla, enda hafi Express ákveðið að kæra niðurstöðuna til héraðsdóms.

Sigurður var spurður um það hjá sýslumanni hvaða leyndarmál það væru sem Matthías byggi yfir og hann sagði það vera vitneskju um samninga við ferðaheildsala og allan „kostnaðarstrúktúr“ Express. Lögmaður Matthíasar benti á móti á að auðvelt væri að nálgast upplýsingar um hvaða ferðaheildsalar skipta við hvaða flugfélög. Þær lægju öllum opnar á vef Ferðamálaráðs.

Þá komu til tals ásakanir Express-manna þess efnis að Matthías hefði reynt að lokka starfsmenn Express til WOW Air. Sigurður tilgreindi starfsheiti þeirra sem þetta ætti við um, en kvaðst þó ekki geta sýnt fram á það gegn mótmælum lögmanns Matthíasar.

Express-menn fóru fram á að sýslumaður svipti Matthías síma og tölvu í eigu félagsins sem hann hefur enn til umráða. Lagt var fram yfirlit yfir símnotkun hans frá því að honum var sagt upp. „Engin rök eru sett fram hvers vegna gerðarþoli megi ekki tala við umrædda aðila í síma,“ segir hins vegar í úrskurði sýslumanns. stigur@frettabladid.is



**EKKI LAUS ALLRA MÁLA** Iceland Express ætlar með málið fyrir dómstóla. Endanleg niðurstaða þeirra liggur kannski ekki fyrir fyrr en eftir jól. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Íhugar kæru vegna innbrots í einkagögn

Lögmaður Matthíasar Imsland segir í yfirlýsingu að „innbrot fyrirtækisins í persónuleg gögn starfsmanns“ sé „skýrt brot á lögum um persónuvernd“, þó svo að ekki hafi verið tekin ákvörðun um hvort það lögbrot verði kært.

Í yfirlýsingunni segir að niðurstaðan sé í fullu samræmi við væntingar hans og Matthíasar og þeir líti svo á að með honum sé fullt atvinnufrelsi Matthíasar staðfest.


Kanarí

Ótrúlegt sértilboð! á flugsætum!

Frá kr. 29.900

Nú getur þú tryggt þér síðustu sætin í sólina til eða frá Kanarí á hreint ótrúlegu verði.

Um er að ræða flug til Kanarí 15. nóvember. Einnig flug frá Kanarí 15. nóvember eða 20. desember.

*Gríptu tækifærið og tryggðu þér flugsæti á frábærum kjörum*

**Kr. 29.900**
Netverð á mann. Flugsæti aðra leið með sköttum til eða frá Kanarí.
**Aðeins örfá sæti.**

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir heimildamyndina

**Grænmetisgarður heimsins**

Sýnd í Odda 101, 3. nóv. kl. 17:00

Hádegisfyrirlestur Magnúsar Björnssonar

**Utanríkisstefna Kína og aðdragandi diplómatískra samskipta Íslands og Kína**

Lögberg 102, 4. nóv. kl. 13:20

Nánar á viðburðaskrá www.hi.is

*Allir velkomnir, aðgangur ókeypis*

CONFUCIUS INSTITUTE
北极光孔子学院
KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN NORÐURLJÓS
冰中文化交流协会
KÍNVERSK-ÍSLENSKA MENNINGARFÉLAGIÐ
Kínversk fræði við HÁSKÓLA ÍSLANDS
konfusius@hi.is | www.konfusius.hi.is


Hörð gagnrýni á fjölda ráðninga án auglýsinga hjá ráðuneytum:

# BSRB segir fjöldann sláandi

**STJÓRNSÝSLA** Helga Jónsdóttir, framkvæmdastjóri BSRB, segir fjölda ráðninga ráðuneytanna án auglýsinga vera sláandi og ekki í anda þess að sá hæfasti sé ráðinn í hvert skipti.

Fram kom í Fréttablaðinu í gær að frá ársbyrjun 2009 hafi 77 sinnum verið ráðið í stöður hjá ráðuneytunum án þess að staðan hafi verið auglýst.

Helga segir BSRB einmitt hafa árið 2007 mótmælt lagabreytingum um þar sem ein grein gerði ráð fyrir að ekki þyrfti að auglýsa stöður ef ráðið væri innan Stjórnarráðsins.

„Enn eru sömu rök í gildi og BSRB var með þá. Við kölluðum eftir gagnsæi í ráðningum þannig að farið sé yfir hæfni einstaklinga og sá sem er metinn hæfastur hljóti starfið.“

Helga minnir jafnframt á að Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hafi, þegar hann var í stjórnarandstöðu, gagnrýnt umrædda grein og kallað hana laumufarþega í frumvarpi um lög um Stjórnarráð.

Helga segir að á þeim tíma hafi BSRB talið að verið væri að stíga fyrsta skrefið í þeirri þróun að ráða almennt án auglýsinga.

„Og það virðist einmitt vera að gerast núna.“ - þj



**HELGA JÓNSDÓTTIR**

# AFSLÁTTARDAGAR

**20-50%**
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

*Smíðum rafmagnsrúm í öllum stærðum!*



## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.**

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu**

# AFSLÁTTARDAGAR

**Tökum gamla rúmið upp í nýtt!**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

**Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu**

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**
**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í ÖLLUM STÆRÐUM**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

**VEISTU SVARIÐ?**



1 Hver verður leikhússtjóri í Borgarleikhúsinu næstu fjögur ár?

2 Hvað heitir nýtt borðspil sem Ólafur Stefánsson er, meðal annarra, að gefa út?

3 Hver er yngsti handhafi forsætisráðherravalds á Íslandi?

**SVÖR**

1. Magnús Geir Þórðarson 2. Ævintýralandið 3. Katrín Júlíusdóttir

Formaður borgarráðs segir ferðamenn virðast tilbúna til að borga meira í sund, til dæmis í Bláa lóninu:

# Lengri afgreiðslutími fyrir hærra gjald

**SVEITARSTJÓRNIR** Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, segir marga sundlaugargesti vilja að aðgangseyrir verði hækkaður til að hægt sé að lengja afgreiðslutíma sundlauganna.

Starfshópur sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu leggur til að stök gjöld í sund hækki verulega. Dagur segir koma í ljós hvaða stefnu borgin taki þegar fjárhagsáætlun verði lögð fram í lok næstu viku.

„Það er ekkert launungarmál að mjög margir gestir sundlauganna segja betra að menn borgi aðeins meira, sérstaklega ferðamenn, og að þá sé dregin til baka skerðing á opnunartíma lauganna,“ segir Dagur sem kveður stefnuna að gestir borgarinnar greiði gjald sem sé nær því sem sé á hinum Norðurlöndunum.

Aðspurður hvort slík hækkun komi ekki illa við ferðaþjónustuna segir Dagur „himin og haf“ vera á milli verðsins á sundstöðum eins og Bláa lóninu og í laugunum á höfuðborgarsvæðinu. „Þeir sundstaðir sem eru fyrst og fremst að markaðssetja sig gagnvart ferðafólki virðast treysta sér til að taka margfalt hærra gjald af sínum gestum heldur en sveitarfélögin gera í laugunum. Og þeir liggja nær því sem þykir eðlilegt erlendis,“ segir formaður borgarráðs. - gar

**DÝR DÝFA** Dagur segir verðlagið í Bláa lóninu nær því sem þykir eðlilegt fyrir sundferð erlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI









Ný frímerki

safnaðu litlum listaverkum

Á morgun 3. nóvember gefur Íslandspóstur út jólafrímerkin í ár ásamt frímerkjaröð tileinkaðri frumherjum í íslenskri myndlist. Einnig er boðið upp á Jólaprýði Póstsins 2011 í gull- og silfurlit. Myndefni jólafrímerkjanna og Jólaprýði Póstsins 2011 eru útsaumsmynstur í íslenska þjóðbúningnum.







Fyrstadagsumslög fást stimpluð á pósthúsum um land allt. Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölunni.
Sími: 580 1050 Fax: 580 1059
Netfang: stamps@postur.is
Heimasíða: www.stamps.is

PÓSTURINN
FRÍMERKJASALAN







# Biskup víki úr sæti forseta kirkjuráðs

**Ríkisendurskoðun segir að greina þurfi á milli trúarlegra málefna og veraldlegra. Biskup verði ekki lengur forseti kirkjuráðs en hafi tillögurétt á fundum. Mælst til sameiningar fámennra sókna um allt land.**

**ÞJÓÐKIRKJAN** Ríkisendurskoðun telur að greina þurfi á milli trúarlegra og veraldlegra málefna í skipulagi Biskupsstofu. Þetta kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar um Biskupsstofu sem birt var í gær.

Þá er gerð athugasemd við það að biskup sé forseti kirkjuráðs. Ráðið fer með framkvæmdavald í málefnum þjóðkirkjunnar og úrskurðar einnig um mál sem því berast frá lægri stjórnsýslueiningum. Biskup gæti því sem forseti kirkjuráðs lent í því að fjalla um mál sem hann hafi áður komið að á lægra stjórnsýslustigi og Ríkisendurskoðun þykir ekki fara vel á því.

Þá takmarki stjórnunarstörf biskups þann tíma sem hann hefur til að sinna meginhlutverki sínu sem faglegur leiðtogi þjóðkirkjunnar.

Þess vegna leggur Ríkisendurskoðun til að myndaðar verði tvær sjálfstæðar skipulagseiningar innan Biskupsstofu sem hvor hafi sinn yfirmann. Þannig verði dregið úr skyldum biskups í fjármálaumsýslu kirkjunnar.

Biskup haldi hins vegar sæti sínu í kirkjuráði, hafi þar málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðarétt.

Meðal annarra tillagna í skýrslunni er að unnið verði að heildstæðri stefnumótun um starfsemi Biskupsstofu. Þar skuli koma fram lykilmarkmið stofnunarinnar og árangursmælikvarðar settir.

Þá þarf að forgangsraða og tímasetja aðgerðir til að framfylgja stefnunni. Meðal annars skuli meta hvort kirkjan eigi að sinna öllum þeim verkefnum sem nú er sinnt á Biskupsstofu.

Til að auka gegnsæi í fjármálum þjóðkirkjunnar er lagt til að helstu sjóðir kirkjunnar, Kirkjumálasjóður, Kristnisjóður og Jöfnunarsjóður sókna, og Hinn almenni kirkjusjóður verði sameinaðir í einn Kirkjusjóð.

Þá þurfi að móta skýrar reglur um verklag við styrkveitingar, meðal annars varðandi mat á umsóknum og eftirfylgni með nýtingu styrktarfjár.

Einnig er lagt til að stefnt verði að sameiningu fámennra sókna og í þeim tilgangi verði sett skilyrði um lágmarksfjölda sóknarbarna. Frumkvæði að sameiningu verði fært frá biskupafundi til kirkjuþings.

Loks telur Ríkisendurskoðun að eignarhald og viðhald prestssetra eigi að vera hjá sóknum, að undanskildum prestssetursjörðum.

thorgils@frettabladid.is



**MÆLST TIL BREYTINGA HJÁ BISKUPSSTOFU** Ríkisendurskoðun vill að skilið verði á milli trúarlegra og veraldlegra málefna í starfsemi Biskupsstofu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kona sem skildi barn sitt eftir í ruslagámi gæti átt þungan dóm yfir höfði sér:

# Móðirin ákærð fyrir manndráp

**DÓMSMÁL** Ung kona sem bjó um nýfætt barn sitt í ruslagámi við Hótel Frón á Laugavegi hefur verið ákærð fyrir manndráp af ásetningi. Ríkissaksóknari gaf ákæruna út á mánudag en hún hefur ekki verið birt konunni, að því er fram kom í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Konan, sem er frá Litháen, skildi barnið eftir í gámnum 2. júlí síðastliðinn. Niðurstöður krufningar leiddu í ljós að barnið hafði verið lifandi fætt og varð það niðurstaða lögreglurannsóknar að konan hefði ein borið ábyrgð á andláti þess.

Konan var metin sakhæf af geðlæknum og hefur nú verið ákærð. Verði hún fundin sek um manndráp af ásetningi gæti hún átt sextán ára fangelsisvist yfir höfði sér. Til vara er hún hins vegar ákærð fyrir brot gegn 212. grein hegningarlaga, sem kveður á um það þegar móðir deyðir barn sitt sökum „neyðar, ótta um hneisu eða sökum veiklaðs eða ruglaðs hugarástands“. Við því liggur allt að sex ára fangelsisvist.

Konan sat í gæsluvarðhaldi í nokkra daga en hefur verið í farbanni síðan hún var látin laus. - sh



**MÁL SEM VAKTI ÓHUG** Fólk lagði blóm og bangsa við Hótel Frón daginn sem barnið fannst í gámnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# 37

Við ætlum að veita nýsköpunarstyrki úr Samfélagssjóði Landsbankans

AÐGERÐIR Í TAKT VIÐ NÝJA STEFNU

# Landsbankinn styrkir verkefni 27 frumkvöðla

**Nýsköpunarstyrkir Landsbankans** voru veittir í fyrsta sinn í vikunni. Fimmtán milljónum króna var úthlutað úr Samfélagssjóði bankans til 27 verkefna. Sjö verkefni fengu eina milljón króna hvert og tuttugu verkefni hlutu 400 þúsund króna styrk. Fyrirhugað er að úthluta nýsköpunarstyrkjum árlega.



*27 frumkvöðlar fengu nýsköpunarstyrki úr Samfélagssjóði Landsbankans.*

***Landsbankinn þinn** er heiti á stefnu Landsbankans. Bankinn er í eigu þjóðarinnar og hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu. Landsbankinn hefur breyst mikið og mun breytast og eflast enn frekar í takt við nýja stefnu. Við skiptum ekki um nafn heldur hugarfar.*

27 verkefni styrkt

15 milljónir

## Stutt við frumkvöðlastarf

Markmið nýsköpunarstyrkja er að styðja við frumkvöðlastarf í atvinnulífinu. Þáttur nýsköpunar er mikilvægur fyrir uppbyggingu atvinnulífsins, til að stuðla að fjölbreytileika og að styrkja þær atvinnugreinar sem fyrir eru.

Alls bárust um 350 umsóknir að þessu sinni. Dómnefnd var skipuð fimm fagaðilum, tveimur starfsmönnum og þremur öðrum.

## Samfélagssjóður

Samfélagssjóður Landsbankans skiptist í samfélagsstyrki, námsstyrki, nýsköpunarstyrki og umhverfisstyrki. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum fór fram 3. júní en þá hlutu sextán námsmenn námsstyrk frá Landsbankanum. Samfélagsstyrkir verða afhentir fyrir lok nóvember og á næstu dögum verður auglýstur umsóknarfrestur vegna umhverfisstyrkja.

## Í takti við stefnuna

Með því að styðja við nýsköpun og ný fyrirtæki eflum við atvinnulífið til framtíðar. Landsbankinn hefur sett sér þá stefnu að vera hreyfiafl í samfélaginu og ný þjónustuleið fyrir nýsköpunar- og sprotafyrirtæki er liður í því að koma hjólum atvinnulífsins af stað á ný.

Með því að veita nýsköpunarstyrki er Landsbankinn að vinna í takti við nýja stefnu bankans.

Við ætlum að takast á við skuldavanda heimila og fyrirtækja, bæta þjónustu og leggja áherslu á samfélagslega ábyrgð og gott siðferði. Þjóðin á þennan banka og því fylgir mikil ábyrgð að vera Landsbankinn þinn.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



**GRAFIRNAR SKREYTTAR** Íbúar Spánar gerðu sér margir ferð að gröfum ættingja sinna til að skreyta þær blómum í tilefni allraheilagramessu. NORDICPHOTOS/AFP



**HVALFJARÐARGÖNG** Verða lokuð á virkum nóttum næstu vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Viðhald í Hvalfjarðargöngum:

# Göngin lokuð næstu nætur

**SAMGÖNGUMÁL** Hvalfjarðargöngin voru lokuð í nótt og verða áfram lokuð næstu þrettán virkar nætur.

Göngin verða lokuð frá miðnætti til klukkan sex á morgnana. Um helgar verður opið samkvæmt venju. Þegar göngin eru lokuð verður unnið að viðhaldi og endurbótum á göngunum og tæknibúnaði í þeim, samkvæmt upplýsingum frá Speli og Vegagerðinni. Viðhaldsvinnunni á að ljúka aðfaranótt föstudagsins 18. nóvember næstkomandi. - þeb

Sá kærði flutti til útlanda:

# Nauðgunarmál fellt niður

**DÓMSMÁL Mál gegn rúmlega þrítugum karlmanni, sem tvítugur piltur kærði fyrir nauðgun í heimahúsi í Hafnarfirði, hefur verið fellt niður. Eftir rannsókn lögreglu og Ríkissaksóknara var ekki talið líklegt að ákæra myndi leiða til sakfellingar, að því er fram kemur á Vísi.is.**

**Fréttablaðið greindi frá kærunni í maí í fyrra. Þar kom fram að maðurinn hefði boðið piltinum í samkvæmi heim til sín, áfengi verið haft um hönd og pilturinn sofnað. Hann hefði vaknað við að maðurinn var að misnota hann. Maðurinn flutti búferlum til útlanda í kjölfar kærunnar.** - jss

Forsætisráðherrar á Norðurlandaráðsþingi sem hófst í Kaupmannahöfn í gær:

# Eiga að leiða grænan hagvöxt

**SAMFÉLAGSMÁL** Norðurlöndin eiga að leiða grænan hagvöxt, sem er mikilvægur þáttur í sameiginlegum aðgerðum í loftslagsmálum. Þetta segja forsætisráðherrar Norðurlandanna í sameiginlegri yfirlýsingu sem þeir sendu frá sér, en Norðurlandaráðsþing hófst í gær.

Ríkin eiga og geta verið í fararbroddi þegar kemur að virkri grænni atvinnustarfsemi og sjálfbærum lausnum, segja ráðherrarnir.

Þeir hafa falið fagráðherrum að þróa afmörkuð samstarfssvið í þessum málum. Meðal annars á að leggja áherslu á tilraunastöð fyrir grænar lausnir, menntun og rannsóknir um grænan hagvöxt, vistvæn innkaup og aukinn sveigjanleika í orkunotkun.

Til þess að ríkjunum takist að leiða grænan hagvöxt þurfa að koma til framlög á mörgum sviðum og hefur framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar verið falið að tryggja samhæfingu og skila skýrslu um málið fyrir sumarfund ráðherranna á næsta ári. - þeb



**FORSÆTISRÁÐHERRAR** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sat fund Norðurlandaráðs. NORDEN.ORG/MAGNUS FRÖDERBERG

Aðvörun vegna hrekkjavöku:

# Ekki borða of mikinn lakkrís

**BANDARÍKIN** **Matvæla- og lyfjaeftirlit Bandaríkjanna gaf út viðvörun vegna lakkrísneyslu. Er þetta gefið út í tilefni af hrekkjavöku, sem var í fyrradag. Fréttastofa ABC greinir frá aðvörun eftirlitsins, sem segir að mikil neysla á efninu glýseríni, sem er í lakkrís, geti valdið hjartsláttartruflunum. Til dæmis geta 50 grömm á dag af lakkrís í tvær vikur komið fólkið yfir fertugu inn á spítala.**

**Fólk með háan blóðþrýsting og hjarta- eða nýrnasjúkdóma er viðkvæmara fyrir lakkrísáti.** - sv

# Ekki líklegt að Rúmenar og Búlgarar streymi til Íslands

**Takmarkanir á atvinnu- og dvalarleyfisveitingum til Rúmena og Búlgara falla úr gildi um áramót. Löndin hafa enn ekki fengið aðild að Schengen. Ekkert bendir til að fólk flæði inn í landið, segir Útlendingastofnun.**

**STJÓRNSÝSLA** Takmarkanir á veitingu dvalar- og atvinnuleyfa til Rúmena og Búlgara hér á landi falla niður um áramót, en þær hafa verið í gildi síðan árið 2007, er ríkin gengu í Evrópusambandið. Er þar um að ræða undanþágur frá ákvæðum EES-samningsins um frjálst flæði vinnuafls á milli aðildarríkja.

Nokkurs misskilnings hefur gætt í umræðunni að undanförnu. Jakob Frímann Magnússon, framkvæmdastjóri Miðborgarinnar okkar, sagði í sjónvarpsfréttum fyrir nokkrum dögum að Rúmenía og Búlgaría fengju aðild að Schengen-samkomulaginu, sem kveður á um vegabréfsfrelsi, um áramót. Sagðist Jakob hafa áhyggjur af því að glæpagengi ættu þá greiðari leið til landsins.

> Okkar reynsla er sú að þetta eru sárafáir einstaklingar. Það er engin ástæða til að fara á límingunum þó þessi undanþága falli niður.
>
> ÞORSTEINN GUNNARSSON
> SVIÐSSTJÓRI HJÁ ÚTLENDINGASTOFNUN

Rúmenía og Búlgaría munu hins vegar ekki gerast aðilar að Schengen-samstarfinu um áramót, heldur þurfa enn að bíða. Það sem gerist um áramótin er að ríkisborgarar þeirra hafa sömu réttindi og aðrir borgarar EES-ríkja til að dvelja hér á landi í sex mánuði í atvinnuleit án þess að sækja um formlegt dvalarleyfi.

Þorsteinn Gunnarsson, sviðsstjóri hjá Útlendingastofnun, segir takmarkanirnar fyrst og fremst hafa snúið að vinnumarkaðssjónarmiðum til að takmarka flæði ódýrs vinnuafls til landsins. Ekkert bendi til þess að þegar undanþágan fellur úr gildi um áramót sæki flóð einstaklinga frá þessum löndum um atvinnu- og dvalarleyfi hér á landi. Það sem af er ári er fjöldi nýskráðra Rúmena og Búlgara hjá Útlendingastofnun undir 30 manns.

„Okkar reynsla er sú að þetta eru sárafáir einstaklingar. Það er engin ástæða til að fara á límingunum þó að þessi undanþága falli niður," segir hann. Varðandi gagnrýnisraddir um aukin umsvif erlendra glæpagengja eftir áramót, segir Þorsteinn: „Brotamennirnir koma hvort sem er. Það eru ekki þeir sem eru að sækja um atvinnu- eða dvalarleyfi. Og eins og vitað er þá geta þeir komið frá hvaða löndum sem er."

sunna@frettabladid.is




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Óttast komu glæpagengja og vill meiri löggæslu í miðbænum

Jakob Frímann Magnússon, framkvæmdastjóri Miðborgarinnar okkar, sagði í samtali við RÚV í síðustu viku að hann teldi að það væri æskilegt að innanríkisráðuneytið byggi til viðbragðsáætlun við breytingum á Schengen-samkomulaginu um áramót. Jakob sagði að „þá opnist gáttirnar fyrir tveimur meginvöggum óaldarlýðs og glæpagengja" og vísaði til Rúmeníu og Búlgaríu.

Jakob baðst í gær afsökunar á ummælum sínum; þar hefði of mikið verið alhæft. Hann vildi ekki tjá sig við Fréttablaðið um málið að öðru leyti en að koma skriflegri afsökunarbeiðni á framfæri.

„Hvers vegna nefndi ég glæpagengi frá Búlgaríu og Rúmeníu sérstaklega? Jú, sökum þess að gildistöku á þeim hluta Schengen-samkomulagsins sem snýr að þessum tveimur þjóðum var frestað til 1. jan. nk. af einhverjum ástæðum sem hljóta að vera gildar," segir Jakob meðal annars í afsökunarbeiðninni.

Jakob segir brýnt að auka löggæslu í miðborginni í ljósi nýliðinna atburða í úraverslun á Laugavegi.



**JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON**




LEIKTÆKNISKÓLI
Magnúsar Jónssonar & Þorsteins Bachmann

Námskeið í hagnýtri og skapandi leiklist

Micheal Checkhov tækni • Kvikmyndaleikur
Undirbúningur fyrir áheyrnarprufur • Þjálfun líkama og raddar
Textagreining • Hugleiðsla og slökun
... og margt fleira

Nýtt námskeið frá 15. nóvember. til 20. des. 2011
Kennsla fer fram öll þriðjudagskvöld frá kl. 19.30 til 23.00

*Magnús og Þorsteinn eru meðal reyndustu leikara sinnar kynslóðar með áratuga reynslu af vinnu við leikhús, kvikmyndir og sjónvarp.*

Leiktækniskólinn er á Facebook, þar má nálgast frekari upplýsingar.
Skráning og fyrirspurnir á **leiktaekniskolinn@gmail.com**. Aldurtakmark 18 ára.


Yfir 900 þúsund farþegar í strætisvögnum í októbermánuði:

# Aldrei fleiri farþegar hjá Strætó

**SAMGÖNGUMÁL** Yfir 900 þúsund farþegar stigu inn í strætisvagna Strætó bs. í októbermánuði, og hafa þeir aldrei verið fleiri. Strætó telur farþega í öllum vögnum í þrjá daga í október ár hvert.

Í sama mánuði í fyrra voru farþegarnir rúmlega 76 þúsundum færri en nú, sem þýðir að farþegum fjölgaði um 9,15 prósent milli ára. Sé horft aftur til ársins 2005 eru farþegar nú rúmlega fjörutíu prósentum fleiri nú en í október þá, að því er fram kemur í tilkynningu frá Strætó.

Yfir fimm þúsund farþegar fara nú með leið eitt á hverjum degi að meðaltali, og yfir fjögur þúsund með leið sex. Við þessu hefur verið brugðist með því að kaupa lengri vagna sem geta tekið fleiri farþega. Það hefur þó ekki alltaf dugað til, að sögn Einars Kristjánssonar, sviðsstjóra skipulags- og þróunarsviðs Strætó. Aukavögnum hefur því stundum verið bætt við á mestu álagstímunum.

Færri farþegar eru nú en áður á sumum leiðum, til að mynda leiðum tvö og fimm, en þær leiðir hættu akstri á kvöldin og um helgar.

Nýlega greindi Strætó frá því að farþegum á fyrstu níu mánuðum ársins hefði fjölgað um tæpa milljón milli ára. - þeb



**STRÆTISVAGN Á FERÐ** Yfir fimm þúsund manns fara með leið eitt á hverjum degi að meðaltali nú. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



25-40% afsláttur!
FYRIR BAÐIÐ
til afgreiðslu af lager
TONA
DEN ÆGTE BADVÆRELSES MØBLER
BN-800 stærð: 80 x 48 sm
R-600 stærð: 60 x 38 sm
O-800 stærð: 80 x 48 sm
Verslið þar sem úrvalið er!
Speglaskápar m/ljósi
stærðir: 60 - 80 - 100 - 120 sm
hæð: 60 sm, dýpt: 15 sm
Handlaug með O-800
Handlaug með R-600
Hnota m/granít borðplötu Stærð: 122x48sm
T-690 stærð: 69 x 48 sm
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is




Tæplega 1.600 einstaklingar hafa greinst með klamydíu á þessu ári:

# Klamydíusmitum fer fækkandi

**HEILBRIGÐISMÁL** Fjöldi þeirra sem greinst hafa með klamydíu hefur dregist saman um tæp 10 prósent á milli ára, sé litið á fyrstu níu mánuði ársins. Samkvæmt upplýsingum frá sýklafræðideild Landspítala bendir það til þess að færri hafi smitast af klamydíu. Frá þessu er greint í Farsóttarfréttum Landlæknisembættisins.

Alls greindust 1.584 með klamydíu fyrstu níu mánuði þessa árs. Töluvert fleiri konur greindust en karlar – 941 kona og 609 karlar. Kyns er ekki getið hjá 34 einstaklingum.



**HÚÐ- OG KYNSJÚKDÓMADEILD LSH** Allt bendir til þess að klamydíusmitum hafi fækkað á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sé litið á aldursdreifinguna síðastliðin fjögur ár sést að konur eru yngri þegar þær sýkjast en karlar. Vitað er að stúlkur byrja að stunda kynlíf fyrr en strákar. Algengasti aldur þeirra stúlkna sem smitast er 15 til 19 ára, og algengasti aldur drengja er 20 til 24 ára.

Í Farsóttarfréttum er einnig greint frá nýjum tilfellum af lekanda, en alls hafa 23 greinst á fyrstu níu mánuðum þessa árs, sextán karlar og sjö konur. Er þetta svipaður fjöldi og árið 2010, en þá greindust 18 með lekanda. - sv




**UNDIRBÚNINGUR LANGT KOMINN** Frakkar vinna hörðum höndum að undirbúningi G20-fundarins í Cannes síðar í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP

# Vilja koma böndum á fjármálastarfsemi

**Á leiðtogafundi G20-ríkjanna síðar í vikunni er ætlunin að samþykkja að settar verði strangari reglur um banka- og fjármálastarfsemi. Stærð banka verða settar strangar skorður, hömlur verða settar á ofurbónusa og áhættuviðskipti.**

**FRAKKLAND** Leiðtogar helstu efnahagsvelda heims hittast í Cannes í Frakklandi á morgun og föstudag. Til stendur að samþykkja aðgerðir, sem eiga að halda aftur af bönkum og fjármálafyrirtækjum og draga verulega úr hættunni á að önnur eins kreppa endurtaki sig og sú sem hófst fyrir þremur árum og enn sér ekki fyrir endann á.

Meðal annars á að sjá til þess, að fjármálafyrirtæki geti ekki framar orðið „of stór til að fara á hausinn“, og jafnframt á að tryggja að skattgreiðendur fái ekki reikninginn fari svo að „of stórt“ fjármálafyrirtæki verði samt sem áður gjaldþrota.

Þá er meiningin að setja alþjóðlegar reglur, sem koma í veg fyrir ofurbónusa og hömlulaus áhættuviðskipti, eins og farin voru að tíðkast í fjármálaheiminum fyrir hrunið 2008.

Ekki síst er ætlunin að setja strangar reglur um starfsemi vogunarsjóða og annarra jaðarfyrirbæra fjármálaheimsins, með öflugu eftirliti. Þá er hugmyndin að flóknir fjármálagjörningar á borð við afleiðuviðskipti verði eingöngu leyfilegir innan ramma kauphallarviðskipta og á rafrænu formi, svo unnt verði að rekja þau síðar meir.

Þetta allt saman fullyrðir þýska tímaritið Spiegel á vefsíðu sinni, og vísar þar í drög að lokaályktun fundarins, sem blaðamenn þess hafa komist yfir. Ekki er þó víst að allar þessar aðgerðir verði samþykktar þegar á hólminn er komið.

Þetta verður sjötti fundur leiðtogahópsins frá því haustið 2008, þegar þeir fyrst ákváðu að koma reglulega saman til að ræða viðbrögð við kreppunni og móta aðgerðir.

Þessi fundur í Cannes, þar sem Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti verður gestgjafi hópsins, er haldinn í beinu framhaldi af leiðtogafundum Evrópusambandsins og evrusvæðisins í síðustu viku, þar sem samþykkt var bæði að stækka mjög neyðarsjóð ESB og herða reglur um bankastarfsemi.

Efnahags- og þróunarstofnunin OECD spáir „vægum samdrætti“ í sumum löndum evrusvæðisins á næsta ári og hagvöxtur á svæðinu í heild fari niður í 0,3 prósent.

Stofnunin segir aðallega því um að kenna, að almennt hafi fólk misst trúna á getu stjórnmálamanna til að bregðast við ástandinu. gudsteinn@frettabladid.is

Vongóðir um að uppbygging laxeldis Arnarlax í Arnarfirði hefjist brátt:

# Vilja hefja tilraunaeldi í vor

**FISKELDI** Forsvarsmenn Arnarlax á Bíldudal gera ráð fyrir að tilraunaeldi á laxi í Arnarfirði geti hafist næsta vor, en síðustu þrjú ár hefur fyrirtækið kannað aðstæður á svæðinu. Umsóknir um starfsleyfi og rekstrarleyfi fyrirtækinu til handa liggja nú hjá Umhverfisstofnun og Fiskistofu, að því er fram kemur í tilkynningu frá Arnarlaxi.

Samhliða tilraunaeldinu verður ráðist í uppbyggingu á vinnsluhúsnæði og seiðaeldi í landi. Eftir fimm ár er gert ráð fyrir því að framleiðsla Arnarlax, með tilheyrandi fullvinnslu afurða á neytendamarkað, verði um þrjú þúsund tonn á ári. Í tilkynningunni segir einnig að fimmtíu ný störf geti orðið til við uppbygginguna, en heildarkostnaður á bak við verkefnið verði um þrír milljarðar króna.

Stór fyrirtæki í Noregi og Danmörku, bæði á sviði eldis, vinnslu og markaðssetningar, eru á meðal þeirra sem standa á bak við Arnarlax.

Aðstæður til eldis í Arnarfirði þykja ákjósanlegar að mati sérfræðinga. Í Harðangursfirði í



**SÉÐ YFIR ARNARFJÖRÐ** Vonast er til þess að tilraunaeldi Arnarlax í firðinum geti hafist næsta vor. Uppbygging fyrirtækisins gæti skapað um 50 ný störf á svæðinu. MYND/VÍKINGUR GUNNARSSON

Noregi eru svipaðar aðstæður og þar eru framleidd 30 til 40.000 tonn af laxi á ári, að því er Arnarlax segir. - þj

VETRAROPNUN
SÖLU LÝKUR KL. 17

200.000.000
+1.900.000.000

# 2100 000 000



ÞÚ TALDIR RÉTT:
**2,1 MILLJARÐUR**

Fyrsti vinningur stefnir í 200 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 1.900 milljónir. **Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fimm í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

FÍTON / SÍA

VÍKINGA LOTTÓ

**ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!**
MIÐINN GILDIR 2. NÓVEMBER 2011

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Værum við betur sett án Schengen-samstarfs?

# Frjáls för, fáfræði og fordómar

Sú staðreynd að pólskir ríkisborgarar rændu skartgripabúð hefur komið af stað einkennilegri umræðu um þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu, sem kveður á um afnám vegabréfaeftirlits og frjálsa för milli aðildarríkjanna.

Því hefur verið haldið fram að hingað flæði glæpamenn frá Rúmeníu og Búlgaríu um áramótin, af því að þá fái þessi ríki aðild að Schengen. Það er reyndar vitleysa; það sem gerist um áramótin er að hömlur á rétti borgara þessara ríkja til að koma hingað til lands í atvinnuleit verða felldar niður. Sá réttur byggist á EES-samningnum, ekki Schengen.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Sömuleiðis hefur því verið haldið fram að við ættum að hætta þátttöku í Schengen-samstarfinu af því að þá gætum við komið í veg fyrir óhindraða för glæpamanna til landsins eins og eyríkið Bretland geri. Að standa utan Schengen hefur þó ekki hjálpað Bretum mikið í baráttu við útlendar glæpaklíkur; austurevrópsk gengi stjórna þar stórum hluta undirheimanna. Sum þeirra eiga líklega greiðari leið að landinu í krafti EES-reglna um frjálsa för launþega, en það á ekki við um t.d. rússneska og albanska glæpahópa, sem einnig eru stórtækir í Bretlandi.

Jón Magnússon, lögmaður og fyrrverandi þingmaður, var í útvarpsþætti á Bylgjunni í fyrradag með muninn á Schengen- og EES-samstarfinu á hreinu en vildi hætta þátttöku í hvoru tveggja nema hægt væri að semja um að loka landinu fyrir útlendingum. Frelsið hefði kannski verið í lagi á meðan Evrópusambandið samanstóð aðallega af þróuðum hagkerfum, en staðan hefði breytzt eftir að fátækari ríki Austur-Evrópu urðu aðilar að EES. Jón telur að hingað hafi komið alltof margir útlendingar, sem Ísland ráði ekkert við.

Það er sjálfsagt að ræða hvort aðild Íslands að alþjóðlegu samstarfi geti haft í för með sér að skipulögð glæpastarfsemi hér færist í vöxt, en það hlýtur að mega gera þá kröfu að sú umræða fari fram á grundvelli réttra upplýsinga og án fordóma gegn heilu þjóðunum. Enn sem komið er hafa miklu fleiri Íslendingar en útlendingar framið vopnuð rán á Íslandi. Michelsen-ræningjarnir bjuggu ekki á Íslandi, heldur komu hingað sem ferðamenn. Og það er vafamál að það hefði nokkru breytt þótt kíkt hefði verið í vegabréfin þeirra.

Frjáls för launþega á EES hefur ekki valdið neinum teljandi vandræðum á Íslandi. Það hefur aðildin að Schengen ekki gert heldur. Þvert á móti hafa löggæzluyfirvöld í gegnum það samstarf fengið aðgang að upplýsingum og aðstoð sem þau hefðu ekki notið annars.

Í krafti upplýsinga frá erlendum lögregluembættum hefur þannig nokkrum sinnum verið gripið til heimilda í Schengen-sáttmálanum til að hindra för grunaðra glæpamanna og vísa þeim úr landi. Hverjir áttu þá í hlut? Jú, Vítisenglar frá hinum þróuðu hagkerfum Noregi og Danmörku. Ætli skipulögð glæpastarfsemi í Búlgaríu sé meiri ógn við íslenzkan almenning en norrænu glæpagengin?

Alþjóðleg glæpastarfsemi er eðli málsins samkvæmt alþjóðlegt vandamál. Menn ná ekki tökum á því vandamáli með því að loka landamærum fyrir hinum stóra meirihluta sem ekkert illt hefur í hyggju, heldur með því að vinna saman gegn glæpagengjunum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Gleymt og grafið

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra sagði í viðtali við Fréttablaðið á dögunum að svo virtist sem bankahrunið væri mönnum gleymt, fjargviðrast væri yfir öllum niðurskurði og meira heimtað frá hinu opinbera. Þetta rifjast upp þegar lesnar eru ályktanir nýafstaðins ársþings Sambands sunnlenska sveitarfélaga. Þær eru tæplega fimmtíu talsins og snerta á ýmsum málum. Eitt eiga þær þó að uppstöðu til sameiginlegt: Að þar er nauðað í stjórnvöldum um meiri peninga og minni niðurskurð.



### Allt öðruvísi fólk

Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, telur ófært að sameina öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Raunar virðist hann telja að það gerist ekki nema með því að Reykjavík innlimi önnur sveitarfélög. Það gangi ekki, enda sé feikimikill munur á Reykjavík og hinum sveitarfélögunum. Það var og. Bæjarmörkin aðskilja greinilega gjörólíkt fólk.

### Ábyrgð nefndarinnar

Íslendingar eru nú næstfeitasta þjóð Vesturlanda og eru Norðurlandameistarar í sykuráti. Þetta eru ill tíðindi, en kannski fyrst og fremst fyrir þá sem sátu í nefnd um hollara mataræði og meiri hreyfingu. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra skipaði nefndina og formaður hennar var Þorgrímur Þráinsson. Auk hans sátu meðal annarra í henni Jón Óttar Ragnarsson næringarfræðingur og Sæunn Stefánsdóttir, aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra. Annaðhvort hefur nefndinni mistekist ætlunarverk sitt eða á hana var ekki hlustað.



stigur@frettabladid.is kolbeinn@

## HALLDÓR




# 15 milljarða króna gjöf ríkisins

Stjórnmál



Kristinn H. Gunnarsson
fv. alþingismaður

Fréttablaðið birti á forsíðu sinni frétt um mikil uppgrip í uppsjávarveiðum. Veiðar á makríl, síld og loðnu munu væntanlega skila um 75 milljörðum kr. í þjóðarbúið. Það eru góðar fréttir fyrir marga, en sérstaklega fyrir útgerðina sem græðir á tá og fingri um þessar mundir. Það gætu líka verið sérstaklega góðar fréttir fyrir ríkissjóð, en eru það ekki.

Ríkissjóður hefði getað fengið um 16 milljarða króna í sinn hlut fyrir úthlutun veiðileyfisins, ef stuðst er við verð sem útvegsmenn sjálfir hafa verið reiðubúnir að greiða og forsendur Alþingis við viðbótarúthlutun á skötusel. Það var látið ógert og ríkissjóður tekur sér aðeins um 730 milljónir króna.

Mismunurinn er um 15 milljarðar króna. Minna má nú gagn gera útvegsmönnum til þægðar. Veiðigjald til ríkisins fyrir makríl voru heilir 90 aurar fyrir hvert kg, 71 eyrir fyrir kg af síld og verða 95 aurar fyrir loðnuna á veiðunum í vetur.

Færeyingar héldu uppboð á makrílkvóta í sumar og fengu 1,6 milljarða króna fyrir 20.000 tonn eða 80 kr/kg að meðaltali. Samherji keypti kvóta á uppboðinu og greiddi 100 kr. fyrir hvert kg.

Ríkið hefði getað fengið 9 milljarða króna fyrir makrílveiðarnar í stað 140 milljóna kr. samkvæmt forsendum, sem ég geri frekar grein fyrir á heimasíðu minni kristinn.is. Fyrir síldina og loðnuna má ætla að ríkið geti fengið um 7 milljarða króna í sinn hlut, en mun aðeins fá um 590 milljónir króna.

Fyrir mismuninn má reka Landspítalann í hálft ár. Það þyrfti ekki að skera starfsemi sjúkrahússins á Húsavík og Ísafirði niður fyrir sársaukamörk. Það þyrfti ekki að loka annarri líknardeild Landspítalans. Það þyrfti ekki að svíða kaupmáttinn af gamla fólkinu og örorkulífeyrisþegum með því að láta bætur ríkisins ekki hækka til jafns við verðlagsbreytingar.

Hvers vegna þarf að hlífa útvegsmönnum í myljandi gróðastarfsemi við því að taka sanngjarnan þátt í rekstri ríkissjóðs á erfiðum tímum? Hvers vegna hlífir ríkisstjórnin frekar útvegsmönnum en öldruðum og sjúkum? Svona eiga jafnaðarmenn ekki að gera.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hefur þú skoðað www.planb.is ?

Stjórnmál



Birkir Jón Jónsson
alþingismaður



Eygló Harðardóttir
alþingismaður



Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson
alþingismaður

Þann 17. október síðastliðinn opnaði vefurinn www.planb.is. Á vefnum eru ítarlegar tillögur Framsóknar í efnahags-, sjávarútvegs- og atvinnumálum haustið 2011 settar fram á aðgengilegan hátt. Opnun vefsins er næsta skref í þeirri viðleitni þingflokks framsóknarmanna til að auka bein samskipti þingflokksins við fólkið í landinu. Sú tilraun hófst síðastliðið vor með opnun „Græna símans“ en í gegnum hann geta allir landsmenn náð beinu sambandi við þingflokk Framsóknar, komið tillögum og ábendingum á framfæri eða fengið mál tekin fyrir á þingflokksfundi með því að hringja í númerið 563 0755.

Á www.planb.is eru tillögur Framsóknar settar fram á einfaldan hátt í tölusettum liðum og með stuttum myndböndum svo engin þörf er á að grafa djúpt ofan í vef Alþingis til að leita að stefnunni. Í kjölfarið geta allir komið athugasemdum á framfæri við þingflokkinn í gegn um Græna símann.

**Efnahagsmál – Almenna skuldaleiðréttingu í forgang**

Forsenda þess að efnahagurinn taki við sér er að allir þekki sína stöðu. Það er því brýnt að ljúka endurskipulagningu skulda heimila og fyrirtækja sem allra fyrst. Í febrúar 2009 lagði Framsókn til almenna leiðréttingu skulda sem því miður voru slegnar út af borðinu af öðrum flokkum vegna þess að kosningar voru á næsta leiti. Þá skipti meira máli frá hverjum tillögurnar komu en hvort þær væru skynsamlegar. Á undanförnum mánuðum hefur hins vegar komið skýrt fram að tillögur okkar um 20% leiðréttingu skulda voru ekki aðeins skynsamlegar heldur vel framkvæmanlegar.

Framsóknarmenn hafa enn þá stefnu að almenn skuldaleiðrétting sé nauðsynleg. Þær smáskammtalækningar sem boðið hefur verið upp á, eins og 110% leiðin og tímabundin frystingarúrræði, hafa ekki virkað fyrir meginþorra þeirra sem þurfa á aðstoð að halda. Niðurstaðan er sú að nú þremur árum eftir efnahagshrunið hafa aðeins um 2% skulda heimilanna verið afskrifaðar. Ekki þarf að fjölyrða um að þetta er í hrópandi ósamræmi við þann tugprósenta afslátt sem nýju bankarnir fengu á húsnæðislánum við yfirfærsluna frá þrotabúum gömlu bankanna og nú er reiknaður sem hagnaður fyrir erlenda kröfuhafa eða sem aukið eigið fé til að standa undir kaupum á öðrum fjármálastofnunum.

Það er því miður staðreynd að fólk sem þrátt fyrir erfiðleika hefur staðið í skilum og haldið áfram að borga af síhækkandi verðtryggðum lánum hefur ekki fengið neina lausn sinna mála. Almenn skuldaleiðrétting myndi gagnast þessum fjölskyldum best.

**Atvinnumál – Nýtum tækifærin sem eru til staðar**

Atvinna er forsenda hagvaxtar við núverandi aðstæður. Tækifærin eru til staðar og þau þarf að nýta bæði hvað varðar opinberar framkvæmdir sem reynast hagkvæmar sem og frumkvæði einstaklinga.

Það var sorglegt að sjá þingmenn ríkisstjórnarinnar fagna því að tækifæri til atvinnuuppbyggingar og fjárfestingar fór forgörðum með brottför Alcoa í síðustu viku. Á tímum sem þessum er það skylda stjórnvalda að grípa tveim höndum hvert tækifæri sem gefst til að fá erlent fjármagn inn í landið og til að skapa atvinnu. Þar mega pólitísk markmið ekki skyggja á almannahag.

Aðeins með aukinni verðmætasköpun og eftirspurn munu tekjur ríkissjóðs vaxa. Það er grundvöllur aukinnar velferðar þeirra sem minnst lífskjör hafa. Ef takast á að vinna bug á atvinnuleysinu og auka fjárfestingu og uppbyggingu í íslensku atvinnulífi verðum við að blása þegar í stað til samtaka stórsóknar í atvinnumálum. Í þeirri sókn verður að taka tillit til sem flestra þátta atvinnulífsins og hugsa sérstaklega til þátta sem geta gefið fyrirtækjum hvata til að auka umsvif og ráða fólk til vinnu. Ríkisvaldið verður að skapa jákvæða hvata, t.d. með skattkerfisbreytingum, fyrir uppbyggingu, nýsköpun og fjárfestingu til að íslenskt atvinnulíf geti dafnað á ný.

**Sjávarútvegsmál – Sátt um grundvallaratvinnugrein**

Framsókn vill að sameign þjóðarinnar á sjávarauðlindum verði tryggð með ákvæði í stjórnarskrá. Lögfesta þarf hvað hugtakið „sameign þjóðarinnar“ þýðir og tryggja að auðlindin skili þjóðinni arði. Mikilvægasta verkefnið á sviði sjávarútvegs er að skapa stöðugleika og eyða óvissu fyrir greinina svo hún geti dafnað og fjárfest í nýsköpun, aukið arðsemi og hagvöxt. Úthlutun aflaheimilda og nýtingarsamningar á þeim verða að byggjast á því að stjórnvöld fari með eignarréttinn á auðlindinni í umboði þjóðarinnar og geti með samningum falið öðrum nýtingarréttinn í ákveðinn tíma og magni.

**Þegar plan A virkar ekki verður að skipta yfir í plan B**

Plan ríkisstjórnarinnar um niðurskurð, skattahækkanir og fjárfestingafrost hefur fengið tvö og hálft ár til að sanna sig. Það plan hefur ekki virkað og því er kominn tími til að reyna nýjar leiðir. Á www.planb.is eru tillögur að nýjum leiðum sem mikilvægt er að málefnaleg umræða skapist um.

Framtíð Íslands er björt. Íslendingum mun takast að rétta við efnahag landsins og byggja upp velferðarsamfélagið á ný. Til þess þarf aðeins samtakamátt þjóðarinnar og vilja til að taka nýjar ákvarðanir í efnahags- og atvinnumálum. Þor til að skipta um plan.

AF NETINU

## Markaðsmisnotkun nýju bankanna



Hvenær ætlar sérstakur saksóknari að handtaka bankastjórana og bankaráðsmennina sem leyfa sér að bókfæra milljarða í hagnað en leiðrétta ekki stökkbreytt vanskilalán viðskiptavina bankanna – segjast ekki hafa efni á því – „svigrúmið“ búið?

Það er ekki aðeins verið að svína á skuldurum í þágu kröfuhafa. Það er verið að blekkja markaðinn og fegra afkomu bankanna. Það er hægt að stöðva glæp, sem verið er að fremja. Samt gerir enginn neitt. Hjá FME vinna 100 manns. Þeir sjá uppskrúfaðan hagnað bankanna og þeir sjá líka 30 prósenta vanskilin. Samt gerir FME ekki neitt. Hjá sérstökum saksóknara vinna aðrir 100, en þeir eru of upptekinir við að eltast við fortíðina. Þess vegna komast bankarnir upp með stórfellda og grófa markaðsmisnotkun, sem felst í því að falsa bókhald og fegra afkomu þeirra.

Undir eðlilegum kringumstæðum væru bankastjórnendur sem slíkt stunda handteknir og látnir svara til saka.

http://www.pressan.is
Ólafur Arnarson



# Brugðist við óvæntum sveiflum í rjúpnastofninum

Rjúpnaveiðar

Svandís Svavarsdóttir
umhverfisráðherra



Elvar Árni Lund, formaður Skotvís, birtir grein í Morgunblaðinu 31. október sl., þar sem hann gagnrýnir ákvörðun umhverfisráðherra um rjúpnaveiðar þetta árið. Ég harma þann misskilning sem mér finnst örla á hjá Elvari og vil því fara yfir aðdraganda ákvörðunar um rjúpnaveiðar þetta árið. Það skiptir miklu máli að traust ríki á milli stjórnvalda og veiðimanna í þessum efnum.

Stjórnvöldum ber skylda út frá náttúruverndarsjónarmiðum að tryggja að athafnir mannsins höggvi ekki of stór skörð í dýrastofna og nýting þeirra sé með sjálfbærum hætti. Sú nýbreytni varð við ákvörðun á fyrirkomulagi rjúpnaveiða haustið 2009, að gert var ráð fyrir að ákvörðunin gilti til þriggja ára, nema að óvænt þróun yrði í rjúpnastofninum á þeim tíma. Þegar umhverfisráðuneytinu bárust ráðleggingar Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) 7. september kom fram að stærð veiðistofnsins virtist hafa dregist saman um ríflega helming á milli ára. Lagði NÍ til þrjár leiðir í stöðunni; í fyrsta lagi óbreytt 18 daga veiðitímabil, í öðru lagi fækkun veiðidaga, t.d. um helming, og í þriðja lagi að rjúpnaveiðum yrði hætt.

Sérfræðingar NÍ og Umhverfisstofnunar (UST) mættu á fund í umhverfisráðuneytinu 20. september, þar sem UST lagði fram útfærslu á tillögu um 18 veiðidaga. Taldi ég sveiflu í rjúpnastofninum vera meiri en svo að hægt væri að láta athugunarlaust, en jafnframt fulllangt gengið að banna veiðar með öllu. Því óskaði ég eftir útfærslu sérfræðinga NÍ og UST á níu daga veiðitíma á rjúpu þetta árið. Tillaga stofnananna tveggja lá fyrir 29. september og voru lögboðnir hagsmunaaðilar þá þegar boðaðir á fund um málið.

> Taldi ég sveiflu í rjúpnastofninum vera meiri en svo að hægt væri að láta athugunarlaust, en jafnframt fulllangt gengið að banna veiðar með öllu.

Þann 30. september fundaði ráðuneytið með hagsmunaaðilum, þ.e. fulltrúum frá Skotvís, Bændasamtökunum og Fuglavernd. Þar tilkynnti ég ákvörðun um níu daga veiðitímabil og bað hagsmunaaðila um útfærslu á fyrirkomulaginu, svo hægt væri að taka endanlega ákvörðun fyrir 5. október. Þær athugasemdir sem bárust sneru allar að breytingum á fjölda daga, en ekki með slíkum rökum að sérfræðingar ráðuneytisins legðu til að horfið yrði frá níu daga útfærslunni – enda ljóst að rjúpnastofninn þyrfti strangari veiðistjórnun en áður. Því var farið að tillögu Náttúrufræðistofnunar og Umhverfisstofnunar við endanlega ákvörðun, sem kynnt var 5. október.

Almennt er mikill skilningur í samfélaginu á mikilvægi þess að ganga vel um rjúpnastofninn og fara veiðimenn og samtök þeirra þar framarlega í flokki. Samstarf stjórnvalda við Skotvís hefur verið gott og ber að þakka fyrir það. Eins og fram kom þegar ákvörðun um veiðar var kynnt, hyggst ég boða til frekara samstarfs, þar sem skoðað verður hvernig rjúpnaveiðum verði best hagað á komandi árum. Ég tek undir með formanni Skotvís, að slæmt sé að það þurfi að handstýra ákvörðun um rjúpnaveiðar svo skömmu fyrir veiðitímabilið ár hvert. Bind ég vonir við að samstarf sérfræðinga og hagsmunaaðila geti á næstu vikum og mánuðum fundið nýjar lausnir við skipulag rjúpnaveiða, svo hægt sé að stunda þær á sjálfbæran hátt um ókomna tíð.

# Umrót í Evrópu

ESB-aðild

Einar Benediktsson
fv. sendiherra



Í málefnum Evrópusambandsins hefur flest annað horfið í skuggann af pólitískum ágreiningi um hvernig leysa skuli skuldavanda evruríkja sem hafa sýnt slakastan árangur um að fylgja settum reglum. Fréttir fjölmiðla okkar um evrukrísuna eru oftast hinar válegustu þrátt fyrir að á ráðherrafundum evruríkjanna í ESB hafi þokað í rétta átt í aðgerðum fyrir Grikkland og aðþrengda banka.

Reynslan sýnir að það er ekki létt um vik að stýra myntbandalagi 17 Evrópuríkja en evrukrísan er vissulega fyrst og fremst að kenna slakri hagstjórn fárra ríkja. Þar hefur keyrt fram úr öllu hófi í hinu skuldsetta Grikklandi. Hvernig átti það að geta gengið hjá þeim að halda inn í myntsamstarfið með falsaða þjóðhagsreikninga og eftirlaunagreiðslur til þúsunda látinna lífeyrisþega?

Við verðum að líta á þessi Evrópumál frá eigin sjónarhóli þrátt fyrir allt umrótið og orðskvaldur dagsins. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, mælti fyrir því 26. október að leitað yrði stuðnings við beintengingu krónunnar við evru hjá ESB og AGS í þeim tilgangi að losna við gjaldeyrishöftin og fá erlent fjármagn inn í landið til að efla hagvöxt. Vonandi verður hægt að fá viðræður um slíkan stuðning með tilliti til þess að samningaviðræðurnar um aðild skila góðum árangri. En einmitt þennan októberdag hófust fréttir af því sem Guðmundur Andri segir hafa verið heimsleikana í hagfræði í Hörpu. Og það má vissulega segja að þeir hinir frægu hafi haft sitt hvað að segja um Ísland í hruni og viðreisn. Nokkrum hápunkti í yfirlýsingum hafði Martin Wolf frá Financial Times náð en hann kom fram í Kastljósi með því fororði að hann hefði ekki kunnáttu á Íslandi.

En hvað skiptir þá máli varðandi okkur og Evrópusambandið?

■ Samningar okkar um aðildina að Evrópusambandinu ganga greiðlega og verður að verulegu leyti lokið 2012. Þátttaka í Evrópska efnahagssvæðinu jafngildir verulegum hluta af fullri aðild en út af standa einkum sjávarútvegs- og landbúnaðarmál. Þegar heildarsamningur liggur fyrir munu Íslendingar sjálfir meta málið, vissulega án aðstoðar Financial Times, og leiða endanlega til lykta í þjóðaratkvæði.

■ Ef sú aðild hefur verið samþykkt af þjóð og þingi liggur beint við að hefja samninga í gjaldmiðilsmálinu hafi það ekki verið byrjað fyrr. Gera verður ráð fyrir aðstoð Seðlabanka Evrópu – ECB – og að Ísland hefji sk. ERM II aðlögunarferli

> Þá dylst það væntanlega fáum að þátttaka í frjálsum innri markaði Evrópusambandsins verður ekki tryggð nema með traustum gjaldmiðli.

■ Sú staðreynd er lítið rædd, að nú er um er um að ræða tvískipt, sk. tveggja hraða Evrópusamband. Innri kjarninn eru þau 17 lönd sem hafa tekið upp evruna og gætu vel tekið frekara skref um að gera virkar skuldbindingar á peninga- og fjármálasviðinu sem ekki hefur verið beitt sem skyldi. Það sem um ræðir eru ákvæði Maastricht-sáttmálans frá 1991 einkum um hámark á greiðsluhalla fjárlaga, opinberra skulda og verðbólgustigs. Á þeim tíma var hins vegar ekki fyrir hendi pólitískur vilji til að stofna til þess virka eftirlits sem þessi viðmið í efnahagsstjórn krefjast. Því má segja að hleypt hafi verið af stað upp á nokkra von og óvon. Nú eru þess öll merki að Bretar láti sér það lynda að þeir sem það geta og vilja standi að sterkri evru. Bæði Bretar og Danir eru með undanþágur um að standa utan evrusamstarfsins og sú er einnig staða Svía.

■ Það ber síður en svo að útiloka að úr þessu skeiði umróts og kreppu komi sterkara Evrópusamband og þá tvískipt. Evrulöndin 17 hafa þegar hafið leiðtogafundi sem hin 10 sækja ekki. Það hefur löngum legið fyrir að það eru mismunandi viðhorf til hversu náið samstarfið skuli vera og stofnanir sterkar. Ekkert við það að athuga. Og hafa t.d. Danir ekki búið við velsæld og án pólitískra átaka með eigin mynt í fastri tengingu við evruna í 20 ár?

Er nú ekki tími til kominn að víðtækari pólitísk samstaða verði í Evrópumálum á Íslandi? Vonandi hefur það ekki gleymst öllum þeim sem voru í fararbroddi um aðild að bæði EFTA og EES, að með því fékkst undirstaða velferðar íslensks þjóðfélags undanfarna áratugi. Þá dylst það væntanlega fáum að þátttaka í frjálsum innri markaði Evrópusambandsins verður ekki tryggð nema með traustum gjaldmiðli. Því er ekki andmælt með rökum að okkar örlitla, opna hagkerfi geti ekki búið við eigin mynt með fljótandi gengi fremur en við gjaldeyrishöft. Kjarni málsins er að þátttakan í innri markaðinum sé tryggð að því gefnu að aðildarsamningurinn taki að þjóðardómi tillit til íslenskra hagsmuna.

Magnaður miðvikudagur
20% auka-áfylling í dag á siminn.is

Í dag er magnaður miðvikudagur og þú færð 20% ábót þegar þú fyllir á Frelsi og Ring á siminn.is.
Þú færð meira hjá Símanum
Síminn
Gildir einungis ef fyllt er á í gegnum siminn.is


NÝTT!
Nicotinell Tropical Fruit
Vnr 15 70 47
2 mg
Nicotinell
Tropical fruit 2 mg
NICOTIN
24 MEDICINSK TYGGEGUMMI/
LYFJATYGGIGÚMMÍ
SUKKERFRI
SYKURLAUST
24
AUÐVELDAR ÞÉR AÐ HÆTTA REYKINGUM
NÝTT OG FRÍSKANDI
ÁVAXTABRAGÐ
Nicotinell er samstarfsaðili
Krabbameinsfélagsins
Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli.
Nicotinell lyfjatyggigúmmí inniheldur 2 mg eða 4 mg nikótín (nikótínpólacrillín). Nicotinell lyfjatyggigúmmí er notað til að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum nikótíns hjá einstaklingum sem eru háðir nikótíni. Þannig getur það auðveldað reykingafólki sem vill hætta að reykja að hætta eða að draga úr reykingum. Ekki má nota fleiri en 25 stk. 2 mg lyfjatyggigúmmí eða meira en 15 stk. 4 mg lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Ef þú ert með ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju öðrum innihaldsefnum eða reykir ekki má ekki nota Nicotinell lyfjatyggigúmmí. Ráðfærðu þig við lækninn eða lyfjafræðing ef þú hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp - ert með hjartasjúkdóma, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil, ofvirkar nýrnahettur, alvarlega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi eða magasár. Ef þú ert barnshafandi eða með barn á brjósti máttu einungis nota lyfið í samráði við lækni. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 18 ára nema í samráði við lækni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.

# Vanræksla stjórnvalda í forvarnamálum!

Heilbrigðismál

Guðlaugur Þór Þórðarson
alþingismaður



Nú berast fréttir af því að við Íslendingar séum orðin næst feitasta þjóð heims! Þetta eru sorglegar fréttir, sérstaklega þar sem þessi þróun hefur verið fyrirséð í langan tíma. Í ljósi þess setti ég sem ráðherra heilbrigðismála forvarnir í forgang. Ég fékk til liðs við mig fólk með yfirburðaþekkingu á sviðinu; Dr. Ingu Dóru Sigfúsdóttur, sem nú starfar sem prófessor við Columbia háskóla í New York, og Héðin Unnsteinsson, sem starfað hafði að stefnumótun hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni um árabil. Byggt á nýjustu rannsóknum og í samráði við fjölmarga fagaðila á sviði forvarnamála, settu þau saman heildstæða stefnu sem tekur til hreyfingar, vímuvarna og geðverndar.

**Í inngangi stefnunnar segir:**
„Markmið með heilsustefnu er ekki eingöngu að fólk nái háum aldri. Hún snýst ekki síður um að fólki líði sem best á meðan það lifir. Þá verður ekki framhjá því litið að sjúkdómar rýra lífsgæði og eru dýrir fyrir samfélagið og útlit er fyrir verulega aukningu á ýmsum langvinnum sjúkdómum í framtíðinni verði ekkert að gert. Því er mikilvægt að draga úr aukningu langvinnra sjúkdóma og gefa þeim sem fá sjúkdóma möguleika á að lifa betra lífi.“

**Fagmennska og árangur**
Við vinnu stefnunnar var lögð áhersla á fagmennsku, og árangur. Íslenska þjóðin hefur séð nógu mikið af almennum stefnuyfirlýsingum sem ekki hefur verið fylgt eftir. Þessu vildum við breyta. Í ljósi þess var sett fram áætlun um 30 aðgerðir og rík áhersla lögð á að hægt yrði að meta árangur þeirra. Tilgreindir voru ábyrgðaraðilar með hverri aðgerð, þær voru mælanlegar og með tímamörkum.

Fagmennska og árangur voru leiðarljós stefnumótunarvinnunnar, sem auk þess að byggja á nýjustu rannsóknum, studdist við helstu aðgerðir sem áður hafði verið mælt með á sviði lýðheilsu hérlendis, stefnur og framkvæmdaáætlanir í nágrannalöndunum, auk þess sem horft var til áhersluatriða erlendra stofnana eins og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í lýðheilsumálum.

Starfið var því byggt bæði á reynslu Íslendinga en auk þess var stuðst við erlend gögn og skýrslur alþjóðastofnana um lýðheilsu. Síðast en ekki síst var aðgerðaáætlunin unnin með víðtæku samráði þar sem leitað var eftir áliti sem flestra þeirra sem málið varðar. Í því ferli voru haldnir fundir með öllum fulltrúum stærstu sveitarfélaga landsins, fulltrúum verslunar, þjónustu og iðnaðar. Einnig var fundað með fulltrúum stéttarfélaga, frjálsra félagasamtaka, háskóla og fagstétta. Sjónarmið þessara aðila og áherslur voru mikilvægt innlegg við mótun aðgerðaáætlunarinnar.

Í heild var vinnan við þessa stefnumótun á sviði forvarna fyrir þjóðina, liður í þeirri stefnu minni sem ráðherra að hafa fagmennsku og þekkingu að leiðarljósi. Nú skyldi maður ætla að það hefði verið góð þverpólitísk samstaða um að fylgja þessari stefnu eftir. Svo var ekki. Ögmundur Jónasson, fyrsti ráðherra heilbrigðismála af þremur í núverandi ríkisstjórn, hafði ekki þor né dug til að halda áfram starfinu; af þeirri einföldu ástæðu að hann hafði ekki átt frumkvæði að því. Pólitík gærdagsins! Þess í stað sá hann til þess að Heilsustefnan kæmi aldrei fyrir sjónir Íslendinga, setti hana niður í kjallara í ráðuneytinu og síðan hefur ekkert til hennar spurst. Árangurinn er einfaldlega sá að við horfum fram á stóraukinn vanda í þessum málaflokki og þá sérstaklega meðal ungs fólks.

**Tökum höndum saman**
Þetta ástand er okkur Íslendingum til háborinnar skammar. Vanrækslan í þessum málaflokki mun koma niður á öllum, en sérstaklega þó ungu fólki sem mun lifa með afleiðingunum í formi skertra lífsgæða.

Góðu fréttirnar eru þær að við getum snúið þessari þróun við. Heilsustefnan sem lögð var fram í nóvember 2008 er góður grunnur til að byggja á. Komum henni í framkvæmd.
*http://www.velferdarraduneyti.is/media/Skyrslur/Heilsustefnan.pdf*

Félagsmiðstöðvadagurinn
2. nóvember 2011

Veistu hvað unglingar gera í félagsmiðstöðvum?
Veistu að stór hluti unglinga í Kópavogi sækir félagsmiðstöðvar?
Veistu að forvarnir eru rauði þráðurinn í öllu starfi félagsmiðstöðvanna?
Viltu kynnast því sem unglingarnir eru að gera?

**Opið hús!** Fjölskyldan er velkomin í félagsmiðstöðvarnar í Kópavogi til að taka þátt og kynnast starfseminni.
Við tökum á móti þér með bros á vör frá kl. **17–19** og **20–22**.
Heitt verður á könnunni.

Sjáumst!
Unglingar og starfsfólk félagmiðstöðvanna í Kópavogi.

Félagsmiðstöðin **Ekkó** – Kársnesskóli
Félagsmiðstöðin **Kjarninn** – Kópavogsskóli
Félagsmiðstöðin **Igló** – Snælandsskóli
Félagsmiðstöðin **Pegasus** – Álfhólsskóli
Félagsmiðstöðin **Þeba** – Smáraskóli
Félagsmiðstöðin **Jemen** – Lindaskóli
Félagsmiðstöðin **Fönix** – Salaskóli
Félagsmiðstöðin **Kúlan** – Hörðuvallaskóli
Félagsmiðstöðin **Dimma** – Vatnsendaskóli

Fótboltaspil
Þythokkí
Jól í skókassa
Spil
Jólakortagerð
Pool
Tónlist
Myndbönd
Borðspil
Fússball
Púsl
Fífa12 mót

Frístunda- og forvarnadeild Kópavogsbæjar

# Til varnar stjórnmálum

Stjórnmál

Hjálmar Sveinsson
varaborgarfulltrúi



Það er afar vinsælt nú um stundir að úthúða stjórnmálamönnum og stjórnmálaflokkum. Fyrir því er reyndar löng hefð, en síðustu misserin hefur andúðin náð áður óþekktum hæðum. Það er eins og búið sé að gefa skotleyfi á stjórnmálamenn og þeir virðast frekar varnarlausir. Sá siður hefur til að mynda fest sig í sessi að hrópa ókvæðisorð að íslenskum alþingismönnum á leið sinni úr Dómkirkjunni í Alþingishúsið og grýta í þá eggjum.

**Sjálfsfyrirlitningin**
Ekki er nóg með að eggjum rigni yfir alþingismenn. Í kommentakerfum vefmiðlanna er á hverjum degi heimtað að hreinsað verði út úr Alþingi. Í ritstjórnargreinum Morgunblaðsins er meirihluti íslenskra stjórnmálamanna í borginni og á Alþingi kallaður fífl, fábjánar, trúðar, heimskingjar, svikarar, lygarar, dag eftir dag, viku eftir viku, mánuð eftir mánuð. Eflaust eru eigendur og útgefandi blaðsins ánægðir með stefnu og stíl ritstjórnarinnar. Ég held samt að enginn taki mark á þessu ofstæki og blinda hatri í bland við útúrsnúninga, uppnefni og einhverju sem virðist eiga að vera húmor. Þessi skrif gjaldfella sig sjálf. Við lifum í samfélagi sem gjaldfellir sjálft sig á hverjum einasta degi. Fyrirlitningin á stjórnmálastéttinni reynist stundum vera, þegar nánar er að gáð, tilbrigði við sjálfsfyrirlitningu.

hann á Alþingishúsið og sagði: „Ég vil þetta dót í burtu“.

Þessi uppákoma, þessi þróun er umhugsunarverð. Andúðin gangvart þinginu, stjórnmálaflokkum og stjórnmálamönnum kann að vera skiljanleg í ljósi þess sem gerst hefur. Og það verður að segjast eins og er að þingmenn hafa átt það til með málflutningi sínum og málþófi að gera okkur erfitt fyrir að bera virðingu fyrir þeim og þinginu. En það er ekki mjög góð hugmynd að hreinsa út úr þinghúsinu eða að koma öllu því dóti sem þar er í burtu, nema með lýðræðislegum kosningum. Undanfarin fjögur ár hafa átt sér stað tvennar kosningar til þings og veruleg endurnýjun í liði þingmanna. En það virðist engu breyta um álit þingsins og stjórnmálanna. Það eru ekki nema 19 mánuðir í næstu þingkosningar. Kosningakerfið er einmitt hugsað til að koma í veg fyrir að það myndist gjá milli þings og þjóðar.

**Fulltrúalýðræðið**
Það gleymist í öllu umrótinu að fulltrúalýðræðið sem við búum við er merkilegt fyrirbæri og í raun snilldarleg lausn á útfærslu lýðræðisins og meðferð valdsins. Lýðræðið þýðir bókstaflega að fólkið ráði en það geta ekki allir ráðið og alltaf og alls staðar. Lausnin er sú að við kjósum fulltrúa á þing og í sveitarstjórnir til að framfylgja þeirri pólitísku stefnu sem við fylgjum. Þetta kerfi byggir á málamiðlunum milli ólíkra skoðana, milli meirihluta og minnihluta, milli þeirra sem hafa mikil völd og þeirra sem hafa engin völd. Það hefur búið til stjórnmálaflokka, stjórnmálastefnur og þann hóp af fólki sem kallast stjórnmálamenn. Það er síkvikt og býsna skilvirkt og hefur reynst mjög farsælt. En það felur í sér vissa veikleika og getur verið varnarlaust gangvart ákveðnum ógnum.

Vandinn hefur meðal annars verið sá síðastliðin 20 ár að samfélögin urðu sífellt hnattvæddari, þar með talið líf einstaklinganna, félagasamtök, alls kyns stofnanir og auðvitað viðskiptalífið sem leiðir hnattvæðinguna. En stjórnmálin voru að miklu leyti bundin við afmörkuð svæði sveitarfélaga og þjóðríkja. Af þessu skapaðist ójafnvægi svæðisbundinna stjórnmála og hnattvæddra afla. Þetta ójafnvægi hefur leitt til þess að hefðbundið fulltrúalýðræði mátti sín æ minna gagnvart krafti og kröfum fjármála- og viðskiptalífsins. Það varð meðal annars til þess að stjórnmálamenn, og framar öllu forseti Íslands, töldu sér trú um að ekki væru til aðrir valkostir en að láta hagsmuni fjármagnseigenda og fyrirtækja ráða ferðinni.

> Við höfum ekki góða reynslu af pólitískri lömunarveiki, þröngum flokkshagsmunum, hreppapólitík, málþófi, útúrsnúningum og lýðskrumi.

Auðvitað er gagnrýnið aðhald nauðsynlegt og það eru bara lélegir stjórnmálamenn sem kveinka sér undan harðri málefnalegri gagnrýni. Það verður líka að segjast fullum fetum að stjórnmálastéttin stóð sig ekki sérlega vel á vaktinni árin fyrir hrun íslenska fjármálakerfisins. Hrunið tók eitt og annað með sér í fallinu. Þar á meðal traustið til stjórnmálanna. Traustsskorturinn sýnir sig meðal annars í því að í skoðanakönnun eftir skoðanakönnun segjast aðeins 11 til 13 prósent bera mikið traust til Alþingis. Það er áhyggjuefni í landi þar sem þingræði er meginstoð stjórnskipunarinnar.

**Forsetagjáin**
Við þessar aðstæður hefur forseti Íslands tekið sér stöðu á áður óþekktum stað sem hann sjálfur hefur fundið og skilgreint sem „gjá milli þings og þjóðar“. Í þessari gjá hefur honum tekist að skapa sér ótrúlega mikið svigrúm. Þar hefur hann, sem var áður hugmyndafræðingur og guðfaðir íslensku bankaútrásarinnar, tekið sér það hlutverk að vernda þjóðina fyrir þinginu og erlendu kúgunarvaldi. Hann hefur skipt þjóðfélaginu í tvö lið, þjóðina og þingið. Hann er í liðinu með þjóðinni gegn þinginu.

Við þingsetningu um daginn notaði hann tækifærið til að skamma þingið duglega á meðan forsetafrúin klifraði yfir grindverkið við Alþingishúsið og kyssti fólkið. Sem betur fer fylgdu sjónvarpsvélar henni, þannig að við sem sátum heima í stofu fengum að fylgjast með. Í sjónvarpinu var talað við einn mótmælandann sem virtist afar ánægður með forsetahjónin, eins og von er, en svo benti

Samkvæmt Rannsóknarskýrslu Alþingis um aðdraganda og orsakir bankahrunsins á Íslandi, ríkti hér á landi „pólitísk lömunarveiki“ gagnvart fjármálavaldinu í aðdraganda hrunsins. Lækning á þessari lömunarveiki stendur nú yfir. Þar þarf að gæta jafnvægis. Við þurfum virkt fjármálakerfi og skilvirka bankastarfsemi. Og við þurfum lifandi stjórnmál; framsýna, málefnalega, sanngjarna og hugrakka stjórnmálamenn og áhugaverða, andríka, öfluga, opna stjórnmálaflokka.

Við höfum ekki góða reynslu af pólitískri lömunarveiki, þröngum flokkshagsmunum, hreppapólitík, málþófi, útúrsnúningum og lýðskrumi. Við þurfum ekki minni stjórnmál. Við þurfum meiri og betri stjórnmál.

# AÐEINS TVEIR DAGAR

# RÝMINGARSALA!

Vegna flutnings verslunar okkar úr Nóatúni 17 seljum við öll sýnishornin í búðinni hjá okkur á brjáluðum afslætti í dag miðvikudag og á morgun fimmtudag.

Fartölvur - Borðtölvur - Skjáir - Prentarar - Skannar
Sjónvarpsflakkarar - Hátalarasett - Tölvukassar

**TAKMARKAÐ MAGN Í BOÐI**

## 10% AFSLÁTTUR

af öllum öðrum vörum í tilefni flutninganna!

## OPNUM Á NÝJUM STAÐ

Opnum nýja og þrefalt stærri verslun að Suðurlandsbraut 26 á laugardaginn.

Verslunin í Nóatúni verður lokuð föstudaginn 4. nóvember vegna flutninganna. Opið verður í verslun okkar í Hafnarfirði.

TÖLVULISTINN

# Er þetta það sem við viljum?

Heilbrigðismál



**Karen Eiríksdóttir**
hjúkrunarfræðingur á líknardeild aldraðra á Landakoti

Heldur voru það kaldar kveðjur, sem starfsfólk líknardeildar Landakotsspítala fékk frá yfirvöldum daginn eftir að það sat stolt að undirbúningi tíu ára afmælis deildarinnar. Mikill hugur var í fólki að gera kynningu á deildinni sem best úr garði og segja frá hinu góða starfi sem þar hefur verið unnið með fagmennsku, metnað og hlýju að leiðarljósi. Nú er hins vegar komið að því! Ráðist er að þjónustu við aldraða á líknandi meðferð.

Það hefur verið stórkostlegt að fá að vinna við að hjúkra þessum aldurshópi á síðustu ævidögum fólks. Maður taldi víst að þessi þjónusta fengi að vera í friði, en enn og aftur er ráðist að varnarlausum öldungum, ekki einungis fjölveikum með illvíga sjúkdóma, þrotnum að líkamlegum kröftum, heldur jafnframt með misdjúp sár á sál eftir ýmiss konar missi á langri ævi.

Síðan þetta fallega og virðulega hús, Landakotsspítali, var alfarið tekið í þjónustu aldraðra, hefur manni virst mikil sátt hafa verið í þjóðfélaginu með þá þjónustu sem þar hefur verið veitt, og hafa margir hrósað yfirvöldum fyrir þá ákvörðun á sínum tíma.

Á undanförnum árum hefur hins vegar sífellt verið gengið á þá þjónustu, sem fyrr var veitt í húsinu. Rætt er um að sameina eigi þær líknardeildir, sem starfræktar eru innan LSH. Hvað þýðir sú sameining í raun? Ákveðið hefur verið að flytja líknardeild Landakotsspítala í Kópavog, þ.e.a.s. loka líknardeild aldraðra á Landakoti. Þar með er óhjákvæmilega verið að rýra þjónustuna við aldraða.

Undanfarin tvö sumur hafa þessar tvær líknardeildir verið samreknar í Kópavogi. Reynsla er nú fengin á hvað því viðvíkur að reka saman þessi tvö hjúkrunarsvið, annars vegar almenna líknardeild og hins vegar líknardeild fyrir aldraða. Allir hafi verið af vilja gerðir að láta þessa tilraun ganga sem best upp og viljað taka þátt í þeim niðurskurði sem öll þjóðin hefur þurft að ganga í gegnum.

Fullyrða má að báðar þessar líknardeildir veita ómetanlega þjónustu, en um er að ræða tvo mismunandi aldurshópa með mismunandi þarfir. Húsið í Kópavogi er að mínu mati mjög þröngt, og erfitt er að koma þar við ýmsum stórum hjálpartækjum sem beita þarf við þunga sjúklinga sem lítið eða ekkert geta hreyft sig í rúmum sínum. Staðsetning og skipulag deildarinnar á Landakoti hefur hentað vel þessari hjúkrun og umönnun, og hún býður upp á góða nánd við sjúklinga og aðstandendur þeirra, enda var deildin í upphafi hönnuð með þessa þjónustu í huga.

Á Landakoti er opin röntgendeild tvisvar í viku. Þangað þurfa sjúklingar líknardeildar gjarnan að leita. Blóðrannsóknir og sjúkraþjálfun eru einnig í byggingunni og þarf því ekki að leita með þessa þjónustu út fyrir bæjarmörk.

Undanfarin ár hefur verið áberandi hve aldraðir sem innritast á líknardeild Landakotsspítala hafa verið sjúkari en áður. Sömuleiðis hafa fjölskyldur margra þeirra verið orðnar mjög útkeyrðar og margir yfir sig þreyttir. Þetta hefur í för með sér ærið verk fyrir starfsfólk að hjálpa þessum hópi við að láta sér líða vel svo að allir geti gengið sem sáttastir frá kveðjustund. Á síðasta ári nutu liðlega hundrað aldraðir sjúklingar þjónustu líknardeildar aldraðra á Landakoti, ýmist til æviloka eða að meðferð leiddi til þess að þeir gátu farið á hjúkrunarheimili og jafnvel heim til sín.

Gjarnan má minnast á fagurt útsýni af efstu hæð Landakotsspítala þar sem líknardeildin er. Þaðan blasa við listaverk náttúrunnar eins og þau gerast best, og hafa þau oft glatt gömul augu og rifjað upp margar góðar minningar. Sagt hefur verið í gríni að heppni hafi verið að útrásarvíkingarnir þurftu ekki að leita til deildarinnar, þar sem telja má víst að þeir hefðu séð tækifæri í staðsetningunni og viljað greiða hátt gjald fyrir útsýnið. Nú eru það hins vegar ráðamenn heilbrigðisþjónustunnar, sem ætla að loka fyrir þá þjónustu, er veitt hefur verið í húsinu við góðan orðstír.

Margar spurningar hvíla eðlilega á starfsfólki líknardeildar. Rætt er um að heildarsparnaður sé áætlaður um 50 milljónir króna, og þá er mannlegi þátturinn ekki tekinn inn í dæmið. Er þessi ráðstöfun virkilega ómaksins virði?

Ágætu ráðamenn. Hlífum þeim sem aldraðir eru og sjúkir. Leyfum þeim að vera saman á einum stað undir handleiðslu sérfræðinga. Enginn veit hver verður næstur að þurfa að þiggja spítalaþjónustu. Þá er gott til þess að vita að breiður faðmur er opinn á Landakotsspítala til að taka við öldruðum og um leið opnast væntanlega pláss á öðrum deildum fyrir sjúklinga, sem hentar betur sú þjónusta sem þar er veitt. Megum við bera gæfu til þess að veita öldruðum áfram þá þjónustu sem sómi er að!

Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, Háskólafélag Suðurlands og Katla Geopark auglýsa:

**Katla European and Global UNESCO Geopark**

**Jarðvangsráðstefna**

**Fimmtudaginn 3. nóvember 2011 kl. 13:10 á Hótel Hvolsvelli**

13.10 Setning ráðstefnu. Ráðstefnustjóri: Friðrik Pálsson, formaður Íslandsstofu

13.20 **Jarðvangurinn Katla - European and Global UNESCO Geopark -** Sigurður Sigursveinsson, framkvæmdastjóri HfSu

13.40 **Hvað gerir svæðið áhugavert ?** – Haukur Jóhannesson jarðfræðingur

14.00 **Geotúrismi– fræðandi ferðaþjónusta -** Hrafnkell Guðnason verkefnastjóri HfSu

14.20 ***Kaffihlé***

14.30 **Byggðaþróun svæðisins** - Steingerður Hreinsdóttir verkefnastjóri AÞS

14.50 **Vöruþróun innan jarðvanga –** Þóra Valsdóttir verkefnastjóri hjá Matís

15.10 **Viðurkenningar og verðlaun fyrir áfangastaði?** Tækifæri í framleiðslu og ferðaþjónustu. Gústaf Gústafsson forstöðumaður Markaðsstofu Vestfjarða

15.30 Umræðustjóri - Þuríður Aradóttir

16.00 Samantekt og ráðstefnulok

**Í lok ráðstefnunnar verður ráðstefnugestum boðið á opnun Safnahelgarinnar á Suðurlandi í Sögusetrinu**

AÞS KATLA GEOPARK JARÐVANGUR HÁSKÓLAFÉLAG SUÐURLANDS

# Er Kleppur barn síns tíma?

Heilbrigðismál



**Halldóra Jónsdóttir**
geðlæknir á geðsviði Landspítala



**Nanna Briem**
geðlæknir á geðsviði Landspítala

Geðsjúkdómar eins og geðklofi, geðhvörf og langvinnt þunglyndi eru algengari en flestir gera sér grein fyrir og hafa oft mikla fötlun í för með sér. Ýmsir þættir eins og fíkniefnaneysla, líkamlegir sjúkdómar og þroskaraskanir geta haft áhrif á gang og horfur þessara sjúkdóma. Alvarlegir geðsjúkdómar hafa áhrif á alla þætti lífsins og geta dregið verulega úr færni til athafna daglegs lífs, félagslegra samskipta og getu til náms eða vinnu. Aðstandendur standa oft ráðþrota gagnvart vanlíðan ástvinar síns og sjúkdómurinn verður þung byrði fyrir fjölskylduna að bera. Til að bæta gráu ofan á svart mæta einstaklingar með þessi alvarlegu veikindi því miður oft fordómum og einangrast frá vinum, kunningjum og jafnvel fjölskyldu.

Þeir sem þjást af alvarlegum geðsjúkdómum eiga að hafa aðgang að bestu mögulegu meðferð hverju sinni, rétt eins og þeir sem kljást við líkamlega sjúkdóma. Endurhæfing er mikilvæg mörgum sem stríða við erfiða geðsjúkdóma og gerir þeim kleift að bæta líðan, auka færni og þar með bæta lífsgæði sín.

Saga geðlækninga á Íslandi tengist Kleppsspítala sem á sér langa sögu og varð nýlega 100 ára. Við sameiningu stóru spítalanna (Landspítala og Borgarspítala) um síðustu aldamót voru gerðar meiriháttar breytingar á geðsviði Landspítala og Kleppur varð miðstöð endurhæfingar geðsjúkra innan spítalans. Á síðustu misserum hefur mikil hugmynda- og þróunarvinna verið unnin á Kleppi, með það að markmiði að endurbæta endurhæfinguna og aðlaga hana að nútímakröfum.

Það hefur hins vegar lengi staðið endurhæfingarstarfinu fyrir þrifum að í hugum margra er Kleppur enn gamaldags geðveikrahæli og það viðhorf ríkir að sjúklingar eigi að vistast þar til langtíma. Í mörg ár gekk erfiðlega að útskrifa full meðhöndlaða og endurhæfða einstaklinga af spítalanum. En sem betur fer hefur margt breyst til batnaðar.

Síðustu árin hefur búsetuúrræðum fyrir geðfatlaða fjölgað víða, t.d. í Reykjavík og í Hafnarfirði. Opnaðir hafa verið svokallaðir þjónustuíbúðarkjarnar, þar sem langveikir einstaklingar búa í eigin íbúðum og fá þjónustu og stuðning við hæfi, jafnvel allan sólarhringinn. Það að einstaklingar með alvarlega geðsjúkdóma „búi" á Kleppi í áraraðir heyrir nú sögunni til.

Í allri okkar vinnu er lögð áhersla á teymisvinnu, þar sem allar starfsstéttir taka þátt, hvort sem um er að ræða geðlækna, hjúkrunarfræðinga, félagsráðgjafa, sálfræðinga, iðjuþjálfa, sjúkraþjálfa eða annað fagfólk. Leguplássum hefur verið fækkað og lögð er áhersla á aukna endurhæfingu utan sjúkrahússins. Á Kleppslóðinni eru nú tvær öflugar endurhæfingardeildir þar sem áherslan er á markvissa endurhæfingu á sem stystum tíma á legudeild. Þá hefur Kleppur stóra göngudeild þar sem meðferð langveikra einstaklinga er fylgt eftir. Stór þáttur í þeirri vinnu er eftirfylgni í heimahúsi og í sérhæfðum íbúðarkjörnum.

Í stóru húsi í Laugaráshverfinu er endurhæfingardeild fyrir unga einstaklinga með byrjandi geðrofssjúkdóma (E-LR). Þar er áherslan á að vinna með styrkleika hvers og eins og efla innsæið sem miðar allt að því að einstaklingurinn öðlist færni til sjálfsbjargar. Heilsurækt og félagsfærnisþjálfun ásamt rólegu og uppbyggjandi umhverfi eru hluti þeirra verkfæra sem notuð eru þar. Starfsemin þar er í mikilli þróun með það fyrir augum að efla snemminngrip í einhverja þá alvarlegustu og erfiðustu sjúkdóma sem leggjast á ungt fólk.

Það er okkar skoðun að endurhæfing geti ekki alfarið farið fram inni á stofnun. Mikilvægur þáttur endurhæfingar er að auka færni einstaklings til að taka þátt í daglegu lífi og leysa þau vandamál sem upp koma. Ef sú þjálfun sem á að auka færnina fer einungis fram innan stofnunar er ólíklegra að framfarirnar yfirfærist á daglegt líf í venjulegu umhverfi einstaklingsins. Endurhæfing gefst best þegar hún fer fram í því umhverfi sem hver og einn lifir og hrærist í dags daglega.

Þetta er starfsfólk endurhæfingarsviðs meðvitað um og unnið er að því að færa þungamiðju endurhæfingarinnar út fyrir legudeildirnar og inn í nærumhverfi skjólstæðinga okkar. Þeir fá í auknum mæli aðstoð við að tengjast úrræðum utan stofnunarinnar eins og Fjölmennt, Geysi, Hugarafli, Geðhjálp, Hlutverkasetrinu, Atvinnu með stuðningi og athvörfum Rauða krossins svo eitthvað sé nefnt. Stuðningur við einstaklinga í heimahúsi hefur einnig aukist á síðustu misserum. Á E-LR er stefnt að því að koma á fót samfélagsgeðteymi fyrir ungt fólk með byrjandi geðrofssjúkdóma.

Það er hins vegar ljóst að alltaf verður ákveðinn hópur einstaklinga sem er svo fatlaður af sínum veikindum að meðferð og endurhæfing í heimahúsi gengur ekki upp tímabundið. Þá er nauðsynlegt að hafa til umráða legudeildir þar sem hægt er að tryggja öryggi sjúklinga, hefja meðferð og endurhæfingu þangað til það er tímabært að flytja meðferðina aftur út fyrir veggi spítalans.

Það er okkar niðurstaða að Kleppur sem gamaldags geðveikrahæli sé barn síns tíma. Nútímavæddur Kleppur sem býður upp á og styður við bestu mögulega endurhæfingu og leggur áherslu á öflug tengsl út í samfélagið, er hins vegar stór þáttur í þeirri geðheilbrigðisþjónustu sem við teljum nauðsynlega og viljum taka þátt í að bjóða upp á.



ÞAÐ ER
# SPORT AÐ SPARA





(fullt verð 7.490)
5.990

**MCKINLEY FLORO JR**
Vatnsheld kuldastígvél með þykku og hlýju fóðri.
Stærðir: 24 - 32.

## KLÚBBTILBOÐ VIKUNNAR
### GLÆSILEGT TILBOÐ TIL KLÚBBFÉLAGA!

CLUB INTERSPORT



9.990
(fullt verð 13.990)

**MCKINLEY SORRENTO AQUAMAX**
Góðir gönguskór fyrir haust- og vetur.
Grófur sóli sem gefur gott grip.
AQUAMAX-vatnsvörn og góð öndun.
Dömu- og herrastærðir.

Skráðu þig í klúbbinn inná www.intersport.is

8.990



**MCKINLEY SNOW EAGLE AQUAMAX JR**
Hlýir kuldaskór með riflásum. Vatnsheld AQUAMAX öndunarfilma. Grófur og stamur sóli sem gefur gott grip.
Stærðir: 28 - 35.



29.990
(fullt verð 34.990)



26.990
(fullt verð 29.990)



19.990
(fullt verð 22.990)

**HAGLÖFS JAUNT GORE-TEX**
Vandaðir gönguskór með vatnsheldri GORE-TEX öndunarfilmu. Innlegg laga sig að fæti notandans. Meðalstífur HYPERGRIP-sóli veitir gott grip á göngu utan vega. Dömu- og herrastærðir.

**SALOMON DISCOVERY GORE-TEX**
Gönguskór með vantsheldri GORE-TEX öndunarfilmu. Meðalstífur CONTAGRIP-sóli gefur gott grip. Dömu- og herrastærðir.

**MCKINLEY DUNKLEY AQUAMAX**
Gönguskór úr leðri með vatnsheldri AQUAMAX öndunarfilmu. Meðalstífur VIBRAM-sóli. Dömu- og herrastærðir.

# INTERSPORT

LINDUM / BÍLDSHÖFÐA / AKUREYRI / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 2. – 8. NÓVEMBER

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl.

EXPO • www.expo.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**46** **HRAFN JÖKULSSON** rithöfundur er 46 ára í dag

*„Veraldir þeysa hjá og þú hlustar eftir haldbærustu þögninni.“*



*Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,*

**Kristín Steinþórsdóttir**

Austurbrún 6, Reykjavík,

lést þann 20. október. Útför hennar fer fram frá Áskirkju miðvikudaginn 2. nóvember kl. 13.00.

**Laugheiður Bjarnadóttir** **Ketill R. Tryggvason**
**Steinþór Nicolai**
**Sigurður Nicolai**
**Kristinn Nicolai**



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Hauks Svavars Ástvaldssonar**

Skeiðarvogi 20, Reykjavík, síðast til heimilis á Hjúkrunarheimilinu Mörk.

Sérstakar þakkir til allra á Hjúkrunarheimilinu Mörk, 3. hæð norður, fyrir ómetanlegan stuðning og vinarhug og einstaklega góða umönnun.

**Hulda Guðmundsdóttir**
**Kristbjörg Sóley Hauksdóttir**
**Guðrún G. Hauksdóttir**
**Albert Svanur Heimisson**
**og barnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,*

**Karl Sigurður Njálsson**

Melbraut 5, Garði,

lést á líknardeild Landakots 20. október. Útför hans var gerð frá Útskálakirkju 28. október. Innilegar þakkir til lækna og hjúkrunarfólks á deild 11 C og 11 B Landspítala við Hringbraut og á líknardeild Landakots.

**Guðrún Ágústa Sigurðardóttir**
**Anna Sigrún Karlsdóttir**
**Njáll Karlsson** **Lilja Víglundsdóttir**
**Arnar Karlsson** **Bergþóra Ólafsdóttir**
**Þóra Bryndís Karlsdóttir** **Hlöðver Sigurðsson**
**Sigrún Karlsdóttir** **Jón Ingi Bjarnfinnsson**
**Þóra Sigríður Njálsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**



*Elsku móðir okkar, eiginkona og amma,*

**Vanda Lunkevic**

lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 28. október. Útför hennar fer fram frá Landakotskirkju fimmtudaginn 4. nóvember kl. 14.30. Erfisdrykkja fer fram á Hótel Borg eftir messu.
Innilegar þakkir sendum við starfsfólki á deild 11E.

**Irena Lunkevic**
**Angelika Lunkevic**
**Stanislav Lunkevic**
**Ivan Lunkevic**
**Daniel Lunkevic**

Любимая мама, жена и бабушка
Ванда Лункевич Скончалась в больнице,в пятницу 28-го октября. Похоронная церемония пройдёт в католическом костёле Ландакот в четверг 4-го ноября,в 14:30. Поминки состоятся после службы в ресторане Hotel Borg.
Выражаем искреннюю благодарность работникам отделения 11E



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur stuðning, samhug og hlýju við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður og ömmu,*

**Guðrúnar Rebekku Kristinsdóttur**

Rekagranda 8, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki krabbameinsdeildar 11 E LSH, starfsfólki líknardeildar LSH í Kópavogi og Heimahjúkrun Karitas.

**Brimrún Höskuldsdóttir** **Ragnar Arnarson**
**Heiðrún Höskuldsdóttir** **Guðjón P. Hjaltalín**
**Kristín Höskuldsdóttir** **Sverrir Örn Björnsson**
**og barnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hallgrímur Vilhjálmsson**

áður til heimilis að Víðimýri 9, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Kjarnalundi laugardaginn 29. október. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 4. nóvember klukkan 13.30.

**Herdís Jónasdóttir**
**Jónas Hallgrímsson** **Anna Ólafía Þorgilsdóttir**
**Vilhjálmur Hallgrímsson** **Arnfríður Jónasdóttir**
**Elinór Hallgrímsson**
**Katrín Hallgrímsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Kristín Guðbjörg Magnúsdóttir**

áður til heimilis að Kambsvegi 22,

lést 21. október sl. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 4. nóvember kl. 13.00.

**Magni Guðmundsson** **Halldóra Þorvaldsdóttir**
**Halla Soffía Guðmundsdóttir** **Halldór K. Karlsson**
**Viðar Guðmundsson** **Stella Berglind Hálfdánardóttir**
**Margrét Heiðdís Guðmundsdóttir** **Jóhann G. Guðbjartsson**
**Oddný Guðfinna Guðmundsdóttir** **Hörður Hallgrímsson**
**Sigurgeir Guðmundsson** **Svava Þorsteinsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



*Hjartkær eiginmaður minn, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi, bróðir og mágur,*

**Ólafur H. Óskarsson**

landfræðingur og fv. skólastjóri, Logalandi 16, Reykjavík,

lést í Gautaborg mánudaginn 24. október. Jarðsungið verður frá Dómkirkjunni föstudaginn 4. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hans láti Rauða kross Íslands njóta þess.

**Ingibjörg Björnsdóttir**
**Vilhjálmur Þorsteinsson** **Anna Ragna Magnúsardóttir**
**Þorsteinn og Hlín**
**Björn Þorsteinsson** **Sigrún Sigurðardóttir**
**Snædís, Matthildur og Lena Charlotta**
**Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir** **Ásgeir Thoroddsen**
**Tómas Jökull, Ingibjörg og Svanbjörn Orri**
**Signý Þ. Óskarsdóttir**
**Anna H. Óskarsdóttir** **Þorgrímur Ólafsson**
**Þráinn Sigurbjörnsson**
**Skarphéðinn P. Óskarsson** **Valgerður G. Björnsdóttir**



**EFTIRSÓTT VARA** Guðbjörg ásamt Friðriki Jónssyni, æðarbónda á Æðarsetri Íslands sem var opnað í Stykkishólmi í sumar. Mynd/Tjörvi Bjarnason

## GUÐBJÖRG HELGA JÓHANNESDÓTTIR: FJALLAR UM ÆÐARDÚN Í VÍKINNI

# Þarf að efla heimamarkað

Guðbjörg Helga Jóhannesdóttir, atvinnu- og hlunnindaráðgjafi Bændasamtakanna, ræðir um íslenskan æðardún á fræðslukvöldi í fyrirlestraröðinni Spegill fortíðar í Sjóminjasafninu Víkinni klukkan átta í kvöld. Þar bendir hún á mikilvægi íslensks æðardúns en markaðshlutdeild hans er um 80-90 prósent á heimsmarkaði og því ljóst að um mjög sjaldgæfa og verðmæta afurð er að ræða.

Guðbjörg Helga mun fara yfir sögu æðarræktar á Íslandi og segja frá einstöku vinasambandi sem hefur þróast milli æðarbænda og æðarfuglsins. Hún fjallar um eiginleika æðardúns, verkun hans og framreiðsluferli og mikilvægi þess að efla innlendan markað. „Hlutverk mitt hjá Bændasamtökunum er meðal annars að byggja upp heimamarkaðinn sem hefur að mestu horfið. Áður fyrr áttu flestir Íslendingar æðardúnsængur en síðustu ár og áratugi hefur nær allur íslenskur æðardúnn farið í útflutning enda eftirspurnin mikil og útflutningsverðið gott. Við ættum hins vegar að vera leiðandi og stolt af þessari vöru en æðardúnsængurnar eru vel metnar erlendis og seljast sumar á yfir tvær milljónir stykkið svo dæmi séu nefnd,“ segir Guðbjörg Helga.

Ýmis jákvæð teikn eru þó á lofti og er til að mynda búið að endurgera Hlunnindasýninguna á Reykhólum auk þess sem búið er að opna Æðarsetur Íslands á Stykkishólmi. „Þá er unnið að ýmiskonar markaðstengdu efni. Í því felast ekki eingöngu tækifæri fyrir æðardúnbændur heldur einnig aðrar atvinnugreinar. Það mætti til dæmis hefja æðarfuglinn sjálfan til vegs og virðingar og framleiða minjagripi og annað í þeim dúr. Eins væri hægt að efla ferðaþjónustuna með því að bjóða ferðamönnum og fuglaáhugafólki í auknum mæli að skoða íslensk æðarvörp sem eru einstök.“

Á Íslandi eru 400 æðardúnbændur og eru um það bil þrjú tonn af æðardúni flutt út á ári hverju. Mest er flutt til Þýskalands, Austurríkis og Japans en þar er eftirspurnin jafnframt mest. Æðardúnninn er alloft fluttur til Evrópu og settur í sængur þó sífellt fleiri íslenskir bændur fullvinni afurðina heima. „Stefnan er að fullvinnslan verði með tímanum alfarið innlend,“ segir Guðbjörg Helga.

Hún segir samband æðardúnbænda og fuglsins einstakt. „Dæmi eru um að bændur girði varpið af til að verja það fyrir rándýrum og beiti aðferðum eins og að láta útvarp ganga á varpsvæðinu á viðkvæmum tímum, en það fælir einnig frá. Aðferðir við dúntekju eru misjafnar en oft er dúnninn ekki tekinn fyrr en fuglinn er farinn úr hreiðrinu. Fyrirkomulagið verður til þess að ungarnir koma síðar og verpa á heimaslóðum sem er auðvitað hagur bóndans. Á Grænlandi og víðar eru fuglarnir drepnir og læra af reynslunni að verpa langt frá mannabyggðum. Hér vilja þeir jafnvel vera inni í hlöðu,“ lýsir Guðbjörg Helga. vera@frettabladid.is



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**María Guðbjörg Snorradóttir**

Fjallalind 18, Kópavogi,

lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 30. október síðastliðinn. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 7. nóvember kl. 13.00.

**Þorsteinn Theodórsson**
**Kristín Hlín Þorsteinsdóttir** **Morten Praem**
**Sigurður Þorsteinsson** **Guðrún Guðbjörnsdóttir**
**Kolbrún G. Þorsteinsdóttir** **Sigurður Andrésson**
**Theodóra S. Þorsteinsdóttir** **Ólafur Viggósson**
**og barnabörn.**

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is






# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 2. nóvember 2011 | 17. tölublað | 7. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

Vistvænn kostur!
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



## Hagar á markað

→ Almennt útboð á hlutabréfum í Högum dagana 5.-8. desember

→ Fyrsta nýskráning félags í Kauphöll frá bankahruni

→ Eignabjarg, dótturfélag Arion banka, mun selja 20-30% hlut

## FME gæti beitt viðurlögum

Gunnar Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins (FME), segir það vera tilbúið til að beita viðurlögum gegn bönkum sem draga það að selja fyrirtæki í óskyldum rekstri. Samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki mega bankar einungis eiga slík fyrirtæki í eitt ár. Dæmi eru um að fyrirtæki hafi verið í eigu banka, eða dótturfélaga þeirra, í meira en 30 mánuði. Hægt er að biðja um undanþágur frá tímarammanum en þær verður þá að rökstyðja með sérstökum greinargerðum.

SÍÐA 4

## Nýmarkaðsríki vænta meiri áhrifa fyrir hjálpina

Ráðstefna G20 ríkjanna hefst í Cannes á morgun. Evruríkin biðla til nýmarkaðsríkjanna svokölluðu, þar á meðal BRIC-ríkjanna Brasilíu, Rússlands, Indlands og Kína, um að styrkja varasjóð evrusvæðisins með fjárfestingum og auknum innflutningi.

Nýmarkaðsríkin geta því krafist meiri ítaka í alþjóðlegu efnahagslífi, meðal annars aukins atkvæðavægis hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

BRIC-ríkin komust nær ósködduð út úr kreppunni og státa af miklum hagvexti á meðan gömlu efnahagsveldin glíma við gríðarlegar opinberar skuldir, stöðnun og mikið atvinnuleysi. Kína gæti orðið stærra hagkerfi en Bandaríkin innan tíu ára ef fram fer sem horfir.

SÍÐA 6

## Kaupfélag Skagfirðinga hagnaðist um 2,4 milljarða

Rúmlega 2,4 milljarða króna hagnaður var af rekstri Kaupfélags Skagfirðinga (KS) og dótturfélaga á síðasta ári. Það er nánast sama upphæð og samstæðan hagnaðist um árið 2009. Eigið fé hennar var 15,5 milljarðar króna um síðustu áramót og veltan 25,8 milljarðar króna í fyrra. Langtímaskuldir félagsins nema um 4,1 milljarði króna. Þetta kemur fram í ársreikningi KS fyrir árið 2010.

Dótturfélög KS reka útgerð og fiskvinnslu á Sauðárkróki, Skagaströnd og í Grundarfirði. Auk þess reka þau eignarhalds- og vöruflutningastarfsemi og fóður- og áburðarsölu. Kaupfélagsstjóri er Þórólfur Gíslason.




Greiðslulausnir sniðnar að þinni atvinnugrein.
☐ Þjónusta ☐ Veitingahús ☐ Ferðaþjónusta ☐ Íþrótta- og félagasamtök ☐ Heildsölur ☑ Verslun ☐ Ríki- og sveitarfélög
VALITOR
Lausnir án landamæra

### Tvö fornfræg bílaumboð líklega seld á næstu dögum:

# Fyrrum eigandi B&L að kaupa fyrirtækið



**MEÐ HÆSTA TILBOÐ** Erna Gísladóttir, fyrrum forstjóri B&L, mun líklega kaupa fyrirtækið án næstu dögum.

Erna Gísladóttir, fyrrum forstjóri B&L, átti hæsta tilboðið í hlut BLIH, móðurfélag B&L og Ingvars Helgasonar, og hefur því verið tekið. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær, en þar var haft eftir Ólafi Þór Jóhannessyni, framkvæmdastjóra Miðengis sem á 63% hlut í BLIH, að hann væri vongóður um að gengið verði frá sölunni á næstu dögum. Salan er enn háð samþykki birgja, þar á meðal Subaru, Hyundai, Nissan/Renault og BMW og Landrover. Erna ætti að vera mörgum þeirra vel kunnug því að hún starfaði hjá B&L frá árinu 1987 fram til 2008. Guðmundur Gíslason, afi Ernu, var meðal stofnenda Bifreiða og landbúnaðarvéla, fyrir 57 árum, og Gísli, faðir Ernu var stjórnarformaður um árabil. Fjölskyldan seldi dótturfélagi Sunds allt hlutafé í fyrirtækinu árið 2007.




### Hagræða vegna tapreksturs og forstjórinn hættur:

# 2.000 verður sagt upp hjá Danske Bank

Danske Bank, stærsti banki Danmerkur ætlar að segja upp um 2.000 starfsmönnum á tímabilinu 2012 til 2014. Með þessu er ætlunin að spara um 2 milljarða danskra króna eða rúm 42 milljarða króna í rekstrarkostnaði.

Þessi ákvörðun kemur í kjölfar birtingar á uppgjöri bankans fyrir þriðja ársfjórðung í morgun en það var afleitt fyrir bankann. Í fréttum danskra fjölmiðla kemur fram að Danske Bank tapaði tæpum 400 milljónum danskra kr. eftir skatta eða um 8 milljörðum króna. Sérfræðingar höfðu búist við hagnaði upp á tæpar 700 milljónir danskra kr. Það eru írsku dótturbankar Danske Bank sem eru áfram þungir í skauti og eru að stórum hluta ástæðan fyrir tapinu. Peter Straarup, forstjóri bankans, hefur í kjölfarið ákveðið að setjast í helgan stein.

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

**MIÐVIKUDAGUR 2. NÓVEMBER**

- **Útgáfudagur Peningamála SÍ**
- **Vaxtaákvörðun SÍ**
- **Atlantic Petroleum** 9 mán. uppgjör
- **Fasteignamarkaðurinn** í mánuðum eftir landshlutum
- **Ráðstefna** um breytingar í smásölu og heildsölu
- **Ný fjarskiptaáætlun stjórnvalda**

**FIMMTUDAGUR 3. NÓVEMBER**

- **Gistinætur og gestakoma** (Hagstofan)
- **Gjaldeyrismarkaður SÍ**
- **Íslensku markaðsverðlaunin**

**FÖSTUDAGUR 4. NÓVEMBER**

- **Útboð ríkisbréfa**
- **Vöruskipti við útlönd** í janúar-september 2011 (Hagstofan)
- **Hagvísar** í nóvember 2011
- **Raungengi SÍ**
- **Krónumarkaður SÍ**

**ÞRIÐJUDAGUR 8. NÓVEMBER**

- **Vöruskipti við útlönd** (Hagstofan)
- **Erlend staða SÍ**
- **Fjöldi þinglýstra leigusamninga**

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á* **vísir**



**HÚSNÆÐISMARKAÐUR** Þótt lítill kaupmáttur og erfið skuldastaða dragi úr þrótti er búist við auknum umsvifum á húsnæðismarkaði næstu misseri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hækkanir framundan

**Umsvif hafa aukist nokkuð á húsnæðismarkaði undanfarið eftir lágdeyðu fyrst eftir hrun. Greiningaraðilar telja flestir að þessi þróun haldi áfram á næstu misserum.**

**FRÉTTASKÝRING**

**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**
magnusl@frettabladid.is

Þinglýstum kaupsamningum hefur fjölgað hægt og þétt síðustu 18 mánuði eftir hrun. Raunar hefur velta á markaði næstum því þrefaldast frá því sem var í upphafi árs 2009. Á sama tímabili hefur raunverð húsnæðis í raun staðið í stað. Þó hefur húsnæðisverð hækkað hraðar en kaupmáttur síðastliðið ár, mest á landsbyggðinni.

Greiningaraðilar telja flestir að umsvif aukist áfram á næstunni þó markaðurinn verði áfram lítill í samanburði við það sem var fyrir hrun. Ekki er búist við því að húsnæðisverð lækki frekar og þá verður sennilegast áfram frost í byggingu nýrra húsa.

Í skýrslu sem greiningardeild Arion banka sendi nýverið frá sér kom fram að byggingarkostnaður væri um 26 prósentum yfir markaðsverði fasteigna og því spáð að nýbygging taki varla við sér fyrr en það breytist. Þá var það mat deildarinnar að húsnæðisverð myndi hækka nokkuð á næstu árum þótt lítill kaupmáttur muni vinna á móti.

Greiningardeild Íslandsbanka hefur einnig spáð verðhækkunum á markaðnum en benti í júní á að skuldavandi heimilanna setji því skorður hve mikil hækkunin verði. Þó taldi hún hugsanlegt að bóla myndaðist á markaðnum, ekki síst ef gjaldeyrishöftin verða lengi við lýði. Fáir fjárfestingakostir innanlands geti valdið því að fjárfestar leiti í hrönnum á markaðinn.

Arnar Ingi Jónsson hjá hagfræðideild Landsbankans telur einnig að umsvif muni aukast. „Í fyrsta lagi hefur þessi aukning verið úr mjög litlum gildum. Aukning úr tveimur í fjóra er 100 prósent aukning en það er ekki þar með sagt að mikið sé að gerast. Við teljum því vera líkur á að þetta aukist áfram á næstunni þó það verði alls engin sprenging. Við eigum ennþá langt í land til að ná einhverju eðlilegu meðaltali sé horft svolítið aftur í tímann" segir Arnar. Spurður hvort raunverð húsnæðis muni lækka frekar segist Arnar síður eiga von á því, það hafi þegar lækkað um þriðjung frá hápunkti og virðist hafa náð ákveðnum lágpunkti.

Hjá Íbúðalánasjóði eru menn sama sinnis. „Þetta er ennþá ekki mjög stór hópur sem er í húsnæðiskaupum, menn eru svolítið að sitja á sér. Þar spilar bæði inn í efnahagsástandið en einnig það að það eru breytingar í farvatninu með hvers konar húsnæðislán eru í boði þannig að menn eru kannski ekki að flýta sér," segir Sigurður Erlingsson, framkvæmdastjóri, og bætir við að hann eigi von á því að umsvifin aukist áfram en ekki mjög hratt.

Ásókn í leiguhúsnæði jókst talsvert eftir hrun. Sú þróun er ekki talin líkleg til að ganga til baka á næstunni. „Við höfum séð að í grunninn hefur afstaða fólks til séreignar ekki breyst. Hins vegar virðist vera stærri hópur að leita út á leigumarkaðinn," segir Sigurður og bætir við: „Þetta eru helst tveir hópar; ungt fólk í námi eða að koma sér fyrir á vinnumarkaði og svo eldri hópur sem fór kannski illa út úr hruninu og er ekki lánshæfur. Meðan þessi seinni hópur er að reisa sig við má búast við áframhaldandi mikilli eftirspurn á leigumarkaði þótt margt annað spili auðvitað inn í."















Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu í ráðgjöf við stór og smá fyrirtæki í verslun og þjónustu og hefur víðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra. Þannig getum við ávallt tryggt þeim þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Lilja Pálsdóttir hefur 25 ára reynslu í ráðgjöf til fyrirtækja í verslun og þjónustu. Lilja er útibússtjóri hjá Íslandsbanka.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki



**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Innlendar eignir í bankanum námu 2.540 milljörðum.

Eignir innlánsstofnana

## Bankar eiga 2.846 milljarða

Heildareignir íslenskra innlánsstofnana voru 2.846 milljarðar króna í lok september síðastliðins. Þar af námu innlendar eignir þeirra 2.540 milljörðum króna. Af þeirri upphæð voru útlán og kröfur 1.725 milljarðar króna. Söluhæfar fjáreignir bankanna voru metnar á 125,7 milljarða króna. Þetta kemur fram í nýjum hagtölum Seðlabanka Íslands um eignir og skuldir íslenskra innlánsstofnana.

Í lok september 2008, nokkrum dögum áður en íslenska fjármálakerfið hrundi, mátu innlánsstofnanir eignir sínar á um 14.900 milljarða króna. Í dag eru eignir banka því tæp 17% af bókfærðu eignasafni þeirra fyrir hrun.



**ALÞJÓÐLEGT** Viðurkenningin var afhent í Washington.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

## Fékk TIAW viðurkenningu

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, annar eigandi Pizza Hut á Íslandi og í Finnlandi, fékk á dögunum viðurkenningu frá alþjóðlegu samtökunum The International Alliance of Women (TIAW). Viðurkenninguna fékk hún fyrir fræðslu, hvatningu og stuðning í þágu kvenna í frumkvöðlastarfsemi. Afhending viðurkenningarinnar fór fram í Washington nýverið þar sem alls 100 konur hvaðanæva úr heiminum voru verðlaunaðar.

Auk þess að eiga og reka Pizza Hut ásamt Pétri Jónssyni leiðir Þórdís fjárfestingarfélagið Naskar ehf.

# Fjármálaeftirlitið tilbúið að beita banka viðurlögum

**Bankar mega einungis eiga fyrirtæki í óskyldum rekstri í eitt ár. Dæmi um að bankar hafi átt fyrirtæki í rúma 30 mánuði. FME er tilbúið að beita viðurlögum ef með þarf. Þau gætu meðal annars verið í formi dagsekta.**

BANKAR

**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is

Bankar mega einungis eiga fyrirtæki í óskyldri starfsemi í 12 mánuði án þess að leita eftir undanþágu vegna þess eignarhalds hjá Fjármálaeftirlitinu (FME). Slíkar beiðnir hafa borist FME en eftirlitið hefur enn sem komið er ekki beitt neinum viðurlögum, til dæmis í formi dagsekta, gegn bönkum vegna seinagangs í að selja hluti þeirra í fyrirtækjum. Dæmi eru um að fyrirtæki hafi verið í eigu banka, eða dótturfélaga þeirra, í meira en 30 mánuði.

Frá 25. júní síðastliðnum hefur FME framkvæmt virkt eftirlit með eignarhaldi banka á fyrirtækjum í óskyldum rekstri. Gunnar Andersen, forstjóri FME, segir að eftirlitið eigi að hraða því ferli að bankarnir losi um þessa eignarhluti. Dragist ferlið mikið lengur gæti það leitt til þess að viðurlögum verði beitt.

### Í fangi banka

Fréttablaðið hefur fjallað ítarlega um stöðuna á samkeppnismarkaði eftir bankahrun á undanförnum dögum. Þar hefur komið fram að stærstu viðskiptabankarnir, Landsbankinn, Íslandsbanki og Arion banki, hafa fengið stóran hluta af mikilvægustu samkeppnismörkuðum landsins í fangið eftir bankahrun.

Lögum um fjármálafyrirtæki var breytt í fyrra á þann veg að „viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum er því aðeins heimilt að stunda aðra starfsemi [...] sé það tímabundið og í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum eða til að endurskipuleggja starfsemi viðskiptaaðila [...] skal endurskipulagningu lokið áður en 12 mánuðir eru liðnir frá því að starfsemi [...]hófst.“

### FME fylgist vel með

Gunnar segir að FME fylgist vel með öllum vandamálum sem eru til staðar í eignasöfnum bankanna. „Við fáum skýrslur frá bönkunum tvisvar á ári þar sem er yfirlit yfir öll félög sem þeir eiga. Síðan köllum við eftir sérstökum greinargerðum ef beðið er um undanþágu frá þeim tímaramma. Það hefur eitthvað verið beðið um slíkar undanþágur. Bankarnir þurfa þá að rökstyðja hvers vegna þeir ættu að fá undanþágu og ýmsar aðrar kröfur eru gerðar til þeirra, til dæmis varðandi uppgjör og ársreikninga þessara fyrirtækja. Þannig að við erum með þetta eftirlitskerfi hvað þetta varðar. Það á að hraða því ferli að bankarnir losi þessa eignarhluti.“



**FORSTJÓRINN** Gunnar Andersen segir að eftirlitið hafi þegar móttekið nokkrar beiðnir um undanþágu frá lögunum. FME starfræki virkt eftirlitskerfi hvað það varði og krefjist ítarlegs rökstuðnings með slíkum beiðnum.

**SAMKEPPNI FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA**

### Fjárhagsleg endurskipulagning bankanna

Þau fyrirtæki á samkeppnismarkaði sem hafa líklega fengið mesta fyrirgreiðslu allra eru stóru viðskiptabankarnir þrír: **Landsbankinn, Íslandsbanki** og **Arion banki.** Þeir fengu allir nýja kennitölu, erlendar skuldir upp á þúsundir milljarða króna voru skildar eftir í þrotabúum forvera þeirra, þúsundir milljarða króna í eignum voru fluttir með lagasetningum til þeirra og margir samkeppnisaðilar, meðal annars flestir **sparisjóðir**, urðu gjaldþrota. Þá voru sett gjaldeyrishöft sem tryggja það að erlendir aðilar, hefðu þeir áhuga, geta ekki hafið fjármálastarfsemi á Íslandi vilji þeir geta flutt fé sitt aftur úr landi.

### Gríðarleg fákeppni ríkir á bankamarkaði

**Samkeppniseftirlitið** óskaði eftir ítarlegum upplýsingum frá viðskiptabönkunum til að geta metið markaðshlutdeild þeirra við gerð skýrslu sinnar „Samkeppni eftir hrun“. Samkvæmt niðurstöðu hennar voru stóru bankarnir þrír með 80-95% markaðshlutdeild í útlánum til heimila og 85-100% markaðshlutdeild í útlánum til fyrirtækja um mitt þetta ár. Næstur á eftir þeim kom **Byr** með 10-15% markaðshlutdeild á meðal heimila og 5-10% á meðal fyrirtækja. Byr mun sameinast Íslandsbanka fyrir lok þessa árs og styrkja þar með stöðu hinna þriggja stóru á markaðinum.

Samkvæmt mati Samkeppniseftirlitsins er **MP Banki** með 0-5% markaðshlutdeild í útlánum til bæði heimila og fyrirtækja og aðrir, sem eru litlir sparisjóðir, með 0-5% einnig. Fyrirséð er að eignarhlutur í fimm minni sparisjóðum sem nú er í eigu ríkisins, og vistaður í **Bankasýslu** þess, muni vera seldur. Heimildir Fréttablaðsins herma að búist sé við því að væntanlegir kaupendur verði starfandi viðskiptabankar á Íslandi.

### Gætu beitt viðurlögum

Gunnar segir FME ekki hafa beitt neinum viðurlögum vegna þessa, enn sem komið er.

„Það er ekki það langt síðan þessu kerfi var komið á. En ef þetta ferli dregst mikið lengur, án þess að við fáum góðar skýringar á því, þá gæti það leitt til þess að við beittum viðurlögum. Það gæti verið allt frá dagsektarferli í hærri eiginfjárkröfur.“

FME efndi nýverið til kynningar á hálfsársuppgjöri viðskiptabankanna. Þar kom meðal annars fram að um mitt þetta ár, tæpum þremur árum eftir bankahrun, væru enn 14,4% af útlánum bankanna í vanskilum. Í framsögu eftirlitsins kom fram að hjá góðu útlánasafni séu vanskilalán 1-2% af bókfærðu virði útlána. Því er það mat FME að vanskil útlána séu of há hérlendis, sem þýðir að enn sé til staðar töluverð þörf á afskriftum lána innan bankakerfisins.

Það mat er í takti við þá skoðun Samkeppniseftirlitsins að 29% fyrirtækja séu í það slæmri stöðu að þau ráði ekki örlögum sínum, heldur séu þau í höndum bankanna. Því hafi þeir ægivald yfir þessum fyrirtækjum.

HÁIR VEXTIR EÐA VERÐBÓLGA - ER ÞAÐ EINA VALIÐ?

Árlegur peningamálafundur Viðskiptaráðs Íslands

Aðalræðumaður er **Már Guðmundsson,** seðlabankastjóri - Í kjölfarið fara fram pallborðsumræður

*Fundurinn er haldinn í tilefni af útgáfu Peningamála Seðlabankans, þar sem kynnt er fyrsta spá bankans eftir að efnahagsáætlun Íslands og AGS rann sitt skeið í lok ágúst*




Föstudaginn 4. nóvember 2011 kl. 8:15-10:00 í Norðurljósum, Hörpu

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER OF COMMERCE



**Dagur félagsmiðstöðva** er haldinn hátíðlegur í dag. Félagsmiðstöðvar borgarinnar og víðar um land opna dyrnar fyrir gestum og gangandi frá klukkan 17 og fram á kvöld. Markmið dagsins er að gefa ungum og öldnum tækifæri til að heimsækja félagsmiðstöðina í sínu hverfi, kynnast starfinu, unglingunum og viðfangsefnum þeirra.



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457










**Tískuhönnuðurinn Mundi vondi og félagar semja dulkóðaða sögu sem vísar á falinn fjársjóð.**



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Grafa fjársjóð niður í jörð

Fatahönnuðurinn Guðmundur Hallgrímsson, betur þekktur sem Mundi vondi, vinnur nú ásamt fleirum að dulkóðuðu þrautablaði sem vísar á falinn fjársjóð. Verðmætið er talið hlaupa á milljónum.

„Þetta er alvöru fjársjóður sem er fyrir tilstuðlan nokkurra fjársterkra aðila orðinn milljóna króna virði,“ segir Mundi án þess þó að tilgreina hvers eðlis fjársjóðurinn sé. Upplýsir þó að ekki sé loku fyrir það skotið að upphæðin muni hækka þar sem enn sé opið fyrir styrki.

Leitin að umræddum fjársjóði verður enginn barnaleikur ef marka má Munda. Vísbendingar um staðsetningu hans verður að finna í dulkóðaðri sögu í fyrrnefndu þrautablaði sem Mundi og félagar hafa varið meira en ári í að gera sem erfiðast aflestrar. „Við erum búnir að lesa okkur rækilega til um helstu dulkóða og þrautir sem gerðar hafa verið og þetta verður, vil ég meina, ein torveldasta þraut mannkynssögunnar,“ segir hann og gefur höfundi sögunnar, Magnúsi Birni Ólafssyni, orðið.

„Sagan er með goðfræðilegu ívafi og myndar umgjörð utan um stóra þraut. Hún samanstendur af köflum sem eru hver og einn smærri þrautir sem þarf að leysa til að komast áfram svo endanleg lausn fáist. Það verður tímafrekt verk.“

;FRAMHALD | 2






**Hvatningaverðlaun** verða veitt í heilsuferðaþjónustu í desember. Verðlaunin eru ein milljón króna en umsóknum skal skilað til Ferðamálastofu fyrir 20. nóvember. www.ferdamalastofa.is



Framhald af forsíðu



Mundi og Magnús segja fjársjóðsleitina engan barnaleik. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Magnús og Mundi segjast báðir hafa þrælgaman af þrautum og gátum en áhugi hins síðarnefnda varð einmitt kveikjan að blaðinu. „Ég stóð að gerð sams konar en smærra blaðs ásamt útskriftarárganginum mínum í LHÍ um árið og mig hefur alltaf langað til að útfæra hugmyndina betur. Svo gafst bara rétta tækifærið og ég hóaði saman góðum mannskap með mér í verkefnið,“ segir Mundi en auk þeirra Bjarna þurfti hvorki meira né minna en arkitekt, leikjahönnuð og myndlistarmann til að berja blaðið saman sem til stendur að gefa út á ensku í nokkrum löndum á næsta ári.

„Ég mæli með að fólki taki sig saman um að reyna að leysa þessa þraut því það verður líklegast ekki á færi einnar manneskju,“ segir Mundi og bætir við að sá möguleiki sé fyrir hendi að fjársjóðurinn finnist ekki á næstunni og kannski bara alls ekki. „Við höfum gert ráðstafanir svo hann falli hvorki í verði né skemmist með því að setja hann í rakaþétta kistu sem þolir að vera grafin í jörðu næstu árin,“ segir hann og bætir við þegar hann sér undrunarsvipinn á blaðamanni: „Já, það þarf að grafa hann upp, bókstaflega!“

*roald@frettabladid.is*

# Viðey ófær hjólastólum

**Náttúruparadísin og sögueyjan Viðey er í miklu dálæti Íslendinga sem sigla yfir sundið til að njóta þar lífsins. Á bryggjunni sitja eftir landar þeirra í hjólastólum og komast hvergi nema með mikilli fyrirhöfn.**

„Það er alveg ljóst að aðgengi fatlaða er mjög ábótavant í Viðey, en þar standa hafnaraðstæður helst í vegi fyrir að fatlaðir njóti eyjunnar til jafns við aðra,“ segir Berglind Ólafsdóttir, skrifstofustjóri á menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar.

Rannveig Grétarsdóttir er framkvæmdastjóri Eldingar sem á og rekur Viðeyjarferjuna. Hún segir aðgengi fatlaðra beggja vegna sundsins stórt vandamál.

„Í raun er ógjörningur að koma stórum, rafknúnum hjólastólum um borð og frá borði, og næsta vonlaust að koma hjólastól upp á bryggjuna í Viðey vegna mikils hæðarmunar á flóði og fjöru. Þá liggur að flotbryggjunni í Skarfavör snarbrattur rampur, alsettur torfærum þrepum, sem hjólastólar aka ekki niður,“ segir Rannveig sem er með tilbúna áætlun til breytinga á bátum Eldingar miðað við þarfir fólks í hjólastólum, en bíður með framkvæmdir þar til lausn finnst í hafnarmálum.



Snarbrattur rampur við flotbryggjuna hjá Viðeyjarferjunni er torveldur yfirferðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aðgengi fatlaðra til og frá Viðey strandar alfarið á kostnaði, segir Gísli Gíslason, hafnarstjóri hjá Faxaflóahöfnum.

„Allt er hægt fyrir peninga, en framkvæmdin er afar kostnaðarsöm. Aðstæður í Viðey eru með einkar sérstökum hætti og mannvirkið sem þar var byggt á sínum tíma afar hátt. Því er snúið að breyta aðstæðum á dugandi hátt og mannvirkin flókin viðureignar,“ segir Gísli.

Hann segir fimm metra mun á flóði og fjöru við flotbryggjurnar sem nú þjóna Viðeyjarferjunni.

„Í lægstu stöðu er mjög bratt upp á sjálfa bryggjuna og líklegt að krani eða lyfta yrði fyrir valinu. Á svæðinu eru bryggjukranar en öryggiskröfur kveða á um annars konar búnað og miklum mun dýrari,“ segir Gísli.

Þetta er ekki fjárfesting sem menn horfa í hvort svari kostnaði; enda ekki hægt að meta lífsgæði fatlaðra til fjár.

En á hverjum myndi sá kostnaður lenda? „Svarið er óljóst. Í samningi milli Reykjavíkurborgar og Faxaflóahafna var samið um að við byggðum mannvirki í Skarfavör og Bæjarvör hinum megin. Við sjáum því aðeins um hafnarmannvirki en ekki þau sem eru uppi á landi,“ útskýrir Gísli.

Hann segir núverandi mannvirki illa til þess fallin að leysa vandann og staðsetning bryggjunnar í Viðey ekki endilega þá bestu þótt hún sé í skemmstri fjarlægð á milli lands og eyjar.

„Í Viðeyjarhöfn er mikill sjógangur og við náttúruöflin að glíma. Því þarf að gera miklar öryggiskröfur og vanda til verka, en auðvelt að leysa vandann ef nógur aur er til þess. Þetta er ekki fjárfesting sem menn horfa í hvort svari kostnaði, enda ekki hægt að meta lífsgæði fatlaðra til fjár.“

Berglind Ólafsdóttir segir að kostnaðaráætlun og lausnir frá Faxaflóahöfnum yrðu strax skoðaðar jákvætt hjá borginni. „Þá verður undir eins athugað hvort við fáum fjármuni og heimild til að verja þeim í slíka framkvæmd, og í framhaldi hefja úrbætur á aðgengi fatlaðra í eynni, eins og léttari leið upp brekkuna að Viðeyjarstofu og lyftuhúsi aftan á Viðeyjarstofu sem opnar loks aðgang fatlaðra að salernum í kjallara hússins. Draumurinn er að fatlaðir komist í Viðey á eigin vegum sem fyrst, en þangað til tökum við vel á móti þeim og aðstoðum eftir þörfum.“

hjordis@frettabladid.is















**Rekstur bíls** hefur hækkað mikið síðastliðið ár. Samkvæmt frétt á www.fib.is er heildarhækkun vísitölu bifreiðakostnaðar 12,6% samanborið við október 2010. Þar vegur eldsneytið þyngst en bensínlítrinn er tæpum 40 krónum dýrari nú en fyrir ári.





„Þetta eru svo áberandi bílar að við verðum að vera til fyrirmyndar í umferðinni," segja bílstjórarnir Grímur Víkingur Þórarinsson og Baldur Sigurðarson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Snúa við á punktinum

**Að minnsta kosti tveir dæmigerðir breskir leigubílar sjást af og til á götum borgarinnar. Þeir eru í eigu Gríms Víkings Þórarinssonar. Sá eldri er tvítugur og hefur þegar verið keyrður yfir milljón kílómetra.**

„Þetta er upprunalegur, enskur leigubíll af árgerð 1991. Við köllum hann Pál Óskar af því stýrið er öfugu megin," segir Grímur Víkingur Þórarinsson um svartan eðalvagn sem hann ekur á með höfðingsbrag. Hann segir tónlistarmanninn meðvitaðan um nafnið og vera stoltan af. Á bílnum opnast hurðirnar líka öfugt og í honum situr fólk þannig að það snýr annað hvort fram eða aftur. Grímur segir bílinn jafnan fá jákvæða athygli. En hver er hann, hvaðan kom hann og hvert er hann að fara? svo notaður sé alþekktur frasi.

„Magnús Kristinsson í Vestmannaeyjum flutti þennan bíl inn þegar sonur hans gifti sig fyrir nokkrum árum. Svo þvældist bíllinn manna á milli en ég hef gaman af gömlum bílum og keypti hann og endurvakti glæsivagnaþjónustu sem ég hafði verið með. Til að standa undir slíku nafni þurfa bílar að vera með þil milli bílstjóra og farþegarýmis og þessi er með fullgilt þil. Við erum með annan rauðan, 2005 árgerð. Þeir njóta báðir hylli sem brúðarbílar, enda er afar gott pláss fyrir brúðarkjólinn í þeim. Við erum líka í helgarkeyrslu og útsýnisferðum með túrista."

Spurður hvernig sé að keyra þessa bíla svarar Grímur: „Sá gamli er svolítið eins og traktor, hinn er mun mýkri en báðir geta snúið við á punktinum, enda eru þeir ætlaðir í miðborgarakstur í bullandi umferð endar eru þeir þungir, traustir og öruggir. Sá gamli er keyrður eitthvað yfir eina milljón kílómetra, það veit enginn hvort það eru ein, tvær eða fleiri milljónir."

Í eldri bílnum er Nissan dísilvél en Ford Transit í þeim nýrri. En fæst allt í þá? „Það er hægt að fá flestallt því það er svo mikið til af þessum bílum, ég hef samt orðið að fara sjálfur út til að finna það sem mig vantaði, það dugði ekki að hringja eða panta gegnum netið. En ef breskir leigubílstjórar lenda í árekstri skjótast þeir á verkstæði og láta skipta um hurðir eða bretti í réttum lit á meðan þeir fá sér að borða."

*gun@frettabladid.is*


Icelandair hótel Klaustur
Veislumáltíð milli jökla
KLAUSTUR Icelandair Hotels
Villibráðarhlaðborð
Laugardagskvöldin
12., 19. og 26. nóvember
7.450 kr.
Gisting í tveggja manna herbergi, hlaðborð og morgunverður
14.900 kr. á mann.
Jólamatseðill
Glæsilegur fjögurra rétta hátíðarmatseðill aðeins þessa tvo daga.
Laugardagskvöldin
3. og 10. desember
6.990 kr.
Gisting í tveggja manna herbergi, jólamatseðill og morgunverður
10.150 kr. á mann.
Sérkjör á mat og gistingu fyrir hópa ofangreindar helgar.
Borðapantanir:
Sími 487 4900 eða
á klaustur@icehotels.is.
Icelandair Hotels
www.icelandairhotels.com



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI FRÓÐLEIKUR
Meiri Vísir.
vísir




# Nýr Yaris frumsýndur

**Nýr Yaris verður kynntur hjá söluaðilum Toyota á laugardaginn frá klukkan 11 til 16.**

Ný gerð af smábílnum Yaris verður frumsýnd á Íslandi á laugardaginn. Nokkrir tugir Yaris-bíla höfðu þegar selst áður en bíllinn kom til landsins og verða fyrstu Yarisarnir afhentir hjá Toyota í Kópavogi á frumsýningunni.

Bíllinn er nokkuð breyttur bæði að utan og innan. Til dæmis er Yaris fyrsti bíllinn hér á landi með Toyota Touch, sem er nýr búnaður með 6,1" snertiskjá, handfrjálsan Bluetooth-búnað fyrir farsíma, bakkmyndavél, aksturstölvu og tengimöguleika fyrir tónlist. Einnig fást bílarnir með Touch and Go þar sem við bætist GPS-kortaleiðsögukerfi fyrir Ísland ásamt margmiðlunarkerfi.

Aukið hefur verið við öryggisbúnað bílsins og nú hefur hann 7 loftpúða auk þess sem stöðugleikastýring er staðalbúnaður.


HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
HEILSÁRS- OG VETRARDEKK
UMHVERFISVÆNNI KOSTUR FYRIR FÓLKSBÍLA OG JEPPA
DÆMI UM FRÁBÆR TILBOÐ Á INTERSTATE HEILSÁRS- OG VETRARDEKKJUM
VERÐIN ERU FYRIR FJÖGUR DEKK ÁSAMT UMFELGUN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 175/65 R14 | 45.900 kr. | 195/65 R15 | 55.900 kr. |
| 185/65 R14 | 49.900 kr. | 205/55 R16 | 63.900 kr. |
| 185/70 R14 | 49.900 kr. | 245/75 R16 | 99.800 kr. |
| 185/65 R15 | 51.900 kr. | 225/45 R17 | 73.900 kr. |

VIÐ EIGUM FLESTAR STÆRÐIR DEKKJA Á HAGSTÆÐU VERÐI.
HAFÐU SAMBAND TIL AÐ FÁ VERÐ Í DEKK FYRIR BÍLINN ÞINN.
VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING MASTERCARD VISA
Interstate heilsárs- og vetrardekkin eru umhverfisvænni kostur. Munstrið inniheldur minna magn af mengandi olíum og uppfyllir evrópska staðla um efnisinnihald hágæða hjólbarða.






568 2020 SÍMI | RAUÐHELLU 11 HFJ | HJALLAHRAUNI 4 HFJ
DUGGUVOGI 10 RVK | AUSTURVEGI 52 SELFOSS | PITSTOP.IS WWW
pitstop




**HAGAR** Félagið er stærsti smásali landsins og er með um 50% markaðshlutdeild í matvöru á landinu öllu. Almenningi mun nú gefast kostur á að eignast í Högum.

# Hagar á markað í desember

**Fyrsta nýskráning í Kauphöll eftir bankahrun mun eiga sér stað 5.-8. desember þegar Arion banki mun selja allt að 30% hlut í Högum í almennu útboði. Bankinn verður þó áfram stærsti eigandi félagsins. Búist er við því að stórir aðilar muni fylgja í kjölfarið og skrá sig á markað.**

FRÉTTASKÝRING
Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is



Smásölurisinn Hagar verður skráður í Kauphöll Íslands í byrjun desember. Eignabjarg, dótturfélag Arion banka, ætlar að selja 20-30% hlut í almennu útboði dagana 5.-8. desember næstkomandi sem beint verður bæði að fagfjárfestum og almennum fjárfestum. Alls á bankinn 61,7% hlut.

Lágmarksáskrift verður 100 þúsund krónur en hámarksáskrift 500 milljónir króna. Skráningargengið verður ekki gefið upp fyrr en að lokinni útboðs- og skráningarlýsingu sem fyrirhuguð er í lok nóvember.

Hagar eiga verslanakeðjurnar Bónus, Hagkaup, Útilíf, Zara, Debenhams, Topshop, Coast, Evans, Dorothy Perkins, Oasis, Karen Millen, All Saints, Day og Warehouse. Auk þess eiga Hagar innkaupafyrirtækin Aðföng, Hýsingu, Banana og Ferskar kjötvörur. Samkeppnieftirlitið áætlar að markaðshlutdeild Haga á matvörumarkaði, miðað við veltu síðasta rekstrarárs, sé um 50% á öllu landinu og hærri ef horft er einvörðungu til höfuðborgarsvæðisins.

### Í fangi banka í tvö ár

Arion banki tók yfir Haga í október 2009. Hagar höfðu áður verið lengi í eigu félaga Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, föður hans, Jóhannesar Jónssonar, og fjölskyldu þeirra, en þeir feðgar stofnuðu Bónus árið 1989.

Í febrúar 2010 var tilkynnt um þær áætlanir bankans að óska eftir skráningu Haga í Kauphöll Íslands og í kjölfarið að selja hlut bankans í félaginu. Í þeim áætlunum fólst þó að stjórnendum Haga myndi bjóðast að kaupa 5% hlut og að Jóhannes, sem þá var stjórnarformaður Haga, myndi fá forkaupsrétt á 10% hlut. Ákvörðunin þótti afar umdeild vegna þess að tryggja átti fyrrum eigendum eignarhlut.

### Búvellir munu auka við sig

Í lok ágúst 2010 var svo tilkynnt um að Jóhannes hefði vikið úr stjórn Haga og hætt afskiptum af félaginu. Auk þess var forkaupsréttur hans á 10% hlutafé í Högum felldur úr gildi.

Forkaupsréttur stjórnenda Haga á allt að 5% hlut í félaginu hélt sér hins vegar. Stjórnendurnir sem um ræðir, sem eru fimm talsins, eiga í dag 1,6% hlut. Arion banki mun afhenda þeim 1,4% af sínu hlutafé í Högum á þessu ári og því næsta til að efna samkomulagið við þá. Um er að ræða Finn Árnason, forstjóra Haga, og fjóra framkvæmdastjóra.

Í febrúar 2011 seldi Arion banki síðan 34% eignarhlut í Högum til Búvalla slhf. fyrir 4,1 milljarð króna. Búvellir er félag í eigu nokkurra lífeyrissjóða, Hagamels ehf. (í eigu Hallbjörns Karlssonar, Sigurbjörns Þorkelssonar og TM) og tveggja fagfjárfestingasjóða sem lúta stjórn Stefnis, rekstrarfélags í eigu Arion banka. Hópurinn greiddi 10 krónur á hlut en auk þess fékk hann forkaupsrétt á 10% eignarhlut til viðbótar á 11 krónur á hlut. Búvellir hafa út þessa viku til að nýta þann forkaupsrétt og herma heimildir Fréttablaðsins að það standi til. Kaupverðið verður væntanlega um 1,3 milljarðar króna.

### Arion verður enn stærstur

Í kjölfarið er búist við að lífeyrissjóðirnir muni fara út úr Búvöllum og fá afhent sín hlutabréf fyrir skráningu Haga á markað. Taldar eru líkur á því að Hagamelur ehf. og fagfjárfestingasjóðurinn SÍA 1 haldi áfram samstarfi undir merkjum Búvalla og verði með rúmlega 20% eignarhlut. Sá hópur yrði því næststærsti einstaki eigandi Haga á eftir Arion banka.

Nýti Búvellir forkaupsrétt sinn, líkt og búist er við, mun Arion banki eiga 50,3% hlut í Högum þegar bankinn er búinn að efna skuldbindingar gagnvart stjórnendum félagsins. Af þessum hlut mun bankinn síðan selja 20-30% núna í desember.

### Fleiri fylgja í kjölfarið

Búist er við því að fimm stórir aðilar muni óska eftir skráningu á næstunni. Heimildir Fréttablaðsins herma að þar sé um að ræða Fjárfestingafélagið Horn, Tryggingamiðstöðina, Fasteignafélagið Regin, Fasteignafélagið Reiti og Skýrr í þessari röð, en allir þessir aðilar hafa tilkynnt um skráningaráform á þessu ári eða því næsta. Auk þess er talið að á annað tug fyrirtækja hafi áhuga á skráningu á næstu misserum. Stefnt er að því að á bilinu 40-50 félög verði skráð í Kauphöll Íslands árið 2015.

## ARION ENDURFJÁRMAGNAÐI HAGA

**Hagar** högnuðust um 1,7 milljarða króna frá byrjun mars og til loka ágúst á þessu ári. Velta félagsins var 33,7 milljarðar króna og heildareignir metnar á 23,5 milljarða króna. Framlegð félagsins hefur gefið eftir samanborið við rekstrarárið 2010/11 og skýrist það að mestu leyti með aukinni samkeppni í verði á mörkuðum og hækkunum á aðföngum félagsins, svo sem hrávöru. Þetta kemur fram í hálfsársuppgjöri Haga sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

Skuldir félagsins voru 18,7 milljarðar króna í lok tímabilsins.Þær eru að langstærstu leyti við Arion banka sem endurfjármagnaði allar langtímaskuldir Haga upp á 11,2 milljarða króna 12. október síðastliðinn. Samkvæmt upplýsingum frá Arion banka leituðu Hagar eftir tilboðum í bankaviðskipti og fengu slíkt frá að minnsta kosti tveimur bönkum. Í kjölfarið hafi verið samið við Arion í samræmi við armslengdarsjónarmið. Í árshlutareikningi Haga kemur fram að endurfjármögnunin hafi lækkað vaxtakostnað Haga umtalsvert og því var hún til mikilla hagsbóta fyrir félagið.

## HEFUR GRÍÐARLEGA MIKLA ÞÝÐINGU



**BREYTT UMGJÖRÐ** Páll óttast ekki markaðsmisnotkun á borð við þá sem talið er að hafi átt sér stað fyrir hrun.

**Páll Harðarson,** forstjóri Kauphallarinnar á Íslandi, segir skráningu Haga hafa gríðarlega mikla þýðingu, enda sé um að ræða fyrstu nýskráningu frá bankahruni. „Þetta hefur ekki síður mikla þýðingu fyrir viðskiptaumhverfið þar sem aðalfarvegir fjármagnseigenda til atvinnulífsins hafa verið stíflaðir. Þar á ég við bæði bankana og **Kauphöllina.** Það er því geysilega mikilvægt að koma þeim af stað aftur. Án þeirra verður lítill hagvöxtur.“

### Uppsöfnuð fjárfestingarþörf

Páll telur mikilvægt að fram komi nýir fjárfestingarkostir fyrir fagfjárfesta á borð við lífeyrissjóði. „Undanfarin ár hafa þessir aðilar haft um ansi lítið að velja og við höfum fundið fyrir miklum áhuga frá þeim að fá félög inn á markað. Það er líka mikilvægt að vel til takist með þessa skráningu vegna þess að eitt af því sem haldið hefur aftur af fyrirtækjum varðandi skráningu er að aðilar hafa ekki viljað vera fyrstir á markað.“

Páll telur mjög líklegt að fleiri fyrirtæki muni fylgja í fótspor **Haga** á næstunni og skrá sig á markað. „Ég tel líklegt að á fyrri hluta næsta árs, og jafnvel fyrr, verði tilkynnt um fleiri skráningar. Hér er mikil uppsöfnuð þörf fjárfesta til að fjárfesta í skráðum fjárfestingarkostum. Bara það fjármagn sem er inni á reikningum hjá Seðlabankanum, um 180 milljarðar króna, er nærri því sama fjárhæð og heildarfjárfesting innlendra aðila í skráðum hlutabréfum, sem er rétt yfir 200 milljarðar króna.“

### Óttast ekki markaðsmisnotkun

**Embætti sérstaks saksóknara** rannsakar mörg mál sem snúast um meinta markaðsmisnotkun með hlutabréf á árunum fyrir bankahrun. Páll segir þá gerninga eiga sér fá, ef nokkur fordæmi á erlendum hlutabréfamörkuðum hvað varðar umfang og aðferðafræði. Hann óttast ekki að slíkt muni endurtaka sig. „Það hafa nokkrir þættir breyst með afgerandi hætti frá hruni. Þar ber fyrst að nefna breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki sem eiga að koma í veg fyrir svona markaðsmisnotkun. Í öðru lagi eru fjárfestar mun meira á tánum, sérstaklega þeir stærstu, en þeir voru áður. Í þriðja lagi hefur Fjármálaeftirlitið verið stóreflt. Í fjórða lagi held ég að aðstæður á fjölmiðlamarkaði séu allt aðrar. Það eru mun gagnrýnni fjölmiðlar en voru fyrir hrun. Umgjörðinni hefur því verið breytt til hins betra.“

Halldór Bjarkar Lúðvíksson, framkvæmdastjóri fjárfestingabankasviðs Arion banka

# Mun halda 20% hlut í tólf mánuði

Halldór Bjarkar Lúðvíksson, framkvæmdastjóri fjárfestingabankasviðs Arion banka sem hefur umsjón með útboðinu, segir það hafa verið hluta af samkomulagi við Búvelli að Eignabjarg myndi halda eftir hluta af eign sinni við skráningu. „Við vitum ekki hver eftirspurnin verður og því er ekkert óvanalegt að gera þetta svona, en líka til að stuðla að ákveðinni dreifingu í eigendahópi félagsins og auka þannig líkurnar á því að eftirmarkaður með bréfin verði virkur. Þegar Búvellir keyptu þá var það sett sem skilyrði að við frumskráningu á félaginu myndum við halda eftir að minnsta kosti 19% hlut í tólf mánuði til að tryggja að einstakur fjárfestir næði ekki yfirráðum í félaginu. Það er þó sá fyrirvari um að Samkeppnis- eða Fjármálaeftirlitið setji því eignarhaldi ekki skorður.“

Halldór segist reikna með því að strax og tólf mánaða læsingin verði liðin muni Eignabjarg selja það sem eftir er af eignarhlut sínum í Högum í gegnum Kauphöllina.



**ARION BANKI** Eignabjarg, dótturfélag bankans, mun áfram vera í eigendahópi Haga eftir skráninguna.

### Engar kennitölusafnanir

Að sögn Halldórs verður útboðið í desember tvískipt. Annars vegar verður svokölluð tilboðsbók (e. book-building) þar sem stærri fjárfestum mun gefast tækifæri til að skrá sig fyrir hlutum. Samtímis mun síðan fara fram netáskrift á hlutum fyrir almenning. „Við höfum ákveðið að skilyrða þátttöku við fjárráða aðila þannig að það verður erfitt að leggjast í kennitölusafnanir og ekki hægt að skrá börn fyrir hlutum. Lágmarksáskrift í netáskrift verður nálægt 100 þúsund krónum og hámarksáskrift í tilboðsbókinni nálægt 500 milljónum. Það verður óskað eftir tilboðum á tilteknu verðbili, en eitt endanlegt útboðsgengi mun ákvarðast í tilboðsbókinni. Að loknu sölutímabilinu, þegar fjárfestar hafa greitt fyrir hlut sinn, verður félagið tekið til viðskipta.“

### Útboðsgengi liggur ekki fyrir

Halldór segir að bankinn sé ekki tilbúinn til að úttala sig um hvert útboðsgengið verður, enda sé ekki búið að taka afstöðu til þess. Hann hefur þó fundið fyrir miklum áhuga á meðal fjárfesta á Högum. „Við höfum klárlega fundið fyrir eftirspurn, til dæmis hjá lífeyrissjóðum, en ekki síður hjá minni fjárfestum. Bankinn hefur horft til þess að geta boðið fjárfestum vel rekið félag með hóflega skuldsetningu og gott sjóðstreymi, sem þeir geta horft til sem arðgreiðslufélags. Eitt af markmiðunum er að koma félaginu í dreifða eignaraðild. Annað er að fá eins gott verð fyrir eignahlut bankans og hægt er. Þetta er fyrsta nýskráning fyrirtækis eftir bankahrun og við finnum fyrir pressu. Það skiptir miklu máli að útboðið takist vel, að eftirspurn sé eftir þeim bréfum sem verið er að skrá og að eftirmarkaðurinn verði líflegur.“



**HÖRÐUR ARNARSON** Forstjóri Landsvirkjunar segir bagalegt að ekki hafi verið hægt að gera upp fortíðina og bankahrunið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Forstjóri Landsvirkjunar um mannauð í viðskiptalífinu eftir hrun:

# Verðum að nýta reynslu af bönkum

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir bagalegt að ekki hafi tekist að gera upp við fortíðina og bankahrunið. Fyrir vikið fari þekking fjölda sérhæfðs starfsfólks í alþjóðlegum bankaviðskiptum til spillis.

Hörður hélt erindi á formannafundi ASÍ í síðustu viku. Hann sagði að þótt menn vildu ekki oft státa sig af reynslu í alþjóðlegri bankastarfsemi, þá væri hún mikilvæg. Ekki mætti gleyma því að menn lærðu af mistökum og byggja þyrfti upp alþjóðlega fjármálastarfsemi hér á landi og nýta reynslu af fjármögnun.

Þar sem ekki hefði tekist að gera upp fortíðina væru fleiri hundruð manns sem tengdust rannsóknum á málum gömlu bankanna ónothæf. „Vissulega eru einhverjir sekir, en ég hef trú á því að það sé í raun og veru lítill hópur. Það er synd að við höfum ekki aðgang að þessu fólki til að hjálpa okkur við að vinna út úr þeim verkefnum sem við erum með í dag.“

Hörður segir að vissulega sé mikilvægt að gera fortíðina upp, en henni verði því miður ekki breytt.

Ástæðu þess að alþjóðleg fyrirtæki hafa flutt, eða eru við að flytja höfuðstöðvar sínar úr landi, sé ekki síst sú að hér á landi vanti alþjóðlega bankastarfsemi. Þegar á bjáti verndi bankar sín fyrirtæki, það er fyrirtæki í þeirra landi. Mörg fyrirtæki sem séu á leið úr landi séu að flýja í skjól alþjóðlegra banka.

- kóp

### Úttekt Alþjóðabankans á viðskiptaumhverfi 183ja landa:

# Ísland í níunda sæti

Ísland kemur ágætlega út í nýjustu úttekt Alþjóðabankans um hægð þess að eiga viðskipti hér á landi og er í níunda sæti af 183.

Úttektin ber yfirskriftina „Doing Business“ og tekur til tíu þátta varðandi regluverk viðskiptalífsins.

Helstu styrkleikar Íslands eru aðgangur að raforku, þar sem það er á toppnum, og framfylgni á samningum þar sem það er í þriðja sæti.

Ísland hefur jafnan verið í sætum 10 til 15 og fór hæst upp í tíunda sæti í spá fyrir árið 2008 og var í 13. sæti í fyrra.

Milli ára munar helst um stórt stökk í flokknum um vernd fjárfesta þar sem Ísland fer úr 74. sæti í það 46. Helsti dragbíturinn er flokkurinn um milliríkjaviðskipti þar sem Ísland er í 81. sæti.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir í samtali við Markaðinn að þessi niðurstaða komi nokkuð á óvart.

„Þetta er kannski ekki hin almenna upplifun og aðrir mælikvarðar hafa verið lagðir á stöðuna, til dæmis varðandi samkeppnishæfni, þar sem við höfum ekki verið að skora svona hátt. En það er ekki verra að vera hátt á listum. Við þurfum á því að halda að erlendir aðilar hafi trú á okkur, vilji fjárfesta hér á landi og lána okkur peninga.“



**VILHJÁLMUR EGILSSON**

### Seðlabanki Bandaríkjanna fundar um evrukrísuna:

# Vilja bíða og sjá til

Ekki er búist við neinum beinum aðgerðum af hálfu Seðlabanka Bandaríkjanna vegna skuldavanda evruríkjanna.

Forsvarsmenn seðlabankans hafa fundað síðan í gær um hugsanlegar afleiðingar evrukrísunnar en sérfræðingar telja líklegt að ekkert verð að gert í bili.

Seðlabankinn hafi þegar ákveðið að halda stýrivöxtum lágum fram á mitt ár 2013 hið minnsta og vilji ekki eyða kröftum sínum í frekari aðgerðir án þess að nauðsyn krefji.

# Valdahlutföll gætu breyst á G20-fundi

**Nýmarkaðsríkin gætu öðlast aukið vægi sitt á efnahagsmálum á heimsvísu á ráðstefnu G20 ríkjanna sem fer fram í Cannes í Frakklandi næstu tvo daga.**

ALÞJÓÐAEFNAHAGSMÁL
Þorgils Jónsson
thorgils@frettabladid.is

Fundur G20 ríkjanna svokölluðu, stærstu efnahagsvelda heimsins, sem hefst á morgun gæti markað ákveðin tímamót í alþjóðlegu efnahagslífi.

Þar munu gömlu stórveldin í Evrópu biðla til nýmarkaðsríkja, til dæmis Kína og Indlands, um að taka þátt í að styrkja varasjóð evrusvæðisins, en til þess að svo verði, munu nýmarkaðsríkin án vafa krefjast þess að fá meiru ráðið í fjármálastofnunum eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.



**SARKOZY BÝÐUR TIL FUNDAR** Fulltrúar helstu efnahagsvelda heims eru saman komnir í Cannes á ráðstefnu G20 ríkjanna. Þar má búast við því að nýmarkaðsríki eins og Kína fái aukið vægi á alþjóðavettvangi í skiptum fyrir að styrkja evrusvæðið. NORDICPHOTOS/AFP

### Hjálpar þurfi

Nýgert samkomulag evruríkjanna um lausn á skuldavanda svæðisins felur í sér stofnun sjóðs þar sem fjárfestingasjóðir, til dæmis í eigu ríkja sem standa sterkari fótum, geta lagt inn fjármuni sem síðar má nota til að kaupa ríkisskuldabréf af fjárþurfi evruríkjum.

Nicolas Sarkozy, forseti Frakklands, hafði samband við Hu Jintao hinn kínverska starfsbróður sinn strax í síðustu viku og framkvæmdastjóri varasjóðs Evrusvæðisins hélt til fundar við væntanlega fjárfesta í Peking.

Evrópa treystir líka á aukinn innflutning frá nýmarkaðsríkjunum þar sem ört vaxandi millistétt gæti orðið mikilvægur neytendahópur.

### BRIC-ríkin á hraðri uppleið

Nýmarkaðsríkin svokölluðu eru þau þróunarríki sem hafa vaxið hvað hraðast á síðustu 10 til 20 árum. Þau hafa flest staðið af sér storm fjármálahrunsins og eru komin á fulla ferð á ný.

Fremst í flokki eru Kína og Indland, eins og áður sagði, en líka Rússland og Brasilía. Þessi ríki hafa myndað með sér bandalag og ganga jafnan undir nafninu BRIC-ríkin.

Öll eru þau komin í hóp tíu stærstu hagvelda heims og Kína komst upp í annað sætið í fyrra.

Samkvæmt nýlegri úttekt PWC mun Kína skáka Bandaríkjunum úr toppsætinu árið 2019 og Indland kemst upp í annað sætið fyrir miðja þessa öld ef fram fer sem horfir.

Þar fyrir utan eru fleiri ríki sem eiga það sammerkt að hafa búið við sterkan hagvöxt í áraraðir, til dæmis Suður-Afríka, Tyrkland og Indónesía.

Á meðan glíma gömlu efnahagsveldin G7 eins og þau kölluðust, við mikinn skuldavanda, en ekki síðra áhyggjumál er stöðnunin og landlægt atvinnuleysi sem draga úr krafti efnahagslífs innan ríkjanna.

### Vænta meiri áhrifa

Hingað til hafa BRIC-ríkin ekki gefið of mikið út um fyrirætlanir sínar, en Guardian vitnar í leiðara í einu kínversku ríkisdagblaðanna þar sem segir að þó Kína og hinum nýmarkaðsríkjunum sé umhugað um að lausn finnist á vandræðum evrusvæðisins muni þau ekki vera í hlutverki miskunnsama Samverjans.

Nýmarkaðsríkin eru í sterkri stöðu, til dæmis varðandi ágreining um gjaldeyrismál og munu nær örugglega koma frá ráðstefnunni í sterkari stöðu og hafa meira ákvörðunarvald í alþjóðamálum í framtíðinni.

## STÆRSTU HAGKERFI HEIMS MIÐAÐ VIÐ VERGA LANDSFRAMLEIÐSLU

**Nýju efnahagsveldin hafa verið á hraðri uppleið síðustu ár. Kína komst upp í annað sæti yfir stærstu hagkerfi heims í fyrra og mun að öllum líkindum skáka Bandaríkjunum úr toppsætinu innan áratugar ef fram fer sem horfir.**

| | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 (spá) | 2012 (spá) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Bandaríkin | Bandaríkin | Bandaríkin | Bandaríkin | Bandaríkin | Bandaríkin |
| 2 | Japan | Japan | Japan | **Kína** | **Kína** | **Kína** |
| 3 | **Kína** | **Kína** | **Kína** | Japan | Japan | Japan |
| 4 | Þýskaland | Þýskaland | Þýskaland | Þýskaland | Þýskaland | Þýskaland |
| 5 | Bretland | Frakkland | Frakkland | Frakkland | Frakkland | Frakkland |
| 6 | Frakkland | Bretland | Bretland | Bretland | Bretland | Bretland |
| 7 | Ítalía | Ítalía | Ítalía | **Brasilía** | **Brasilía** | **Brasilía** |
| 8 | Spánn | **Rússland** | **Brasilía** | Ítalía | Ítalía | Ítalía |
| 9 | Kanada | Spánn | Spánn | **Indland** | **Indland** | **Indland** |
| 10 | **Brasilía** | **Brasilía** | **Indland** | Kanada | **Rússland** | **Rússland** |
| 11 | **Rússland** | Kanada | Kanada | **Rússland** | Kanada | Kanada |
| 12 | **Indland** | **Indland** | **Rússland** | Spánn | Spánn | Spánn |

Heimild: Goldman Sachs

## HAGVÖXTUR MILLI ÁRA SEM HLUTFALL AF VERGRI LANDSFRAMLEIÐSLU

Nýmarkaðsríkin stóðu flest af sér hrun fjármálamarkaða. Brasilía og Rússland gengu þó í gegnum samdrátt á árinu 2009. Rússland tók snarpa dýfu en er aftur komið á beinu brautina í efnahagsmálum. Varla sá nokkuð á vexti Kína og Indlands, en næstu ár er útlit fyrir að hagvöxtur nýmarkaðsríkjanna verði að minnsta kosti tvöfalt meiri en á evrusvæðinu.




Heimild: Alþjóðabankinn

# Eirberg

# Betra loft

## Air-O-Swiss rakatæki

- Bætir rakastig
- Hreinsar ryk og grófar agnir úr loftinu
- Bakteríuvörn í vatnstanki
- Auðvelt í notkun og umhirðu
- Hljóðlátt



## Airfree lofthreinsitæki



- Eyðir frjókornum og öðrum ofnæmisvöldum
- Vinnur gegn myglusveppi og ólykt
- Eyðir bakteríum og vírusum
- Hljóðlaust og sjálfhreinsandi
- Hæð aðeins 27 cm

## Stuðningshlífar

BAUERFEIND®

- Veita góðan stuðning
- Vandaður vefnaður
- Góð öndun
- Einstök hönnun
- Viðurkennd gæði
- Fjölbreytt úrval



## Æfingavörur

Bjóðum gott úrval af Sissel æfinga- og heilsuvörum.

- Æfinga- og yogadýnur
- Boltar
- Jafnvægisbretti
- Nuddrúllur
- Hita- og kælibakstar

sissel®



## Nálastungudýnan



- Eykur blóðflæði
- Minnkar vöðvabólgur
- Dregur úr höfuð-, háls- og bakverkjum
- Veitir slökun og bætir svefn
- Notkun 10-20 mínútur í senn

# Betri líðan

Opið virka daga kl. 9 - 18 og á laugardögum kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

Netfang
ritstjorn@markadurinn.is
Sími 512 5000 Fax 512 5301

Netfang auglýsingadeildar
auglysingar@markadurinn.is
Veffang visir.is

klinkið
Viðtal við Þorvarð Gunnarsson – vísir

ÞRJÚ ÁR FRÁ HRUNI
Greinar valinna penna um hrunið og eftirleik þess – vísir

BANKAHÓLFIÐ



Magnús Þorlákur Lúðvíksson

## Trompspil í Hörpu

Það bar margt umhugsunarvert á góma á vel heppnaðri ráðstefnu stjórnvalda og AGS í Hörpu á fimmtudag. Þetta var hvorki samkoma já-manna né niðurrifsseggja, þvert á móti hélt fjölbreyttur hópur fróðleg erindi.

Það er af þeim sökum leitt hvernig rætt hefur verið um ráðstefnuna í kjölfarið. Fókusinn hefur víðast hvar verið á þær persónur sem þar töluðu umfram málflutning þeirra. Sumir andstæðingar upptöku evru hafa bent á það eitt að Paul Krugman og Martin Wolf eru sama sinnis, sumir stuðningsmenn leiðar stjórnvalda við afnám gjaldeyrishafta hafa bent á það eitt að Krugman virðist styðja þá leið, og svo framvegis. Með öðrum orðum virðist sem svo að það eina sem margir hafi tekið frá ráðstefnunni sé það að ákveðnir virtir fræðimenn hafi svipaðar skoðanir. Erlendu fræðimönnunum hefur verið spilað út eins og einhvers konar trompspilum, þá megi ekki draga í efa.

Það er akkur í því að fá til Íslands fræðimenn á borð við Krugman. Glöggt er gests augað. Krugman sagði til dæmis að ekki væri hægt að kenna krónunni um það mikla innflæði fjármagns sem hér varð í aðdraganda bankahrunsins og benti á að fjölmörg önnur lönd, þar á meðal evrulönd, hefðu glímt við sama vanda. Þessu ættu stuðningsmenn upptöku evru að velta fyrir sér. En það er líka alveg rétt að fræðimenn á borð við þá sem töluðu í Hörpu hafa ekki í öllum tilfellum sérstaklega mikla þekkingu á Íslandi. Til að mynda lagði Willem Buiter til að 110 prósenta leiðinni yrði breytt í 70 prósenta leið en virtist ekki gera sér grein fyrir því hve dýr slík aðgerð gæti reynst eiganda Íbúðalánasjóðs og Landsbankans, ríkinu.

Það er því harla yfirborðskennt að líta einungis til skoðana þeirra sem töluðu á ráðstefnunni. Þegar um flókið viðfangsefni á borð við fyrirkomulag peningamála er að ræða, er hægur leikur að finna virta fræðimenn sem hafa gjörólíkar skoðanir. Fyrir utan það auðvitað að þegar einhver færir þau rök ein fyrir máli sínu að annar sé sama sinnis, er sá fyrri eiginlega nauðbeygður til að vera sammála öllu því sem sá seinni heldur fram. Skyldu til dæmis allir þeir sem hrifust af gagnrýni Pauls Krugman á evruna taka undir málflutning hans um að óskynsamlegt sé að afnema gjaldeyrishöft strax?

Heldur ber að grandskoða málflutning þessara einstaklinga og ræða hvað þar er skynsamlegt og hvað ekki. Það hefur lítið upp á sig að nota erlenda fræðimenn eins og trompspil í umræðu. Öðru máli gegnir hins vegar um málflutning þeirra sem getur verið einmitt slíkt spil.

BEOVISION 10



**Beovision 10** er okkar þynnsti flatskjár til þessa. Tækið er útbúið nýjustu LED baklýsingu, sem gerir okkur kleift að hafa tækið þynnra, auk þess sem það notar minni orku en hefðbundnir LCD flatskjáir. Þrátt fyrir þunnan prófíl Beovision 10 gefur það öðrum fjölskyldumeðlimum B&O ekkert eftir í hljóði, þar sem tækið er með innbyggða hágæða hátalara og magnara. Við þróuðum sérstakan hljóðgang í formi trompets til að ná fram bestu mögulegu hljóðgæðum út úr þessu magnaða tæki. Fæst með veggfestingu og á gólfstandi, 32", 40"og 46"allt eftir þínum óskum.

Komdu til okkar og upplifðu Beovision 10

Verð frá kr. 830.000
Kynnið ykkur möguleika á allt að 36 mánaða greiðsludreifingu

BANG & OLUFSEN

Síðumúla 21, Reykjavík
Sími 581 1100 , reykjavik@beostores.com
www.bang-olufsen.is

Opnunartími verslunar 10:00 - 18:00 alla virka daga • 11:00 - 14:00 laugardaga

ALLT KLÁRT



SHARP SJÓÐVÉL
ER-A220

15/30 vöruflokkar
Allt að 500 PLU númer
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Rafrænn innri strimill
Sérstaklega fyrirferðalítil skúffa

Kr. 39.900,-



SHARP SJÓÐVÉL
XE_A113B

32 vöruflokkar
Allt að 200 PLU númer
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Rafrænn innri strimill
Mjög auðveld í forritun

Kr. 54.900,-



SHARP SJÓÐVÉL
XE_A213

Allt að 99 vöruflokkar
Allt að 1200 PLU númer
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Rafrænn innri strimill
Mjög auðveld í forritun

Kr. 79.900,-

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

SHARP
EÐALVÉL

## Vinnuvélar



LEIGÐU LENGRI VINNUDAG! RAFSTÖÐVAR 4-160KW OG LJÓSAMÖSTUR MEÐ 220V ÚRTAKI. EINNIG DIESEL VATNSDÆLUR MEÐ 72m3/klst AFKSÖTUM. DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www.dslausnir.is

## Bátar

Vantar báta og skip á söluskrá okkar. Mikil eftirspurn. Bátar og búnaður, Sími 663-4865 og 861-9188. www.batarogbunadur.is

## Bílaþjónusta

**Frumherji**

**Söluskoðanir Frumherja**

Ertu að kaupa bíl? Taktu ekki óþarfa áhættu. Láttu frekar greina ástand bílsins með ítarlegri söluskoðun hjá Frumherja. Skoðunin kostar 9.900. Ekki þarf mikið til að söluskoðun borgi sig margfalt.

Fáðu aukna vissu í bílakaupin með söluskoðun Frumherja.

Tímapantanir í síma 570 9090

**Frumherji** – örugg bifreiðaskoðun

## Varahlutir

**NET-PARTAR**

486 4499
486 4477
www.netpartar.is

### Bílapartasala

Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**BILAPARTAR.IS**

Notaðir TOYOTA varahlutir

Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

### Varahlutavaktin Sími 555 6666

Erum að byrja rífa H1 (starex), Peugeot '02, Golf '98-'05, WV Passat '98-'00, Pajero '92-00 Accent '98. Grand vitara XL7 '03. Benz '88-'05, Landrover Discovery '98. Fiat Stilo '04 Yaris '04. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á staðnum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 10-14.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

### Faglærðir Píparar

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

### Pípulagnir

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Hreingerningar

**Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46**

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Vy-þrif ehf.

öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

### A-Ö Þrif&Hreinlæti S. 662 0662

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja

**HreinirGarðar**

Jólaseríur fyrir heimili, húsfélög og fyrirtæki

www.hreinirgardar.is
S.571-2000

**Alhliða garðþjónusta**

Garðaþjónusta Íslands ehf

20 % afsláttur af hellulögnum, trjáklippingum, trjáfellingum og þökulögnum.

Vönduð vinnubrögð. Róbert S. 866 9767

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

### Málarar

Alhliða málingarþjónusta, hagstæð verð í boði. S. 823 8547.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf., Sigurður 896-5758, siggi@litidmal.com

### Þarf að mála ?

Málari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 773 0317.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

**K2 Náttúruvæn Loftstokkahreinsun**

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 568-3063 eða inná www.k2.is

### Topp Verktakar ehf

Flísar - parket - mála - múrarar - steinslípun - smiðir setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 774 4449 topp.verktakar.ehf@gmail.com

**Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

Flísalagnir. Hef EU réttindi í endurnýjun baðherbergja. 25 ára reynsla. Góð vinnubrögð og snyrtilegur. Uppl. í s. 775 0772

Flísari getur bætt við sig verkefnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

## Tölvur

**tölvuhjálp!**

Yfirhalning á tölvu aðeins 2.900.- kr.

Ókeypis vírusvörn.

Nánar á: www.tolvuhjalp.is
Sími 588 9590
Vesturvör 32a • Kópavogi

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 821 6839.

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Spádómar

### Spákonan Sirrý

Ástir, fjármál, heilsa. Uppl. í s. 552 4244 & 823 6393.

### Spásíminn 908 5666

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**Raflagnir Dyrasímar**

Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

Fljót og góð þjónusta

Sími 893 1733

Jón Jónsson Löggiltur rafverktaki

www.raflagnir.is

### RAFVIRKJUN S. 896 6025

Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Viðgerðir

**Gleraugna-viðgerðir**

Títan, stál, plast og fleira

Sjonarholl.is S:565-5970

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL**

og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is

**Kaupi gull !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

## Til sölu

**Ódýrt blek og tóner**

Í alla prentara
Opið Skútuvogi 1 frá 9-18 virka daga

**Prentvörur** Sími 553 4000

## Til sölu




# Hættir að brenna peningum!

Fjöldi Íslendinga hefur að undanförnu metan breytt bílum sínum með BRC metan búnaði frá islandus.com. Höfum m.a. breytt Ford Explorer, Escape, Expedition, Toyota Landcruiser og Tacoma, VW, Skoda, Jeep, Daihatsu, Huyndai, Dodge og Lincholn. Getum breytt flestum bensín bílum með vandaðasta metan búnaði sem völ er á í dag.

**Hljóðlátara kerfi**
Þú heyrir ekkert í BRC búnaðinum. Ganghljóð bílsins er nánast óbreytt.

**Fullkomnara metan kerfi sem virkar betur**
BRC er mjög háþróað kerfi með fullkomnari stillingum en flest önnur metan kerfi til að tryggja réttan vélargang og afl við allar aðstæður og undir álagi t.d. frammúrakstur, kerrudrátt, upp brekkur, í snjó o.s.frv.

**Startar fyrr á metan**
BRC fer fyrr í gang en flest önnur metan kerfi, við aðeins 20 gráðu hita þannig þú notar bensín nánast ekkert.

**Fer betur með vél bílsins**
Ólíkt öðrum metan kerfum tryggir BRC betri endingu vélar bílsins í langkeyrslu og smyr ventla með bensíndropa innspýtingu öðru hverju.

**Áratuga reynsla:**
BRC er risastór alþjóðleg samsteypa sem þróar metan búnað fyrir alla helstu bílaframleiðendur. BRC á Íslandi www.brc.is flytur inn búnaðinn.

**Milljóna sparnaður:**
Flestir spara kr. 30.000 eða meira á mánuði eftir afborgun af metan búnaði. Sparaðu 400.000 á ári, tvær milljónir eða meira á 5 árum! Engin útborgun greiðist með léttgreiðslum úr sparnaði og þú getur sótt um allt að kr. 100.000 endurgreitt frá Tollstjóra ef þú pantar núna!

**Reiknaðu út þinn bíl á www.islandus.is**



Bjarki Aðalsteinsson á nýjum metanbreyttum Jeep Liberty Sport. Nú heimsækir fjölskyldan tengdó í útlöndum fyrir sparnaðinn.




Frábær vinnubrögð. Kútarnir hurfu undir bílinn og sjást varla Ánægður Durango eigandi bendir á tvo 60lítra kúta undir bílnum.

**islandus.com**

**Ódýrari bílar frá öllum helstu framleiðendum. www.islandus.is — Sími 552 2000**

markhonnun.is

netto
Kræsingar & kostakjör

**Gildir til 6. nóv.**
eða meðan birgðir endast

# HÚN ER **KOMIN!**




**EINVÍGIÐ**
ARNALDUR INDRIÐASON

**3.990 kr**
**KYNNINGARVERÐ!**

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes - Egilsstaðir

# krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** eining, **6.** til dæmis, **8.** hár, **9.** geislahjúpur, **11.** lést, **12.** spil, **14.** rót, **16.** öfug röð, **17.** stal, **18.** tæki, **20.** á fæti, **21.** frumeind.

**LÓÐRÉTT**
**1.** málmur, **3.** í röð, **4.** aldaskil, **5.** nögl, **7.** veiðarfæri, **10.** for, **13.** fæðu, **15.** ílát, **16.** munda, **19.** fíngerð líkamshár.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** stak, **6.** td, **8.** ull, **9.** ára, **11.** dó, **12.** lauma, **14.** grams, **16.** on, **17.** tók, **18.** tól, **20.** tá, **21.** atóm.
**LÓÐRÉTT: 1.** stál, **3.** tu, **4.** aldamót, **5.** kló, **7.** dragnót, **10.** aur, **13.** mat, **15.** skál, **16.** ota, **19.** ló.











# Mótsagnakenndur vinnumarkaður

**BAKÞANKAR**
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**



Atvinnuleysi á Íslandi hefur verið hærra síðustu misseri en nokkru sinni á minni ævi. Það er mótsagnakennd en aðallega sorgleg staðreynd að á sama tíma hefur verið skortur á sérmenntuðu starfsfólki, ekki síst tæknimenntuðu í íslensku atvinnulífi. Háskólakerfinu hefur mistekist að skila út á vinnumarkað því starfsfólki sem kallað er eftir. Mögulegar skýringar eru margar.

**HUGSANLEGA** breyttust forsendur eftir bankahrunið. Margir nýútskrifaðir hagfræðingar hafa ef til vill séð framtíð sína í bönkunum en vaknað upp við vondan draum þegar þeir hrundu. Með öðrum orðum má velta því fyrir sér hvort hér sé í raun annar vinnumarkaður en var. Sé svo er ljóst að það mun taka nokkurn tíma að vinna bug á atvinnuleysinu. Það tekur tíma að tileinka sér nýja sérþekkingu. Þá er líklegt að atvinnuleysi verði lengi hærra en verið hefur þar sem ekki tekst öllum að aðlagast nýjum veruleika. Góðu fréttirnar eru þær að þá er nokkuð skýrt hvað ber að gera. Lausnin er væntanlega sú að bjóða atvinnulausum upp á starfsþjálfun og að hvetja hópinn til að fara í háskólanám.

**ÖNNUR** möguleg skýring er sú að þeir sem hyggja á háskólanám séu einfaldlega ekki vel upplýstir um vinnumarkaðinn. Nýlega voru fluttar af því fréttir að tvöfalt fleiri væru í lögfræðinámi en sem nemur fjölda í Lögmannafélaginu. Haft var eftir starfsmanni félagsins að það væri í tísku að fara í lögfræði. Kannski eiga sér stað greinabólur í háskólum landsins. Þá er spurning hvort ekki sé skynsamlegt að gera upplýsingar úr launakönnunum starfsstétta sem og upplýsingar um fjölda einstaklinga í háskólanámi aðgengilegar þeim sem hyggja á nám.

**HVERJAR** svo sem skýringarnar kunna að vera er hins vegar ljóst að mikil ábyrgð hvílir á herðum skólakerfisins. Sérmenntuðu fólki verður ekki fjölgað öðruvísi en með því að mennta fleiri. Og fleira kemur til. Stóru stoðirnar í íslensku efnahagslífi eru fiskur og ál. Greinarnar munu hins vegar varla stækka mikið á næstu áratugum. Fiskveiðar takmarkast af fisknum í sjónum sem er þegar nýttur ansi vel. Stóriðja takmarkast svo aftur af virkjanlegri orku en samkvæmt mati Landsvirkjunar eru væntanleg uppsöfnuð hagvaxtaráhrif af framkvæmdum í tengslum við þá nýtanlegu orku sem er eftir hér á landi um 13 prósent. Ekkert slor, en hvað tökum við til bragðs þegar þessum framkvæmdum er lokið? Við gætum treyst á að hér finnist olía eða að við efnumst vegna siglinga um norðurslóðir en slíkt er varla í hendi. Það er skynsamlegra að búa í haginn fyrir framtíðina með því að stórefla háskólakerfið og hlúa þar með að nýsköpun. Menntun er lykillinn að framtíðinni og þann lykil þarf að vanda vel.

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# KONUKVÖLD

## MIÐVIKUDAGINN 2. NÓVEMBER
## Frá 18:30-21:00

### ÓTRÚLEG TILBOÐ
30% af allri JÓLAVÖRU
30% af MARSEILLE sápum
30% af öllum kertum
25% af öllum púðum
30% af öllum mottum

### KYNNINGAR
Karl K. Karlsson
Hafliði súkkulaðimeistari
Búrið

### DAGSKRÁ
Lifandi tónlist
Páll Óskar
Frostrósir
Happdrætti





BÚRIÐ

ICELANDIC HANDMADE CHOCOLATE

TORRES

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18
mánudaga - föstudaga 11-18:30 www.ILVA.is

# menning

menning@frettabladid.is

**HARPA OG SLAGVERK HITTAST Á RÓSENBERG** Duo Harpverk spilar á árlegum tónleikum á Café Rosenberg í kvöld. Dúóið skipa þau Katie Elizabeth Buckley hörpuleikari og Frank Aarnik slagverksleikari, sem bæði tvö eru hljóðfæraleikarar hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Tónleikarnir hefjast klukkan 21 og það kostar 500 krónur inn.




# Mannréttindabrot sýnileg

**Mannréttindasamtökin Amnesty International standa ásamt Bíói Paradís fyrir kvikmyndadögunum (Ó)sýnileg, sem hefjast á morgun. Tólf heimildarmyndir sýna þrautseigju fólks sem berst fyrir rétti sínum.**



**SANNLEIKURINN SÝNDUR** Bryndís Bjarnadóttir segir heimildarmyndirnar færa áhorfandann inn í raunverulegar aðstæður einstaklinga sem berjast fyrir rétti sínum.

Í tilefni af fimmtíu ára starfi Amnesty International á alþjóðavísu halda samtökin á Íslandi kvikmyndahátíðina (Ó)sýnileg í Bíói Paradís. Hátíðin stendur yfir dagana 3. til 13. nóvember og verða tólf heimildarmyndir til sýnis. Samtökin gera mannréttindabrot sýnileg og krefjast úrbóta.

„Heimildarmyndir eru sterkur miðill. Myndformið færir okkur inn í raunverulegar aðstæður og sýnir sannleikann. Á augabragði erum við stödd á útvarpsstöð konu í Níkaragva, sem hefur það að markmiði að segja frá ofbeldi gegn konum, eða í fangelsi hjá ungum dreng, sem sat inni ásamt hundruðum í kjölfar grænu byltingarinnar í Íran,“ segir Bryndís Bjarnadóttir, herferðarstjóri Íslandsdeildar Amnesty International.

„Við áhorf myndanna verða þessir einstaklingar svo nærri þér að þú hreinlega verður að taka afstöðu og grípa til aðgerða.“ Myndirnar, sem allar hafa unnið til alþjóðlegra verðlauna, endurspegla þann raunveruleika sem viðgengst í heiminum og reynt er að fela.

„Nokkrar taka á mannréttindabrotum gegn konum, aðrar gefa innsýn inn í gang mála í Norður-Afríku og Mið-Austurlöndum eða fjalla um brot á tjáningarfrelsinu.“ Áhorfendum gefst kostur á að þrýsta á yfirvöld Sýrlands, Kongó og Írans vegna þeirra sem eru þar í hættu og sæta mannréttindabrotum.

„Það er vegna sýrlenskrar kvenréttindakonu, nauðgana í Kongó sumarið 2010 og samviskufanga í Íran sem hlaut sex ára dóm fyrir að nýta sér tjáningarfrelsið. Við viljum krefja yfirvöld um að vernda eftirfarandi einstaklinga og koma í veg fyrir áframhaldandi brot.“

Peter Löfgren, framleiðandi myndarinnar Travel Advice for Syria, er heiðursgestur hátíðarinnar. Myndin veitir einstaka innsýn í sýrlenskt samfélag í aðdraganda uppreisnarinnar sem hófst fyrir hálfu ári. Hann verður viðstaddur sýningu myndarinnar 8. nóvember og mun svara fyrirspurnum kvikmyndagesta.

Nánari upplýsingar um dagskrá hátíðarinnar er að finna á amnesty.is og bioparadis.is.

hallfridur@frettabladid.is




# Hver ræður yfir hverjum?

Leikhús ★★★★

**Eftir lokin**

**Höfundur:** Dennis Kelly. **Þýðing og leikstjórn:** Stefán Hallur Stefánsson. **Leikarar:** Sveinn Ólafur Gunnarsson og Lilja Nótt Þórarinsdóttir **Tónlist:** Gísli Galdur Þorgeirsson. **Leikmynd og búningar:** Brynja Björnsdóttir. **Lýsing:** Stefán Benedikt Vilhelmsson.

**Tjarnarbíó**

Á laugardagskvöldið var hið ágæta leikhús í gamla Tjarnarbíói með frumsýningu á væg-ast sagt óhugnanlegu verki eftir Dennis Kelly, sem einnig samdi Elsku barn sem flutt var í Borgarleikhúsinu í fyrra.

Í þröngum klefa hafast tvær persónur við um nokkurt skeið því að það virðist sem kjarnorkustríð geysi utan hans. Áhorfendum er komið fyrir eins og í kringum boxhring; miðjan er girt af með geislum og í ferningi kljást tvær persónur við að lifa meðan dauðinn er alls staðar utan þeirra.

Hér er verið að tefla allan tímann, tvö skref fram og eitt til baka. Leikreglur settar upp um hvað beri að gera til þess að tíminn líði bærilega. Í kjarnorkubyrginu er takmarkað magn fæðu og ræður karlmaðurinn Markús alfarið yfir henni, enda er þetta kjarnorkubyrgið hans. Þau eru vinnufélagar og það er greinilegt að hún eins og aðrir á vinnustaðnum hafa hlegið að honum og þótt hann nokkuð undarlegur í háttum.

Þetta er þrusuvel skrifað verk og vafalítið draumur hvers ungs leikara að fá að kljást við svo mergjaðar sveiflur sem til verða í samskiptum fólks við aðstæður sem þessar. Lilja Nótt og Sveinn Ólafur skiluðu afbragðsleik í þessari nálægu glímu við möguleikann á að lifa af. Skyndilega kemur vendipunktur sem breytir sambandinu mjög millum þeirra og gefst þá tækifæri til þess að skoða enn samskiptamynstrið. Hér er verið að vinna með hið svokallaða Stokkhólmssyndróm, eða þá flóknu sálarflækju þegar fórnarlamb fer að elska eða alla vega þykja vænt um kvalara sinn.

Gísli Galdur Þorgeirsson á hér einnig vænan þátt í að skapa stemningu óhugnaðar. Hljóðmyndin öll var eins og ískrandi tónverk úr helvíti og notkun ljósa og ekki síður myrkurs undirstrikaði þann ofurkraft geðveikinnar sem smám saman var að vaxa fram. Starandi sturlast persónan Markús og virðist nær blindur af sinni eigin brjálsemi.

Textinn var mjög áheyrilegur og framsögn leikaranna góð.

Elísabet Brekkan

**Niðurstaða:** Flott verk, ekki fyrir viðkvæma en svo sannarlega fyrir þá sem hafa áhuga á að sjá magnaðan leik í návígi.



# WHAT HI-FI? SOUND AND VISION

# AWARDS 2011




## Hið virta tímarit What Hi-Fi veitti sín árlegu verðlaun fyrir bestu tæki ársins 2011 fyrir skemmstu.

**Panasonic gerði sér lítið fyrir og vann til fjölda verðlauna.**

**Besta sjónvarpið yfir 52" - Panasonic TXP55VT30**
"Seriously good in so many ways, the VT30 has set the benchmark at this screen size."

**Besta 50-52" sjónvarpið - Panasonic TXP50GT30 Smart Viera**
"Everything about the television is impressive, from the ease with which to set it up to the amazing picture quality, the whole package screams quality."

**Besta 46-47" Sjónvarpið - Panasonic TXP46GT30 Smart Viera**
"This versatile 46in plasma is our favourite TV at this screen size - a worthy Award winner."

**Besta hágæða 40-42" sjónvarpið - Panasonic TXP42GT30 Smart Viera**
"You won't find a TV more deserving of a Product of a Year than this"

**Panasonic**
ideas for life

**Besti Blu-ray spilarinn - Panasonic DMPBDT210**
"The jewel in Panasonic's crown is undoubtedly the DMP-BDT210. No other player at this money can match it."

**Besta Heimabíóið - Panasonic SCBTT370**
"Panasonic has produced yet another highly polished all-in-one system."

Alltaf gæði og góð kaup!
STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin 40 ára

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

# Sveinn Dúa fagnar sönglagaplötu

„Tónleikarnir verða góðir, platan verður flutt eins og hún kemur fyrir. Og svo verður auðvitað Sigríður Thorlacius með okkur, en það er einn dúett á plötunni með okkur. Ég er mjög ánægður með útkomuna og viðtökurnar,“ segir tenórinn Sveinn Dúa Hjörleifsson sem fagnar útkomu fyrstu einsöngsplötu sinnar með útgáfutónleikum í Salnum í Kópavogi á sunnudagskvöld klukkan 20.

Platan kallast Værð og inniheldur íslensk sönglög í útsetningu Hjartar Ingva Jóhannssonar píanóleikara. „Þegar við Hjörtur byrjuðum að ræða efni plötunnar var ljóst að nokkur lög voru okkur sérlega hugleikin og pössuðu vel á plötu sem þessa, nokkur þeirra eru í Fjárlögunum en ekki öll. Við ákváðum því að hafa þau sem eins konar þráð á plötunni. Lögin í gömlu Fjárlögunum eiga fullt erindi til fólks og Hjörtur gerði þau sem við notumst við fersk með sínum útsetningum.“

Sveinn lauk nýverið námi frá Tónlistarháskóla Vínarborgar og hefur haft í nógu að snúast síðan. Hann hlaut á dögunum viðurkenningu úr Styrktarsjóði Önnu K. Nordal sem ætlað er að styðja við unga og efnilega söngvara og fiðluleikara. Hann segir viðurkenninguna mikla. „Ég er nýbúinn með námið og er núna byrjaður að vinna við þetta.“ Sveinn hefur þegar komið víða fram þrátt fyrir ungan aldur og söng meðal annars með Sinfóníuhljómsveit Íslands á opnunarhátíð Hörpu, en segir þó stóru tækifærin liggja utan landsteinanna. „Í sumar var ég í Vín og tók þátt í frumflutningi á nútímaóperum, þetta var svona kammeróperuveisla – þar söng ég þrjú hlutverk. Á síðasta ári söng ég í Bergen og var á tónleikaferðalagi í Kóreu. Síðan er ég að fara til Linz í Austurríki þar sem ég syng Fernando í Cosi fan tutte fram á næsta sumar. Þetta gengur glimrandi vel.“ **- bb**




**NÓG AÐ GERA** Sveinn Dúa Hjörleifsson söng með Sinfóníuhljómsveit Íslands á opnunarhátíð Hörpu. Hann sendi nýverið frá sér fyrstu einsöngsplötu sína og fagnar útgáfunni í Salnum á sunnudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




# Moore ósáttur við Bond

**Sir Roger Moore segir að síðasta myndin um James Bond, Quantum of Solace, hafi verið eins og sundurlaus auglýsing. Moore, sem fór með hlutverk njósnara hennar hátignar í sjö myndum á árunum 1973-1985, segir að sagan sé ekki nóg sterk og myndin sé of löng. Þá gagnrýnir hann vöruinnsetningar í myndinni. „Ég var ekki hrifinn af síðustu Bond-mynd. Hún er var eins og löng, sundurlaus auglýsing,“ sagði hann.**

**Hinn 84 ára Moore skaut einnig föstum skotum á forvera sinn í hlutverki Bond, Sir Sean Connery, þegar hann sagðist eiga í erfiðleikum með að skilja skoskan hreim hans. „Sean er góður leikari, mér þykir leitt að ég skil ekki hvað hann segir,“ sagði Moore á fundi með námsmönnum í Cambridge í síðustu viku.**



**RAFMAGNAÐUR DJASS** Gítarleikarinn Ómar spilar ásamt hljómsveit á Jazzklúbbnum Múlanum í kvöld.

# Spila í London

Hljómsveit gítarleikarans Ómars Guðjónssonar heldur tónleika á Jazzklúbbnum Múlanum í Norræna húsinu í kvöld. Tilefnið er að hita upp fyrir tónleika sveitarinnar á London Jazzfestival í næstu viku. Þar mun hljómsveitin koma fram ásamt þremur öðrum íslenskum böndum.

„Við komum fram laugardaginn 12. nóvember á sviði sem verður tileinkað íslenskum tónum. Ásamt okkur leika Samúel Jón Samúelsson Big Band, Tríó Sunnu Gunnlaugsdóttur og Frelsissveit Hauks Gröndal,“ segir Ómar spenntur yfir komandi Bretlandsferð.

Hann lofar jafnframt að rafmagnaður djass verði leikinn á Múlanum í kvöld. „Við erum með tvo trommuleikara og rafmagnsbassa, sem er ekki mjög algengt í djassi. Við hugsum svolítið út fyrir djassrammann.“ **- hþt**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 02. nóvember**

### ➜ Tónleikar

**17.00** Þórarinn Hjartarsson segir og syngur Lífsdagbók ástarskáldsins Páls Ólafssonar í Landnámssetrinu í Borgarnesi. Miðaverð er kr. 2.500.



**17.30 Sigríður Aðalsteinsdóttir**, mezzósópran, er gestur Jónasar Ingimundarsonar í tónleikaröðinni Íslenskt? Já takk. Tónleikarnir fara fram í Salnum og er miðaverð kr. 1.500.

**20.00** Lionsklúbbur Hveragerðis heldur tónleika í Hveragerðiskirkju til styrktar baráttu gegn einelti í samstarfi við samtökin Liðsmenn Jerico. Ragnheiður Gröndal, Páll Rósinkranz og Magnús Þór Sigmundsson koma fram ásamt barnakór úr grunnskóla Hveragerðis. Aðgangseyrir er kr. 2.000.

**21.00** Hljómsveit gítarleikarans Ómars Guðjónssonar kemur fram á tónleikaröð Jazzklúbbsins Múlans í Norræna Húsinu. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**21.00** Tvíeykið Duo Harpverk, skipað hörpuleikaranum Katie Buckley og slagverksleikaranum Frank Aarnink, kemur fram á sérstæðum tónleikum á Café Rosenberg.

### ➜ Fundir

**20.00** Hvítabandið líknarfélag heldur fund að Hallveigarstöðum við Túngötu. Gestur fundarins er Sigríður Víðis Jónsdóttir, rithöfundur og höfundur bókarinnar Ríkisfang - Ekkert.

### ➜ Uppákomur

**20.00** Hið vikulega Pöbb Quiz verður haldið á Faktorý. Þátttaka er ókeypis en veglegir vinningar í boði.

**20.30** Skemmtistaðurinn Bakkus stendur fyrir skúlptúrkeppni.

### ➜ Dans

**14.00** Síðdegisdans verður hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Stangarhyl 4. Stjórnendur eru Matthildur Guðmundsdóttir og Jón Freyr Þórarinsson.

### ➜ Handverkskaffi

**20.00** Hildur Jónsdóttir bókbindari kynnir marmoreringu á pappír, sem er ævaforn aðferð til þess að búa til skrautlegan pappír, í Handverkskaffi í Gerðubergi. Aðgangur er ókeypis.

### ➜ Uppistand

**20.00** Drengirnir í Mið-Íslandi halda uppistand ásamt norska uppistandaranum Dag Sørås og Ernu Dís Eriksdóttur í Þjóðleikhúskjallaranum. Miðaverð er kr. 2.000.

### ➜ Tónlist

**22.00** Extreme Chill heldur sérstakt raftónlistarkvöld á Kaffibarnum þar sem Dj Thor, B. G. Baarregaard, Mooglie og Dj Andre & Beatmakin Troopa stjórna tónlistinni.

### ➜ Fyrirlestrar

**12.00** Kjartan Ólafsson fer yfir niðurstöður nýrrar rannsóknar sem leitast við að meta hversu algengt er að börn lendi í hættulegum aðstæðum á internetinu. Erindið flytur hann á Félagsvísindatorgi Háskólans á Akureyri í stofu M102 að Sólborg við Norðurslóð.

**14.10** Andrew Whitehead frá University College Cork í Írlandi flytur fyrirlesturinn Hlæjandi búddar: endurmat á leiðargildi kímni í ljósi hefða kínversks búddisma í stofu 222 í aðalbyggingu Háskóla Íslands.

### ➜ Samkoma

**20.00** Guðbjörg Helga Jóhannesdóttir, atvinnu- og hlunnindaráðgjafi Bændasamtaka Íslands, ræðir um íslenskan æðardún og náttúruleg verðmæti hans á fræðslukvöldi Vitafélagsins í Sjóminjasafninu Víkinni, Grandagarði.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

# Norskur grínisti með Mið-Íslandi

„Ég held að Norðmenn séu almennt fyndnir," segir Bergur Ebbi Benediktsson, 25 prósent af uppistandshópnum Mið-Ísland.

Mið-Ísland snýr aftur í Þjóðleikhúskjallarann í kvöld og annað kvöld eftir sumarfrí. Ari Eldjárn, Bergur Ebbi, Halldór Halldórsson og Jóhann Alfreð Kristinsson koma allir fram ásamt sjónvarpsmanninum Birni Braga Arnarssyni, sem er kynnir kvöldsins og uppistandaranum Ernu Dís Eriksdóttur. Aðalgestur kvöldsins er norski grínistinn Dag Sørås.

„Hann er með uppistandið sitt á ensku, þannig að gestir þurfa ekki að taka með sér norsk-íslenska vasaorðabók á uppistandið," segir Bergur. „Hann hefur mikið komið fram í Bretlandi. Þar er hans helsta vígi. Annars kemur hann líka fram í Noregi og Svíþjóð."

Sýningarnar hefjast klukkan 20 báða dagana og miðaverð er 2.000 krónur. **- afb**



**SNÚA AFTUR** Mið-Ísland snýr aftur í Þjóðleikhúskjallarann í kvöld og annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA







Íslenska landsliðið gegn Úrvalsliði HSÍ

Viltu vinna miða á leikinn?

Taktu þátt í leik á **arionbanki.is** og þú gætir unnið **miða fyrir tvo!**

**Mætum í Laugardalshöllina á föstudaginn kl. 20:00 og keyrum upp íslenska handboltastemmningu eins og hún gerist best.**

**Arion banki** er aðalbakhjarl HSÍ

arionbanki.is — 444 7000

Arion banki



**24 TÍMUM** eyddi leikkonan Lindsay Lohan í líkhúsi í Los Angeles. Það er 16 tímum meira en dómari skipaði henni að vinna í þágu samfélagsins eftir að hún rauf skilorð.

# MIKILL ÁHUGI Á INNIHALDI

**Yfir fjórtán þúsund Íslendingar hafa heimsótt nýja vefmiðilinn Innihald.is en hann fór í loftið á laugardaginn. Þær Sigrún Jóhannsdóttir, Sæunn Ingibjörg Marinósdóttir og Anna Jóna Heimisdóttir sem skipa ritstjórn miðilsins eru í skýjunum yfir viðtökunum. Innihald.is er í senn afþreyingarvefur og vettvangur málefnalegrar umræðu.**



**RITSTJÓRNIN** Þær Sæunn Ingibjörg Marinósdóttir og Sigrún Jóhannsdóttir voru orðnar leiðar á mörgum vefmiðlum og boða aukinn fjölbreytileika í úrvali netmiðla með stofnun Innihald.is. Á myndina vantar þriðja meðlim ritstjórnar, Önnu Jónu Heimisdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Aðsóknin fór langt fram úr okkar björtustu vonum og við erum mjög sáttar með viðtökurnar," segir Sigrún Jóhannsdóttir lögfræðingur og einn þriggja aðstandenda nýs vefmiðils, Innihald.is.

Vefurinn fór í loftið á laugardaginn og hafa þegar um fjórtán þúsund manns skoðað vefinn oftar en einu sinni á síðustu fjórum dögum. Sem dæmi má taka er vefur Alþingis með ellefu þúsund notendur á heilli viku.

Eina af ástæðum góðrar aðsóknar á vefinn má rekja til athyglinnar sem pistill Maríu Lilju Þrastardóttur hefur vakið en hún skrifaði opið bréf til Davíðs Þórs Jónssonar. „Pistill Maríu og eftirmálar hans hafa vakið mikla athygli en við ætlum ekki að taka efnislega afstöðu í þessu máli. Okkar hlutverk er að sjá til þess að siðareglum sé fylgt en umfram það er orðið frjálst," segir Sigrún en hvetur þá sem telja að á sér hafi verið brotið að hafa samband við sérstaka siðanefnd miðilsins sem meti hvað gert verður í framhaldinu.

Þær Sigrún, Anna Jóna Heimisdóttir, stjórnmála- og kynjafræðingur, og Sæunn Marinósdóttir viðskiptafræðingur kynntust í aðdraganda Druslugöngunnar í sumar. Með nafni miðilsins vilja þær stöllur benda á að það er innihaldið sem skiptir máli en ekki útlitið. „Við vorum allar orðnar þreyttar á tilfinningarúnki margra vefmiðla og hvernig fréttaflutningi var háttað til að næla sér í sem flestar flettingar."

Innihald.is fer eftir ströngum siðareglum og hefur ritstjórnin sett saman sérstakt vefráð sem á að veita ritstjórninni aðhald og uppbyggilega gagnrýni mánaðarlega en í ráðinu er fjölbreyttur hópur einstaklinga.

„Við viljum halda ákveðnum staðli á síðunni og sjá til þess að við förum ekki út fyrir okkar eigin markmið. Við erum til dæmis strangar á að pistlahöfundar geri grein fyrir heimildum sínum, eitthvað sem ætti að vera sjálfsagt mál í vefmiðlum en er því miður ekki," segir Sigrún og hún hvetur alla til að senda inn pistla á síðuna.

Umfjöllunarefni Innihald.is er allt milli himins og jarðar eins og til dæmis þjóðfélagsmál, matargerð, listir, handavinna og kynlíf.

„Við viljum að sem flestar raddir heyrist og höfða til fjölbreytileikans en um leið uppræta fordóma. Til dæmis viljum við ekki skrifa um kynlíf með því að leiðbeina konum hvernig á að fullnægja karlmanni heldur viljum við fjalla um kynlíf á eðlilegri hátt og sem hluta af góðri heilsu." alfrun@frettabladid.is



**SKRINGILEGT** Kim Kardashian og Kris Humphries eru að skilja, þau þurfa hins vegar ekki að gráta glataðar krónur því þau græddu umtalsvert á hjónabandinu.

## Kim og Kris í tölum

Fátt hefur vakið meira athygli en skilnaður raunveruleikastjörnunnar Kim Kardashian og Kris Humphries. Hjónaband þeirra entist aðeins í 72 daga þrátt fyrir að öllu hefði verið tjaldað til þegar þau játuðust hvort öðru frammi fyrir Guði og E!-sjónvarpsstöðinni.

Tölurnar í kringum hjónabandið eru ansi skondnar. Humphries er meðal annars **2,06 metrar** á hæð en Kardashian er ekki nema **1,57 metrar**. Þau þurftu að borga **20 milljónir dollara** fyrir brúðkaupið sitt, sem þótti einkar glæsilegt, en í staðinn græddu þau **18 milljónir dollara**, með sölu á sjónvarpsrétti og myndatöku. Kim pantaði **þrjá Veru Wang-kjóla** fyrir athöfnina, kampavín fyrir **400 þúsund dollara** og **750 þúsund dollara** fyrir veitingarnar. Og allt var þetta frítt. Ef allt er tekið saman þénaði parið á þessum 72 dögum **250 þúsund dollara** á dag samkvæmt breska blaðinu Daily Mail.

Sá sem hefur grætt einna mest á þessu hjónabandi er Humphries. Hann fékk **fjórtíu þúsund dollara** fyrir hvern leik í NBA-deildinni; í dag þénar hann **250 þúsund dollara**.

## Justin Bieber í mútur



Poppstjarnan Justin Bieber átti í erfiðleikum með röddina þegar hann söng dúett með Mariuh Carey og vill umboðsmaður söngvarans meina að unglingsstjarnan sé komin í mútur. Bieber og Carey sungu saman gamlan slagara söngkonunnar, All I Want for Christmas Is You, og átti Bieber víst í miklum erfiðleikum með að ná háu tónunum.

„Fyrir ári hefðu þessir tónar ekki verið vandamál fyrir Bieber," segir umboðsmaðurinn Scooter Braun í viðtali við vefsíðuna Billboard.com.

Bieber er 17 ára gamall og ein vinsælasta poppstjarnan í heiminum í dag. Hann undirbýr nú plötuna Under the Mistletoe sem á að koma út á næstu dögum en ofangreint lag verður einmitt á þeirri plötu.

**Náttúrulegar snyrtivörur fyrir alla fjölskylduna**

Sante snyrtivörurnar eru framleiddar úr lífrænt ræktuðum jurtum og eru lausar við skaðleg kemísk efni. Þær eru margprófaðar af húðsjúkdómafræðingum og hafa staðist strangar gæðaprófanir.

Sýndu fyrirhyggju og veldu náttúrulegar snyrtivörur fyrir fjölskylduna þína.

20% Kynningarafsláttur út nóvember





„Ég nota snyrtivörur sem raska ekki hormónastarfssemi, framkalla ekki ofnæmi né þurrk á húð og eru í senn lausar við paraben-efni. **Ég mæli með Sante.**"

**Þorbjörg Hafsteinsdóttir,** Næringarþerapisti og höfundur bókarinnar „10 árum yngri á 10 vikum"

SANTE NATURKOSMETIK

LIFANDI MARKAÐUR

www.lifandimarkadur.is
Borgartúni 24 | Hæðasmára 6 | Hafnarborg

**Sígræna jólatréð -eðaltré ár eftir ár!**

SÍGRÆNA JÓLATRÉÐ

**Skátahreyfingin hefur um árabil selt sígræn eðaltré í hæsta gæðaflokki og prýða þau þúsundir heimila og fyrirtækja.**



**Frábærir eiginleikar:**

10 ára ábyrgð
12 stærðir (90-500 cm)
Stálfótur fylgir
Ekkert barr að ryksuga
Veldur ekki ofnæmi
Eldtraust
Þarf ekki að vökva
Íslenskar leiðbeiningar

**Sígrænu jólatrén eru seld í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 í Reykjavík, s: 550 9800 og á skátavefnum: www.skatar.is**

Skátarnir




# LANCÔME DAGAR
## Í LYFJU LÁGMÚLA OG LAUGAVEGI
## 2. - 4. NÓVEMBER

**20%**
**kynningarafsláttur af öllum LANCÔME vörum.**

Lancôme sérfræðingur kynnir nýju haustlitina, Doll Eyes maskarann, Teint Miracle púðurfarðann, Effet Miracle farðagrunninn og Visionnaire dropana sem allir eru að tala um.

Bjóðum Lancôme 30 ml krem í krukkum á frábæru tilboðsverði.

Vertu velkomin.




LYFJA
- Lifið heil

Lágmúla 5 – sími 533 2309 - Laugavegi 16 – sími 552 4045

# Óttar tefldi af miklum móð

**Óttar Martin Norðfjörð gafst upp á því að reyna að fá Arnald Indriðason til að tefla við sig en báðir rithöfundarnir gefa út bók fyrir þessi jól þar sem sögusviðið er einvígið fræga milli Spasskís og Fischers. Óttar ákvað þess í stað að bjóða gestum og gangandi að tefla við sig í Eymundsson og notaði taflborð og taflmenn sem skáksnillingarnir tveir tefldu með í Laugardalshöll árið 1972.**



Rithöfundurinn Óttar Martin tók sig vel út við taflborðið fræga í Eymundsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, fékk áritað eintak hjá Óttari.



Rithöfundurinn Bryndís Björgvinsdóttir gaf út barnabókina Flugan sem stöðvaði stríðið fyrir skömmu og hún mætti með Höskuld Ólafsson, oftast kenndan við Quarashi, upp á arminn.

# Verðugur arftaki Dr. Jones

Tölvuleikur ★★★★★

**Uncharted 3**

PS3

Það er alveg sérstök tilfinning sem fylgir því að spila Uncharted-leikina. Frá fyrstu mínútu eru leikmenn dregnir inn í heillandi heim sem er stútfullur af velsköpuðum persónum, vel skrifuðum samtölum og nægum hasar til að fylla 3-4 Hollywood stórmyndir. Uncharted-leikirnir hafa oftar en einu sinni verið sagðir þeir leikir sem komast næst því að hafa sama skemmtanagildi og góð hasarmynd. Þetta gildir að sjálfsögðu líka um Uncharted 3: Drake's Deception sem gefur fyrri leikjum ekkert eftir.

Enn á ný er farið í hlutverk erkitöffarans Nathans Drake og að þessu sinni er leitað að fornri borg í miðri eyðimörk, hinni svokölluðu Atlantis sandanna. Leitin flytur leikmenn víða um heiminn, allt frá hálfónýtum köstulum í Frakklandi yfir í skipagrafreit í miðjum ofsastormi. Allt frá því að Indiana Jones hætti að vera skemmtilegur hefur sárvantað fígúru sem getur gert samsæriskenningar fornsögunnar spennandi og sú fígúra er klárlega Nathan Drake.

Spilun Uncharted 3 skiptist í þrjá meginflokka: þriðju persónu skotbardaga, klifur þar sem menn leita réttu leiðanna að settu takmarki og svo að leysa þrautir. Ofan á þetta bætast síðan við mögnuð hasaratriði þar sem Drake þarf meðal annars að flýja úr brennandi húsum eða sleppa úr sökkvandi skemmtiferðaskipi. Að spila í gegnum söguþráð Uncharted 3 er frábær skemmtun og toppar auðveldlega flestallt annað sem er á markaðnum.

Ofan á allt annað þá skartar Uncharted 3 netspilun, þar sem menn geta bæði keppt á móti hver öðrum og svo spilað saman í gegnum sérútbúin borð. Því miður var ekki búið að opna á vefþjóna leiksins þegar undirritaður spilaði í gegnum leikinn og því náðist ekki að prufukeyra þann hluta. En jafnvel þótt sá hluti myndi reynast vera hreint rusl, sem hann er örugglega ekki, gæti það ekki breytt því að Uncharted 3 er hreint frábær leikur sem ætti að vera skyldueign fyrir alla unnendur ævintýra og hasars.



**HASAR** Nathan Drake gengur burt frá góðu dagsverki.

**Viggó Ingimar Jónasson**

**Niðurstaða:** Uncharted 3 er flottari en svölustu hasarmyndir og heldur manni rígföstum frá upphafi til enda.


midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| ÆVINTÝRI TINNA - 3D | 5 og 8 |
| ÆVINTÝRI TINNA - 2D | 5 |
| THE THING | 10.15 |
| BORGRÍKI | 6, 8 og 10.15 |
| KILLER ELITE | 10.15 |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| TINTIN M/ Ensku Tali | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 3D |
| THE HELP | kl. 5:30 - 8:30 - 10:10 | 2D |
| THE THREE MUSKETEERS - 3D | kl. 5:40 - 8 | 3D |
| FOOTLOOSE | kl. (5:50 vip) - 8 | 2D |
| REAL STEEL | kl. 10:20 | 2D |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | kl. 5:50 - 8 | 2D |
| KONUNGUR LJÓNANNA M/ ísl. Tali | kl. 6 | 2D |
| DRIVE Luxus VIP | kl. 8 - 10:20 | 2D |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HELP | kl. 6 - 9 | 2D |
| THE THREE MUSKETEERS | kl. 6 - 8 - 10:10 | 3D |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| TINTIN | kl. 8 | 3D |
| THE THREE MUSKETEERS | kl. 10:20 | 3D |
| BORGRÍKI m/ísl.tali | kl. 8 | 2D |
| KILLER ELITE | kl. 10 | 2D |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| THE ADVENTURES OF TINTIN | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 3D |
| HELP | kl. 6 - 9. | 2D |
| ÞÓR: HETJUR VALHALLAR m/ísl tali | kl. 5:40 | 3D |
| THE THREE MUSKETEERS | kl. 8 - 10:30 | 3D |
| FOOTLOOSE | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 2D |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| DON GIOVANNI (ÓPERA ENDURFLUTT) | kl. 6 | |
| THE HELP | kl. 6 - 9 | 2D |
| THE THREE MUSKETEERS - 3D | kl. 10:20 | 3D |
| FOOTLOOSE | kl. 8 | 2D |
| THE SKIN I LIVE IN | kl. 10:10 | 2D |
| BANGSÍMON M/ ísl. Tali | kl. 6 | 2D |
| ALGJÖR SVEPPI | sýnd á morgun kl. 6 | 2D |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| ÆVINTÝRI TINNA 3D | KL. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| ÆVINTÝRI TINNA 3D LÚXUS | KL. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| ÆVINTÝRI TINNA 2D | KL. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| HEADHUNTERS | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| ÞÓR 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| ÞÓR 2D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.40 | L |
| BORGRÍKI | KL. 8 - 10 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| ÆVINTÝRI TINNA 3D | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 7 |
| HEADHUNTERS | KL. 8 | 16 |
| ÞÓR 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 5.50 | L |
| BORGRÍKI | KL. 10.15 | 14 |
| MIDNIHGT IN PARIS | KL. 5.50 - 8 | L |
| WHAT´S YOUR NUMBER | KL. 10.10 | 12 |
| ELDFJALL | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| ÆVINTÝRI TINNA 3D | KL. 6 - 8 - 10 | 7 |
| THE THING | KL. 10 | 16 |
| ÞÓR 2D | KL. 6 | L |
| BORGRÍKI | KL. 8 | 14 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

MIÐVIKUDAGUR: KÍNA: SACRIFICE 20:00 ■ KÍNA: THE MESSAGE 22:20 ■ MIDNIGHT IN PARIS 18:00, 20:00, 22:00 ■ ICELAND VOLCANO 18:00 ■ JÓN OG SÉRA JÓN 18:00, 20:00, 22:00 ■ *SVINALANGORNA* 18:00, 20:00 ■ Á ANNAN VEG 22:00

ÍSL. TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES.*

VERTU FASTAGESTUR!
Ódýrara í bíó með aðgangskortum!












HJÓNABANDSSÆLA
Með Eddu Björgvinsdóttur
og Þórhalli (Ladda) Sigurðssyni
eftir Michele Riml
„Laddi fannst mér algjörlega frábær í sínu hlutverki og ég væri til í að sjá hann í fleiri „mannlegum“ hlutverkum. Ef Woody Allen gerði mynd á Íslandi myndi hann eflaust ráða Ladda í hlutverk.“
„Edda Björgvins var í flottu formi og skemmtileg að vanda. Karakterinn Lísa á sér samhljóm hjá ótal konum.“
- Margrét Gústavsdóttir dv.is
GAMLA BÍÓ
LEIKHÚS
Miðasala á www.gamlabio.is eða á www.midi.is
Fim 3. okt Örfá sæti laus
Fös 4. okt Örfá sæti laus
Lau 12. nóv Uppselt
Sun 13. nóv
Fim 17. nóv Örfá sæti laus
Fös 18. nóv
Símanúmer í miðasölu: 563 4000 (Opið Mán - Mið 14:00-18:00 Fim - Sun 14:00-20:00)

# sport

sport@frettabladid.is



**HJÖRTUR JÚLÍUS HJARTARSON** hefur gert eins árs samning við 1. deildarliðs Víkinga og spilar því aftur undir stjórn Ólafs Þórðarsinar en Hjörtur varð markakóngur og Íslandsmeistari undir stjórn Ólafs fyrir tíu árum. Hjörtur, sem er orðinn 37 ára og skoraði 15 mörk í 1. deildinni í sumar, á því möguleika á því að fara upp úr B-deildinni í fjórða sinn á fimm árum en fór upp með Þrótti (2007, 18 mörk), Selfossi (2009, 7 mörk í 10 leikjum) og síðan með ÍA í sumar.

## MEISTARADEILD

**E-RIÐILL**

**Valencia-Bayer Leverkusen 3-1**
1-0 Jonas (1.), 1-1 Stefan Kiessling (31.), 2-1 Roberto Soldado (65.), 3-1 Adil Rami (75.)

**Genk-Chelsea 1-1**
0-1 Ramires (25.), 1-1 Jelle Vossen (61.).
**Stigin:** Chelsea 8, Bayer Leverkusen 6, Valencia 5, Genk 2

**F-RIÐILL**

**Arsenal-Marseille 0-0**
**Borussia Dortmund-Olympiacos 1-0**
1-0 Kevin Großkreutz (7.)
**Stigin:** Arsenal 8, Marseille 7, Borussia Dortmund 4, Olympiakos3.

**G-RIÐILL**

**Zenit-Shakhtar Donetsk 1-0**
1-0 Nicolas Lombaerts (45.).

**Apoel Nicosia-Porto 2-1**
1-0 Ailton Jose Almeida (42.), 1-1 Hulk (89.), 2-1 Gustavo Manduca (90.)
**Stigin:** APOEL Nicosia 8, Zenit 7, Porto 4, Shakhtar Donetsk 2.

**H-RIÐILL**

**FC Bate Borisov-AC Milan 1-1**
0-1 Zlatan Ibrahimovic (22.), 1-1 Renan (55.)

**Viktoria Plzen-Barcelona 0-4**
0-1 Lionel Messi, víti (24.), 0-2 Lionel Messi. (45+2), 0-3 Cesc Fabregas (72.), 0-4 Lionel Messi. (90+2).
**Stigin:** Barcelona 10, AC Milan 8, BATE Borisov 2, Viktoria Plzen 1.



**STIGAHÆSTUR** 19 stig frá Pavel dugðu Sundsvall ekki í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sænski körfuboltinn í gær:

## Sundsvall-liðið af toppnum

**KÖRFUBOLTI** Íslendingaliðin Sundsvall Dragons og Jämtland Basket töpuðu bæði sínum leikjum í sænsku úrvalsdeildinni í körfubolta í gærkvöldi. Sundsvall tapaði toppslagnum 80-82 á móti Norrköping Dolphins og missti fyrir vikið toppsætið til Háhyrninganna.

Pavel Ermolinskij var með 19 stig fyrir Sundsvall, Hlynur Bæringsson skoraði 11 stig og tók 6 fráköst og Jakob Örn Sigurðarson var með 7 stig og 4 stoðsendingar en Sundsvall-liðið byrjaði leikinn illa og var 14 stigum undir í hálfleik.

Brynjar Þór Björnsson skoraði 22 stig á aðeins 26 mínútum þegar Jämtland Basket tapaði 86-96 á útivelli á móti Uppsala Basket. - óój



**MARK NÚMER 200** Lionel Messi er aðeins annar leikmaðurinn í sögu Barcelona til að skora 200 mörk fyrir félagið. MYND/AFP

# MESSI Í 200 MÖRKIN

**Lionel Messi skoraði þrennu fyrir Barcelona í gær og sá til þess öðrum fremur að Barcelona er komið áfram í 16 liða úrslit Meistaradeildarinnar ásamt AC Milan. Arsenal náði bara markalausu jafntefli og tókst ekki að komast áfram**

**FÓTBOLTI** Barcelona og AC Milan urðu í gærkvöldi fyrstu tvö félögin til að tryggja sér sæti í sextán liða úrslitum Meistaradeildarinnar. Ensku liðin Arsenal og Chelsea náðu hinsvegar bara jafntefli í sínum leikjum en halda engu að síður efstu sætunum í sínum riðli þótt að spennan í riðlum þeirra hafi aukist talsvert eftir leiki gærkvöldsins.

Lionel Messi var örlagavaldurinn í 4-0 sigri Barcelona á Viktoria Plzen en hann skoraði þrennu í leiknum og fiskaði auk þess einn leikmann tékkneska liðsins útaf með rautt spjald strax á 22. mínútu leiksins. Rauða spjaldið var reyndar afar harður dómur og gerði út um leikinn fyrir Tékkana enda nógu erfitt að ráða við Messi með fullskipað lið.

Messi skoraði sjálfur úr vítinu og kom Barcelona síðan í 2-0 í uppbótartíma fyrri hálfleiks eftir laglegt samspil við Adriano. Cesc Fabregas skoraði þriðja markið á 72. mínútu og Messi innsiglaði síðan þrennu sína í uppbótartíma. Hann skoraði þarna þrennu annan leikinn í röð og jafnframt fjórðu þrennuna á tímabilinu.

Það var við hæfi að Messi hafi skorað 200. markið sitt fyrir Barcelona í 200. leik Barca undir stjórn Pep Guardiola. Hann hefur nú skorað 202 mörk í 286 leikjum fyrir félagið þar af 22 mörk í 17 leikjum á þessu tímabili.

Sigur Barcaelona sá líka til þess að AC Milan komst áfram þrátt fyrir að liðið náði aðeins 1-1 jafntefli á móti BATE Borisov í Hvíta Rússlandi. Zlatan Ibrahimovic kom AC Milan í 1-0 á 22. mínútu en Renan jafnaði metin á 55. mínútu. Barcelona er með 10 stig en AC Milan er með átta stig eða sex stigum fleiri en BATE. AC Milan er hins vegar með betri innbyrðisstöðu en BATE og verður því aldrei neðar en hvít-rússneska liðið.

Arsenal hefði líka farið áfram með sigri á Marseille en liðin gerðu hinsvegar markalaust jafntefli annan leikinn í röð. Arsenal og Marseille eru engu að síður áfram í tveimur efstu sætunum í F-riðlinum.

Arsenal er með eins stigs forskot á Marseille en þýska liðið Borussia Dortmund á enn möguleika eftir 1-0 heimasigur á Olympiacos. Arsenal fær Dortmund í heimsókn í næstu umferð í leik upp á líf eða dauða fyrir þýska liðið.

Chelsea náði aðeins 1-1 jafntefli á móti botnliði Genk í Belgíu. Chelsea fékk frábært tækifæri til að komast tveimur mörkum yfir í fyrri hálfleik en Genk tókst síðan að jafna leikinn í þeim seinni.

Ramires kom Chelsea í 1-0 á 25. mínútu eftir laglegt þríhyrningsspil við Fernando Torres. Chelsea gat bætt við mörkum á næstu mínútum ekki síst á 39. mínútu leiksins þegar David Luiz lét ungverska markvörðinn Laszlo Koteles verja frá sér víti sem var dæmt fyrir hendi. Jelle Vossen tryggði Genk síðan jafntefli með laglegu marki.

Spennan jókst í E-riðlinum þökk sé þessu jafntefli Chelsea og 3-1 sigri á Valencia á heimavelli á móti Bayer Leverkusen. Chelsea er með 8 stig eða tveimur stigum meira en Leverkusen. Valencia er nú aðeins þremur stigum á eftir enska liðinu eftir þennan góða sigur.

Zenit St Pétursborg og APOEL Nicosia eru í tveimur efstu sætum G-riðils eftir eins marks sigra á heimavelli. Porto tapaði á Kýpur og er nú í 3.sæti riðilsins, þremur stigum á eftir Zenit og fjórum stigum á eftir toppliði APOEL.

ooj@frettabladid.is



**ÓLAFUR BJARKI RAGNARSSON** Var búinn að fá mörg atkvæði í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Pressuleikur á föstudag:

## Hægt að kjósa liðið á netinu

**HANDBOLTI Íslenska landsliðið í handknattleik leikur æfingaleik við sérvalið Úrvalslið HSÍ í Laugardalshöll á föstudagskvöldið klukkan 20 en leikurinn er liður í undirbúningi landsliðsins fyrir EM í Serbíu í janúar.**

**Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari valdi 20 manna hóp en úrvalslið HSÍ verður valið með aðstoð handboltaáhugafólks sem valið getur þá leikmenn sem það telur eiga sæti í liðinu í netkosningu. Kjörið fer fram á netsíðunni http://hsihandbolti.wordpress.com/. Kjörgengir eru leikmenn liðanna í N1-deild karla, að landsliðsmönnum undanskildum og lýkur netkosningunni klukkan 18.00 í kvöld.**

**Valið á Úrvalsliðinu, bæði byrjunarliðinu og öðrum liðsmönnum þess, verður byggt á atkvæðagreiðslunni annars vegar og niðurstöðu valnefndar HSÍ hins vegar. Í henni eiga sæti meðal annars íþróttafréttamenn á Morgunblaðinu, RÚV, Sport.is, Stöð 2 og Vísi. is. Úrvalslið HSÍ verður opinberað á fréttamannafundi HSÍ í hádeginu á fimmtudag. - óój**



**MICKY ARISON** Er í hópi þeirra eiganda sem vilja semja sem fyrst. MYND/AP

Ekkert gerist í NBA-deilunni:

## Eigandi Miami fékk risasekt

**KÖRFUBOLTI** David Stern, yfirmaður NBA-deildarinnar, hefur bannað eigendum liðanna að tjá sig um NBA-deiluna og hefur nú sektað Micky Arison, eiganda Miami Heat, fyrir að tjá sig um málið á Twitter. Það er enginn vafi um að Arison er einn þeirra eiganda sem vilja semja sem fyrst og það mátti lesa það úr svörum hans á Twitter.

Ekkert er að gerast í NBA-deildunni síðan allt fór upp í háaloft fyrir helgi en deildin átti að byrja í nótt. NBA gaf ekki út hver sekt Arisons var há en fjölmiðlamenn í Bandaríkjunum hafa grafið það upp að hún hafi verið 500 þúsund dollarar eða 58 milljónir íslenskra króna sem er hæsta sekt sem eigandi hefur fengið hjá hinum sektaglaða David Stern. - óój


KRAFTMEIRI ÚTSALA

MIKIÐ ÚRVAL AF MÓTORHJÓLUM OG FYLGIHLUTUM Á MINNST 15% AFSLÆTTI*



| Kawasaki | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| VN 1700 Classic | 2.420.000 kr. | 1.990.000 kr. |
| VN900 Classic | 1.640.000 kr. | 1.390.000 kr. |
| VN900 Custom | 1.790.000 kr. | 1.490.000 kr. |
| ZX-6R 2009 | 1.920.000 kr. | 1.590.000 kr. |
| Versys 2010 | 1.590.000 kr. | 1.290.000 kr. |
| Z1000 2009 | 1.890.000 kr. | 1.590.000 kr. |
| Z750R 2011 | 1.890.000 kr. | 1.550.000 kr. |
| KX450Fi 2010 | 1.450.000 kr. | 1.090.000 kr. |
| Rieju 450 | 1.295.000 kr. | 1.095.000 kr. |
| Asia Wing | 799.000 kr. | 599.000 kr. |

Allir leður mótorhjólagallar 30% afsl.
Motocrossgallar 30 - 60% afsl.
Hjálmar 25-55% afsl.
Mótorhjóla skór/stígvél 25% afsl.
Allir varahlutir 25% afsl.

*Tilboðin fást aðeins hjá Nítró á meðan birgðir endast. Tilboðin gilda ekki með öðrum tilboðum eða afsláttum.

N1 VERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9, REYKJAVÍK. SÍMI 440 1220
N1 VERSLUN TRYGGVABRAUT 18-20, AKUREYRI. SÍMI 461 5522
Egilsstöðum, Reyðarfirði, Höfn, Selfossi, Akranesi, Hafnarfirði, Reykjanesbæ, Vestmannaeyjum, Ísafirði og Ólafsvík.

SÍÐASTI DAGUR ÚTSÖLU ER LAUGARDAGURINN 5. NÓVEMBER

# NÓVEMBER ER SKEMMTILEGRI Á STÖÐ 2

Stöð 2 færir þér hina fullkomnu blöndu af spennu, gríni og drama í nóvember. Misstu ekki af mörgum af heitustu sjónvarpsþáttum í heimi, framúrskarandi innlendri dagskrárgerð og frábærum kvikmyndum. Tryggðu þér áskrift strax!

Skemmtilegri í 25 ár




**GLEE**
Einn ferskasti og umtalaðasti þátturinn í heiminum í dag.




**MIKE AND MOLLY**
Vinsælasti nýi gamanþátturinn í Bandaríkjunum.




**TERRA NOVA**
Spennandi ævintýraþáttaröð úr smiðju Steven Spielberg.




**GREY'S ANATOMY**
Einn vinsælasti þáttur Stöðvar 2 frá upphafi.




**THE MIDDLE**
Snjall gamanþáttur um hið sanna líf millistéttafólksins.




**HUMAN TARGET**
Hreinræktaður spennuþáttur í anda Bond og Bourne.




**SPURNINGABOMBAN**
Logi Bergmann í skemmtilegum spurningaþætti.




**TÝNDA KYNSLÓÐIN**
Björn og Þórunn í ferskasta skemmtiþættinum í dag.




**THE X-FACTOR**
Simon Cowell fer á kostum í sjónvarpsviðburði vetrarins.




**CELEBRITY APPRENTICE**
Donald Trump leiðir stjörnurnar saman í hörkuspennandi keppni.




**SJÁLFSTÆTT FÓLK**
Sjónvarpsþáttur ársins á Edduverðlaununum fjögur ár í röð.




**MAD MEN**
Hann er kominn aftur. Margverðlaunaður og aldrei betri.




**ALICE IN WONDERLAND**
Sígild og stórkostleg fjölskyldumynd með Johnny Depp.




**DATE NIGHT**
Óborganleg grínmynd með Steve Carrell og Tinu Fey.




**ALGJÖR SVEPPI**
Talsett barnaefni allar helgar.

## SPAUGSTOFAN

**LAUGARDAGA KL. 19:35**

Þeir eru mættir aftur. Endurnærðir og beittari en nokkru sinni áður!





**Þú færð meira fyrir peningana** með áskrift að Stöð 2 því Stöð 2 Extra, Stöð 2 Bíó og plúsrásirnar fylgja frítt með fyrir aðeins

**237 kr. á dag**

ÞAÐ ER **ÓDÝRARA** AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

## HEIMSENDIR

**SUNNUDAGA KL. 20:35**

Glæný þáttaröð frá þeim sömu og færðu okkur Næturvaktina, Dagvaktina og Fangavaktina.

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



Gildir einungis ef fyllt er á í gegnum siminn.is



# SKOTSÝNING FYRIR MÖMMU OG PABBA

**Helgi Már Magnússon setti nýtt stigamet Íslendings í sænsku úrvalsdeildinni í körfubolta á dögunum. Helgi Már kom þá inn af bekknum og skoraði 39 stig á aðeins 29 mínútum í flottum sigri á gömlu félögunum hans í Uppsala.**

**KÖRFUBOLTI** Landsliðsmaðurinn Helgi Már Magnússon setti nýtt og glæsilegt stigamet í 90-81 sigri 08 Stockholm á Uppsala á föstudagskvöld. Það var ekki nóg með að Helgi bætti sitt persónulega met í sænsku deildinni um heil 20 stig heldur tók hann einnig stigamet Íslendings í deildinni af Loga Gunnarssyni.

Helgi Már klikkaði á þremur fyrstu skotum sínum í leiknum og var bara kominn með 7 stig í hálfleik. Hann skoraði síðan 32 stig í seinni hálfleiknum og hitti þá úr 11 af 12 skotum sínum utan af velli.

„Þetta var einn af þessum dögum sem allt gekk upp. Fyrri hálfleikurinn var allt í lagi en í seinni hálfleik fékk ég nokkur opin skot í byrjun sem ég setti niður og eftir það gekk allt upp,“ sagði Helgi Már. Logi hafði mest skorað 38 stig í sigri Solna á 08 Stockholm fyrir rétt rúmu ári.

„Það var með ráðum gert að komast í 39 og upp fyrir Loga,“ sagði Helgi Már í léttum stríðnistóni þegar hann frétti af nýja stigametinu sínu. „Ég held að þetta sé persónulegt met hjá mér og þá skiptir engu máli um hvaða flokk er verið að tala um. Það er alltaf gaman að standa sig á móti sínu gamla liði,“ sagði Helgi Már sem spilaði með Uppsala-liðinu í vetur.

„Þetta er ekki eitthvað sem ég geri á hverjum degi að skora 30 og eitthvað stig. Þetta var mjög skemmtilegt. Ég held ég hafi einu sinni náð því að skora 30 stig í háskóla en ég hef aldrei verið þessi spilari. Það er gaman að sjá að maður getur þetta að minnsta kosti,“ segir Helgi.

Helgi Már og félagar í 08 Stockholm HR hafa unnið fjóra af fyrstu sjö leikjum sínum og eru eins og er í 6. sætinu.

„Við stefnum á að vera í einu af efstu fjórum sætunum og ef við ætlum okkur eitthvað í vetur þá verðum við að geta unnið gott lið eins og Uppsala á okkar heimavelli. Þetta var mjög kærkominn sigur,“ segir Helgi og finnur sig vel með nýja liðinu.


**TUTTUGU STIGA BÆTING** Helgi Már Magnússon hafði mest skorað 19 stig í sænsku úrvalsdeildinni fyrir leikinn á föstudaginn var. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Það gengur ágætlega. Við erum nokkrir að berjast um sömu stöðuna og þjálfarinn er búinn að gefa það út að sá sem stendur sig best fær flestar mínútur í það skiptið. Ég hef verið að byrja mikið á bekknum og uppleggið í þessum leik var bara svipað og er búið að vera í síðustu leikjum,“ segir Helgi Már.

Helgi kann vel við uppleggið í liðinu. „Það vill svo skemmtilega til að það er enginn Ameríkani í liðinu. Þetta eru allt bara Svíar og ég. Hingað til höfum við verið lausir við að það sé einhver eigingirni í liðinu og menn eitthvað að hugsa um rassinn á sjálfum sér eða að reyna að ná í góða tölfræði,“ segir Helgi sem er sjálfur mikill liðsmaður og oftar en ekki að gera þá hluti vel sem koma ekki fram í tölfræðinni.

Helgi og kærasta hans, Guðrún Sóley Gunnarsdóttir, eignuðust strák 30. september síðastliðinn og voru foreldrar hans í heimsókn í síðustu viku.

„Mamma og pabbi voru í stúkunni. Þau voru í heimsókn og náðu þessum eina leik. Þau komu í vikunni til að hitta drenginn og náðu þessum leik. Það gerði þetta aðeins skemmtilegra að hafa þau þarna í stúkunni og svo ég tali ekki um að vera að spila á móti Uppsala,“ segir Helgi. En hvað með framhaldið?

„Við skulum vona að þjálfarinn setji eitthvað meira upp fyrir mig í næstu leikjum. Ef þeir vilja setja pressu á að ég skori meiri þá er eins gott að þeir hlaupi fleiri kerfi fyrir mig,“ segir Helgi léttur að lokum.

ooj@frettabladid.is

Einar Ingi Hrafnsson handarbrotnaði á skothendi á æfingu karlalandsliðsins:

# Það voru bara tvær mínútur eftir

**HANDBOLTI** Það var stutt gaman hjá línumanninum Einari Inga Hrafnssyni sem var valinn í íslenska landsliðið á dögunum. Hann varð fyrir miklu áfalli í fyrrakvöld þegar hann handarbrotnaði á æfingu íslenska landsliðsins. Einar Ingi var að fá sín fyrstu alvöru kynni af A-landsliðinu en átti að baki einn leik með hálfgerðu b-liði sumarið 2009.

„Ég veit eiginlega ekki hvað gerðist. Ég greip boltann og er í baráttu á milli tveggja manna. Það kemur einhver slinkur á puttann og ég hélt fyrst að ég hefði farið í og úr lið. Svo kom í ljós að þetta var brotið. Ég hef fengið eitthvert högg á höndina í þessu krafsi en ég datt samt ekkert á höndina eða neitt,“ sagði Einar Ingi og bætti við: „Ég held að það sé ekki hægt að ímynda sér þetta meira svekkjandi. Þetta er alveg skelfilegt og ég veit ekki hvað ég gerði til þess að verðskulda þetta,“ sagði Einar en slysið gerðist í lok æfingarinnar.

„Þetta er þvílík óheppni og það voru bara svona tvær mínútur eftir af æfingunni þegar þetta gerðist. Þetta var algjörlega í restina á æfingunni. Ofan á allt annað er þetta síðan skothöndin,“


**KOMINN Í GIFS** Einar Ingi Hrafnsson spilar ekki handbolta fyrr en á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

sagði Einar. Hann hefur leikið ákaflega vel fyrir félag sitt, Mors Thy, í Danmörku á þessu tímabili og hann viðurkennir að það hafi verið erfitt að hringja út og láta þjálfarann vita af meiðslunum.

„Ég var stressaður vegna þessa símtals í morgun. Svona er þetta bara og hann blótaði þessu örugglega í sand og ösku þegar hann var búinn að skella á mig. Hann sýndi mér stuðning á meðan ég talaði við hann,“ sagði Einar en það var strax komin pressa á hann að ná leikjum í lok ársins.

„Ég er ekki bjartsýnn á að ég nái að spila þennan leik sem hann vill að ég spili milli jóla og nýárs. Það er bara bull að reyna að taka einhvern einn leik þar og skemma meira fyrir sérstaklega þar sem það kemur pása þarna á eftir,“ segir Einar Ingi en landsliðsdraumurinn er dáinn í bili.

„Læknirinn sagði við mig í morgun að gifs-tíminn væri svona fjórar vikur og svo eru sex til sjö vikur þangað til maður getur byrjað að gera eitthvað. Þetta ætti því að gróa án þess að ég þurfi að fara í aðgerð. Ef ég er ekki negldur þá á þetta ekki að há mér neitt í framtíðinni. Þeir vilja samt fá mynd af þessu aftur eftir átta til níu daga til að sjá hvort það sé komin einhver hreyfing á þetta. Ef það verður komin einhver hreyfing á brotið þá þarf að negla þetta,“ segir Einar.

- óój

PIPAR\TBWA • SÍA

## Verður þín hugmynd að veruleika á Ásbrú?




# Náttúrulegt, íslenskt „gull"

Alkemistinn framleiðir snyrtivörur fyrir bæði andlit og líkama. Fyrirtækið byggir á ævaforni grundvallarreglu gullgerðarlistar sem felst í því að aðskilja efni, eima þau og sameina aftur, og ná þannig fram bestu eiginleikunum. Allt hráefni er lífrænt ræktað og eingöngu hreint íslenskt vatn er notað við framleiðsluna. Engin litar- eða aukaefni eru í vörunum.

**ALKEMISTINN** er eitt fjölmargra fyrirtækja sem kjósa Ásbrú, samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs, sem sína bækistöð.

**www.alkemistinn.is**

ÁSBRÚ

**Ásbrú í Reykjanesbæ er kjörinn staður fyrir fyrirtæki á sviði tækni og heilsutengdrar þjónustu, auk fyrirtækja sem sjá hag sinn í nálægð við alþjóðaflugvöll.**

Á Ásbrú er stór háskólagarður, spennandi nám í boði hjá Keili, kvikmyndaver, heilsuþorp í fararbroddi heilsuferðamennsku, tækniþorp þar sem alþjóðlegt gagnaver er að rísa og fjöldi áhugaverðra sprotafyrirtækja. Mikil uppbygging er á svæðinu og má þar nú meðal annars finna leikskóla, grunnskóla, verslun og veitingastað.




Nánari upplýsingar um Ásbrú má finna á **www.asbru.is** og hjá **Kadeco** sem hefur frá árinu 2006 leitt uppbyggingu á Ásbrú.

Kadeco®
Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar
Sími 425 2100 | fyrirspurnir@kadeco.is

> **Stöð 2 kl. 21.20**
## Kidnap & Ransom

***Fyrri hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar með Trevor Eve, John Hannah og Helen Baxendale í aðalhlutverkum. Dominic King er sérfræðingur í að semja við mannræningja og leggur allt í sölurnar fyrir skjólstæðinga sína.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** ATLI FANNAR BJARKASON ER MEÐ SVÖRIN

## *Frábær spurningabomba*



Spurningaþættir njóta oftast mikilla vinsælda hér á landi. Útsvar hefur gengið svo lengi að ég man ekki hvenær það byrjaði, Gettu betur er orðið að einhvers konar stofnun og árlega skjóta upp kollinum nýir þættir og misgóðir.

Flestir eiga þættirnir þó sameiginlegt að fara örugga leið og sleppa því að prófa eitthvað nýtt, fyrir utan spurningaþáttinn Ha? á Skjá einum og Spurningabombuna á Stöð 2.

Ég bý ekki svo vel að vera með Skjá einn, en Spurningabombunni reyni ég að missa ekki af. Þátturinn er hraður, skemmtilegur og hæfilega steiktur svo að minni kynslóð finnist við vera að sjá eitthvað nýtt. Spurningarnar eru skemmtilegar og þegar keppendurnir eru manni að skapi er hreinlega ekkert hægt að setja út á þáttinn. Frábær skemmtun út í gegn.

Þá verð ég að fá að hrósa tökumanninum sem hrópar nöfnin í bónusumferðunum. Hann er eins og gott krydd á safaríku steikina sem þátturinn er. Þátturinn myndi svínvirka án hans, en örstuttu innslögin færa þáttinn upp á annað og skemmtilegra stig!

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Heillandi arfleifð **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hraunfólkið **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Háskóli Íslands og Ríkisútvarpið **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### RÚV

**15.35 360 gráður** (e)
**16.00 Djöflaeyjan** (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.25 Kafað í djúpin** (3:14) (Aqua Team)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix** (4:26)
**18.23 Sígildar teiknimyndir** (4:42)
**18.30 Gló magnaða** (30:52)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Læknamiðstöðin** (Private Practice)
**21.05 Kiljan**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Bestu bækur Norðurlanda** (Nordens bedste bøger) Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs hafa verið veitt árlega í hálfa öld. Í þættinum er sagt frá sögu verðlaunanna og tilganginum með þeim. Meðal annars er rætt við Gyrði Elíasson.
**23.00 Bretland, Gaddafi og pyntingarnar** (Panorama - Britain, Gaddafi and the Torture Trail) Gaddafi ofursti í Líbýu var drepinn á dögunum, nokkrum vikum eftir að hann var þvingaður frá völdum og hafði þá verið alræmdur harðstjóri í fjóra áratugi.
**23.30 Landinn** (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.35 Fréttir**
**00.45 Dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.15 Don Juan de Marco**
**10.00 School of Life**
**12.00 Artúr og Mínímóarnir**
**14.00 Don Juan de Marco**
**16.00 School of Life**
**18.00 Artúr og Mínímóarnir**
**20.00 Angels & Demons**
**22.15 What Lies Beneath**
**00.20 Lonely Hearts**
**02.05 Dirty Sanchez. The Movie**
**04.00 What Lies Beneath**
**06.05 Ghost Town**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (59:175)
**10.15 Grey's Anatomy** (5:22)
**11.05 Cold Case** (19:22)
**11.50 Glee** (18:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 In Treatment** (54:78)
**13.25 Ally McBeal** (5:22)
**14.10 Ghost Whisperer** (12:22)
**14.55 iCarly** (37:45)
**15.25 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm in the Middle** (7:16)
**19.45 The New Adventures of Old Christine** (11:21)
**20.10 The Middle** (3:24) Önnur gamanþáttaröðin um dæmigerða vísitölufjölskyldu þar sem allt lendir á ofurhúsmóðurinni.
**20.35 Grey's Anatomy** (5:22) Áttunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir skurðlæknar.
**21.20 Kidnap & Ransom** Fyrri hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar. Dominic King er sérfæðingur í að semja við mannræningja og er fremstur á sínu sviði. Hann leggur allt í sölurnar fyrir skjólstæðinga sína og aðfarir hans hafa alltaf skilað árangri, þar til núna.
**22.35 Satisfaction** (8:10)
**23.25 The Closer** (14:15)
**00.10 The Good Guys** (14:20)
**00.55 Breaking Bad** (1:13)
**01.45 A Dog Year**
**03.00 Peaceful Warrior**
**04.55 The Middle** (3:24)
**05.15 Simpsons**
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeildin - meistaramörk**
**07.40 Meistaradeildin - meistaramörk**
**08.20 Meistaradeildin - meistaramörk**
**09.00 Meistaradeildin - meistaramörk**
**16.05 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - (e)**
**17.50 Meistaradeildin - meistaramörk**
**18.30 EAS þrekmótaröðin**
**19.00 Meistaradeildin - upphitun**
**19.30 Meistaradeild Evrópu: Villarreal - Man. City** BEINT. Á sama tíma er leikur Manchester United og Otelul Galati á Sport 3 og leikur Bayern München og Napoli á Sport 4.
**21.45 Meistaradeildin - meistaramörk**
**22.25 Meistaradeild Evrópu: Man. Utd. - Otelul Galati**
**00.15 Meistaradeild Evrópu: Bayern - Napoli**
**02.05 Meistaradeildin - meistaramörk**

### SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Wigan - Fulham**
**18.20 Norwich - Blackburn**
**20.10 Premier League Review 2011/12**
**21.05 Muller**
**21.35 Football League Show**
**22.05 Sunnudagsmessan**
**23.20 Chelsea - Arsenal**

### EXTRA

**19.30 The Doctors** (147:175)
**20.15 Gilmore Girls** (14:22)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Mike & Molly** (8:24)
**22.15 Chuck** (7:24)
**23.00 Terra Nova**
**23.45 Community** (4:25)
**00.10 Daily Show. Global Edition**
**00.35 Dagvaktin**
**01.00 The New Adventures of Old Christine** (11:21)
**01.20 Gilmore Girls** (14:22)
**02.00 The Doctors** (147:175)
**02.40 Fréttir Stöðvar 2**
**03.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.45 Outsourced** (8:22) (e)
**16.10 The Marriage Ref** (10:10) (e)
**16.55 Rachael Ray**
**17.40 Dr. Phil**
**18.25 Nýtt útlit** (8:12) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos - OPIÐ** (48:50)
**19.20 Everybody Loves Raymond - OPIÐ** (13:22) (e)
**19.45 Will & Grace - OPIÐ** (10:22) (e)
**20.10 Friday Night Lights** (11:13) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótboltaliðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum.
**21.00 Life Unexpected** (9:13)
**21.45 Tobba** (7:12) Hin eina sanna Tobba Marinósdóttir er óhrædd við að segja skoðun sína og kafa ofan í óþægileg mál til að komast að kjarnanum. Tobba fer á stúfana og kynnir sér umdeild mál, kemur tveimur konum af stað í heilsuátak og að sjálfsögðu fær létt sprell að fljóta með.
**22.15 CSI: Miami** (5:22)
**23.05 Jimmy Kimmel**
**23.50 Dexter** (1:12) (e)
**00.40 HA?** (6:14) (e)
**01.30 Nurse Jackie** (5:12) (e)
**02.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**02.20 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** CIMB Asia (3:4) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.50** CIMB Asia (4:4) **15.50** Ryder Cup Official Film 1995 **16.45** Ryder Cup Official Film 2008 **18.00** Golfing World **18.50** Inside the PGA Tour (42:45) **19.20** Monty's Ryder Cup Memories **20.15** Presidents Cup Official Film 2009 (1:1) **21.05** Champions Tour - Highlights (20:25) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (39:45) **23.45** ESPN America

### N4

**18.00 Að norðan 18.30 Áttavitinn suðurland**

### BBC entertainment

**09.55** Dalziel and Pascoe **10.45** EastEnders **11.15** Keeping Up Appearances **11.45** Keeping Up Appearances **12.15** Keeping Up Appearances **12.50** Fawlty Towers **13.20** ,Allo ,Allo! **13.45** ,Allo ,Allo! **14.10** The Inspector Lynley Mysteries **15.00** The Inspector Lynley Mysteries **15.45** Keeping Up Appearances **16.15** Keeping Up Appearances **16.45** ,Allo ,Allo! **17.10** ,Allo ,Allo! **17.40** Fawlty Towers **18.10** Fawlty Towers **18.45** QI **19.15** Top Gear **20.10** Top Gear **21.00** Live at the Apollo **21.45** QI **22.15** The Thick of It **22.50** Skavlan

### DR 1

**11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Kontant **11.35** Dage i haven **12.05** Vores Liv **12.35** Aftenshowet **13.30** Hammerslag **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Himmelblå **15.00** Kasper & Lise **15.15** Hubert **15.30** Sigurd og Operaen **16.00** Hercule Poirot **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Vores Liv **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Broen **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Damages **21.40** Damages **22.20** Onsdags Lotto **22.25** OBS

### NRK 1

**12.00** Nyheter **12.05** Aktuelt **12.35** Urix **13.00** Nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** Min idrett **14.00** Nyheter **14.10** Dallas **15.00** Nyheter **15.10** Matador **16.00** Nyheter **16.10** Bondeknolen **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** FBI **19.15** Valpekullet **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** House **21.25** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Nasjonalgalleriet **22.45** Folk i farta **23.15** Småbyliv **23.45** Min idrett

### svt1

**10.00** Go'kväll **10.45** Livet som hund **11.30** Anslagstavlan **11.40** Svenska komedienner **11.50** Helt magiskt **12.50** Starke man **13.20** Dirty Dancing **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Sommarpratarna **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Bron **21.00** True Blood **21.55** How to make it in America **22.25** John Adams **23.40** Rapport **23.45** Skavlan

### ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Bubbi og Lobbi

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


LÚR BETRI HVÍLD

# Úrval rúma, sófa og hvíldarstóla
## Margir litir í boði – Frábær verð í gangi







LÚR - BETRI HVÍLD
HLÍÐASMÁRI 1
201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969
FAX 554 3100
WWW.LUR.IS
LUR@LUR.IS

Opið:
mán fös 10:00 – 18:00
lau 11:00 – 16:00

www.lur.is

# ÖRAR VERÐBREYTINGAR ERU MERKI UM HEILBRIGÐA SAMKEPPNI.

## OG TALANDI UM ÞAÐ: HVENÆR HALDIÐ ÞIÐ AÐ ATLANTSOLÍA HAFI KOMIÐ INN Á ÍSLENSKA OLÍUMARKAÐINN?




LENGI LIFI SAMKEPPNI

ATLANTSOLÍA

SÆKTU UM DÆLULYKIL Á WWW.ATLANTSOLIA.IS

Atlantsolía var stofnuð til að veita stóru olíufélögunum samkeppni. Við rufum einokun olíurisanna þriggja árið 2003 og höfum haldið keppinautunum við efnið síðan.

Dælulykillinn gefur afslátt hjá þessum frábæru fyrirtækjum:

MÁLNINGARVÖRUR kemi AÞ-ÞRIF GÚMMÍVINNSLAN



*„Það er yfirleitt bara ristað brauð með smjöri og osti og svo kaffibollinn. Ég fæ mér stundum líka jógúrt eða skyr-boost.“*

Anna Margrét Ólafsdóttir leikskólastjóri.

# Valgerður Guðnadóttir í Eurovision-þætti

„Eiki er aðal-töffarinn með stóru T-i og við Hera þekkjumst vel þannig að þetta verður mikið stuð,“ segir Valgerður Guðnadóttir söngkona.

Valgerður mun ásamt Eiríki Haukssyni og Heru Björk skipa dómnefndina frægu í sjónvarpsþættinum Alla leið. Reynir Þór Reynisson verður reynsluboltí þáttarins en mun ekki hafa atkvæðisrétt. Það hafa hins vegar áhorfendur í sal sem verða meðlimir í íslenska Eurovision-klúbbnum, FÁSES, en hann var stofnaður fyrir skömmu eins og Fréttablaðið greindi frá.

Það olli töluverðum taugatitringi hjá Eurovision-njörðum þegar Páll Óskar Hjálmtýsson lýsti því yfir við Fréttablaðið að hann væri hættur með sjónvarpsþáttinn Alla leið sem var einn vinsælasti sjónvarpsþáttur landsins þegar hann var á skjánum. RÚV hyggst nú sefa þær áhyggjur með nýju fólki og eilítið breyttum áherslum. Til að mynda er verið að skoða þann möguleika að fá fulltrúa úr heimi sígildrar tónlistar til að gefa sitt álit á lögunum.

Valgerður segist alltaf hafa haft gaman af Eurovision en hún hafi ekki sökkt sér ofan í sögu keppninnar né muni öll sigurlögin. „Ég mun því nálgast keppina svolítið utan frá og kom eilítið fersk inn í hana,“ segir Valgerður og bætir því við að það verði ákaflega gott að hafa Heru og Eirík sér við hlið. Bæði tvö hafa auðvitað keppt fyrir Íslands hönd auk þess sem Eiríkur var fulltrúi Íslands í norrænu útgáfunni af þáttunum. - fgg



**STÓRSKOTALIÐ** Valgerður Guðnadóttir, Hera Björk og Eiríkur Hauksson skipa nýja dómnefnd Eurovision-þáttarins Alla leið. Fulltrúar FÁSES verða áhorfendur í sal.

## Þessum hjólum var stolið úr geymslu í Hafnarfirði



GasGas 50cc barnahjól



Honda CRF 250 árg. 2010



Suzuki RM 65 barnahjól

Þeir sem geta gefið upplýsingar um hvar þessi hjól er að finna, hringið í Steingrím 840 0072



**Á LOFTI** Hinn þrettán ára gamli Sigfinnur Böðvarsson bar sigur úr býtum á DC Global Trips-hjólabrettamótinu sem haldið var um helgina. Hann er á leið til Spánar þar sem hann fær að prófa einn flottasta hjólabrettagarð heims. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SIGFINNUR BÖÐVARSSON: SIGRAÐI Í HJÓLABRETTAKEPPNI UM HELGINA

# Ætlar að verða betri en pabbi hans á hjólabrettinu

„Ég held ég hafi verið svona sjö ára þegar ég byrjaði að skeita. Pabbi kenndi mér fyrst en svo fór ég að æfa mig bara sjálfur,“ segir Sigfinnur Böðvarsson, þrettán ára Kópavogsbúi, sem bar sigur úr býtum í flokki 14 ára og yngri í BMX- og hjólabrettakeppni DC Global Trips sem haldin var í Laugardalshöll um helgina.

Sigfinnur fékk verðlaun fyrir besta „trick-ið“ í yngri flokki en segist ekki hafa æft það lengi. „Ég var búinn að prófa að gera þetta einu sinni en svo ákvað ég bara að prófa þetta í úrslitunum – það tókst.“ Maður nær þó ekki að skara fram úr án mikilla æfinga og Sigfinnur segist eyða miklum tíma á brettinu og renna sér hvar sem hann getur með vinum sínum.

Í verðlaun fá sigurvegarar mótsins ferð til Barcelona þar sem nýlega var byggður einn stærsti innanhúss hjólabrettagarður Evrópu. Sigfinnur hlakkar mikið til að prófa garðinn, enda lítið um aðstöðu fyrir hjólabrettafólk á Íslandi. Pallarnir sem notaðir voru á mótinu um helgina voru til að mynda sérsmíðaðir.

Sigfinnur ólst upp við hjólabrettaiðkunina en Böðvar Þórisson faðir hans var meðal þeirra fyrstu sem stunduðu íþróttina hér á landi fyrir nærri fjörutíu árum. „Þá voru sáralitlar eða engar aðstæður til hjólabrettaiðkunar, maður var helst að elta einhvern stað þar sem var nýbúið að malbika. Þetta hefur þróast ævintýralega mikið en þetta var auðvitað bara að byrja á þessum árum.“ Böðvari finnst þó vanta upp á jákvæða umræðu um hjólabrettin á Íslandi. „Það er ekki horft á þetta sem íþrótt, þetta er bara eitthvað svona dund hjá guttum en á bak við svona efnilega stráka eru nær undantekningarlaust þrotlausar æfingar bæði í þessu og fimleikum og alls konar hlutum sem styðja við það að geta orðið góður í þessu.“

Sigfinnur játar því að stefna lengra en faðir hans í íþróttinni, en Böðvar skipti hjólabrettinu út fyrir snjóbretti fyrir alllöngu. Sigfinnur segist ekki útiloka að stefnan verði tekin á atvinnumennsku, „en ég get ekki valið á milli hjólabretta og snjóbretta, helst vil ég bara æfa bæði“.

bergthora@frettabladid.is

# Opna hamborgarastað við Strikið

„Viðtökurnar eru búnar að vera vægast sagt frábærar og fólk er í skýjunum yfir hamborgaranum okkar,“ segir Arnar Már Guðmundsson, yfirkokkur hamborgarastaðarins Burgerjoint Copenhagen sem opnaði á Skindergade í Kaupmannahöfn á föstudag.

Fyrirmynd staðarins er Burgerjoint á hótelinu Le Parker Meridien í New York og Hamborgarabúlla Tómasar. Arnar, sem hefur 15 ára reynslu úr veitingahúsageiranum á Íslandi, Danmörku og Þýskalandi, segir staðinn bæði töff og öðruvísi. „Við teljum að við séum að afgreiða besta hamborgara Kaupmannahafnar,“ segir hann stoltur. „Við erum í samstarfi við einn færasta slátrara borgarinnar. Hann er fjórði ættliður slátrara í þessari kjötbúð. Hann útvegar okkur besta mögulega hakk sem við getum notað í hamborgarann okkar. Við fáum það ferskt alla daga.“ Arnar bætir við að uppskrift hamborgarabrauðsins komi frá Íslandi og sé unnin í samstarfi við nokkra af færustu bökurum landsins.





**HAMBORGARAÚTRÁS** Íslendingar opnuðu hamborgarastað í Kaupmannahöfn á föstudag.

Arnar segir mikið lagt upp úr einfaldleika hamborgarans og sem stendur er aðeins hefðbundinn borgari og ostborgari á matseðlinum. „En við erum í rannsóknarvinnu að þróa bestu grænmetis- og kjúklingaborgarana.“ - afb






# Safnaðu þekkingu

## Fjölbreytt námskeið á næstunni

**Skráningarfrestur er að öllu jöfnu viku áður en námskeið hefst**



### MENNING OG SJÁLFSRÆKT

Úr neista í nýja bók - framhaldsnámskeið
hefst 3. nóvember

Súkkulaði . . . himneskt um jólin
haldið 7. nóvember

Draumar – auður svefnsins
skráningarfrestur til 7. nóvember

Heimsljós: skáldsagan og leikverkið
skráningarfrestur til 8. nóvember

Jólahald fyrir tíma Jesúbarnsins
skráningarfrestur til 9. nóvember

Kínversk heimspeki
hefst 10. nóvember

Snorri Sturluson 1179-1241
skráningarfrestur til 11. nóvember

Englar með Jóni Björnssyni
skráningarfrestur til 14. nóvember

Sinfóníur Beethovens
skráningarfrestur til 14. nóvember

Bólusetningar – ávinningur og áhætta
skráningarfrestur til 18. nóvember

### UPPELDIS- OG KENNSLUSVIÐ

Líkamsmynd, megrun og átraskanir meðal ungmenna
haldið 7. nóvember

Íslenski þroskalistinn
skráningarfrestur til 10. nóvember

Smábarnalistinn: Staðlaður þroskalisti handa ungbörnum
skráningarfrestur til 11. nóvember

### NÁMSKEIÐ FYRIR STJÓRNENDUR

Ég, verkefnastjórinn
skráningarfrestur til 5. nóvember

Siðareglur, fagmennska og traust
skráningarfrestur til 7. nóvember

Viðbrögð stjórnenda og samfylgd í kjölfar áfalla í starfsmannahópum
skráningarfrestur til 8. nóvember

Fjármál fyrir almenna stjórnendur
skráningarfrestur til 9. nóvember

Samtalstækni – viðkvæm starfsmannamál
skráningarfrestur til 16. nóvember

### HUGBÚNAÐUR

Starf vefstjórans og stjórnun vefverkefna
hefst 3. nóvember

Framhaldssnámskeið í gagnasafnsfræði og SQL
hefst 9. nóvember

### FJÁRMÁL OG REIKNINGSSKIL

Sjóðstreymi – einn vanmetnasti kafli ársreikningsins
skráningarfrestur til 3. nóvember

Excel – Veltitöflur (e. PivotTable)
skráningarfrestur til 10. nóvember

Virðismat fyrirtækja
skráningarfrestur til 18. nóvember

### STARFSÞRÓUN OG HÆFNI

Facebook sem markaðstæki – fyrir lengra komna
hefst 7. nóvember

Öflugt sjálfstraust
skráningarfrestur til 15. nóvember

Vinnugleði – mín vinna, mitt viðhorf
skráningarfrestur til 2. desember

### LÖGFRÆÐI

Samningagerð og „Samningahagfræði"
– Hvernig tryggjum við hagsmuni okkar með samningum?
hefst 9. nóvember

Hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna í félögum
skráningarfrestur til 14. nóvember

### HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Samtalsaðferðir í hugrænni atferlismeðferð: Framhaldsnámskeið
skráningarfrestur til 4. nóvember

Lausnamiðuð nálgun - framhaldsnámskeið
hefst 7. nóvember

Heilaskaði
skráningarfrestur til 10. nóvember

Depression, theory and practice
hefst 11. nóvember

Hugræn atferlismeðferð með börnum og unglingum
hefst 9. desember

### VERK- OG TÆKNIFRÆÐI, ARKITEKTÚR OG UMHVERFI

Nýir Evrópustaðlar um snjó-, vind- og jarðskjálftaálag
haldið 3. nóvember

Óvissustjórnun – verkfæri í verkefnastjórnun (e. Risk Management)
hefst 8. nóvember

Evrópski stálstaðallinn EN 1993
skráningarfrestur til 23. nóvember




Allir sem hafa sótt námskeið hjá okkur síðastliðna 12 mánuði eru jákvæðir gagnvart Endurmenntun.*

*Samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar HÍ í febrúar 2011

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444
endurmenntun.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



LÖGFRÓÐUR
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU
ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF
fyrir almenning í Háskólanum í Reykjavík.
Sendið fyrirspurn á logfrodur@hr.is
LÖGRÉTTA
logfrodur.hr.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Tónelskir í kappsundi

Sundkóngur 101 var krýndur í Sundhöll Reykjavíkur í gær. Keppnin var ekki afstaðin þegar Fréttablaðið fór í prentun en ljóst að keppnin um Sundkóngs-bikarinn, í boði Priksins, hefur verið hörð. Ekki hefur síður verið hart barist í boðsundi, þar sem tvær tónlistarstefnur öttu kappi. Annað liðið, Sundfélag raftónlistarmanna, var meðal annars skipað þeim Óla Ofur, sem þreytti baksund, og DJ Margeiri, bringusundssérfræðingi. Hitt liðið nefndist Hip-hop sæhestarnir og þar synti meðal annars **Sesar A** baksund, bringusundið kom í hlut Gísla Galdurs (sem ljóstraði því upp í Fréttablaðinu í síðustu viku að hann kynni ekki að stinga sér) og Egill Tiny úr Quarashi leysti Byrki B úr Forgotten Lores af hólmi í skriðsundi. Byrkir var veikur.



### Meiri menningarinnrás

Það er skammt stórra högga á milli hjá þýskum menningarvitum sem hafa gaman af íslenskri menningu. Fyrir skemmstu hertóku íslenskir rithöfundar Frankfurt og gerðu þar garðinn frægan í tilefni af bókamessunni og um helgina verða níu íslenskar kvikmyndir sýndar á kvikmyndahátíðinni í Lübeck. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá mun barnamyndin Algjör Sveppi og töfraskápurinn verða meðal gesta en meðal annarra íslenskra mynda eru Brim eftir **Árna Ólaf Ásgeirsson** og Á annan veg sem Hafsteinn Gunnar Sigurðsson leikstýrði.

- sh, fgg



## Mest lesið VÍSIR

1. Anonymous ræðst á stærsta fíkniefnagengi Mexíkó
2. Sauðfé er gáfaðra en áður var talið
3. María Lilja ætlar að svara Davíð í hádeginu
4. Fullur ökumaður í stórsvigi niður Kambana
5. Fíkniefnasendingin tekin í Straumsvík


OPIÐ 24 TÍMA

Opið allan sólarhringinn í Skeifunni

Office1

Fylgdu okkur á facebook

Dúkkuhúsið



Í tilefni af 2 ára afmæli verslunarinnar verður **25% afsláttur** af öllum vörum 2.-5.nóv.

Einn heppinn viðskiptavinur vinnur flug fyrir tvo til New York með **Iceland Express**

Opið til 20:00 dagana 2-4.nóv.
Opið til 17:00 laugardaginn 5.nóv.

Dúkkuhúsið ★ Vatnsstígur 3 ★ 101 Reykjavík ★ Sími 5170044